

TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • APRÍL 2015



Aflvaki breytinga

Fyrir nærri aldarfjórðungi hófst á Íslandi tímabil þar sem leitast var við að bæta stjórnsýsluna í landinu og búa rekstri hins opinbera nýja umgjörð. Nýskipan í ríkisrekstri var sú stefna nefnd þar sem meðal annars var áhersla lögð á að verkefni sem ekki þyrftu að vera á hendi ríkisins yrðu falin öðrum. Sömuleiðis voru gerðar umbætur á lagaumhverfinu með lögum um stjórnsýslu hins opinbera. Stjórnarráðið, einkum forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið, hlutaðist til um leiðbeiningarstarf um bættu stjórnsýslu. Var þannig hrundið af stað fræðslustarfi meðal starfsmanna ríkisins um mikilvægi þess að stjórnsýslan færi eftir þeim meginreglum sem leiddar höfðu verið í lög. Embætti umboðsmanns Alþingis hafði verið stofnað skömmu áður og smám saman breyttust starfshættir eftir því sem fleiri voru áttaðir á nauðsyn þess að endurmat á verkferlum færi fram og að meginhlutverk stjórnsýslunnar væri að þjónusta borgarana. Stjórnsýslulög nr. 37/1993 urðu jafnframt aflvaki þeirra breytinga sem að var stefnt.

Um svipað leyti hófst undirbúningur að breyttri stjórnsýslu ríkisskattstjóra þar sem stefnt var að því að útbúa skattframtal á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga fyrir þorra framteljenda, launþega og aðra þar sem ekki reyndi á flóknar lagatúlkanir. Horft var til nágrannalanda okkar hvað þetta varðar, einkum Dana, sem höfðu umtalsvert forskot á aðrar þjóðir á þessum tíma. Stærsta skrefið var tekið þegar rafræn skattskil einstaklinga hófust fyrir hálfum öðrum áratug. Voru framteljendum þá birtar þær upplýsingar sem fyrir hendi voru í gagnagrunnum ríkisskattstjóra. Á árum áður var útfylling framtals einstaklinga oft á tíðum flókin og kallaði á margþætta gagnaöflun. Umstangið við slíkan framtalsmáta, að færa gögn handvirkt af rafrænu formi inn á framtal, var mikið og villuhætta augljós. Með aukinni áritun fjárhagsupplýsinga urðu framtölin smám saman fullkomnari og framtalsgerð almennt auðveldari.

Stórum áfanga var náð þegar upplýsingar um bankainnstæður og síðar skuldir voru færðar inn á framtöl í fyrsta skipti árið 2009.

Hin aukna þjónusta ríkisskattstjóra er felst í því að gera gögn aðgengilegri léttir mjög undir með framteljendum og með rafrænum upplýsingum verða forsendur álagningar sífellt traustari. Skilvirkni rafrænna framtalskila byggist eðli máls samkvæmt á því að skil á upplýsingum séu í samræmi við lög og gögnin sjálf áreiðanleg. Gott samstarf við launagreiðendur, fjármálastofnanir og aðra aðila hefur lagt grunn að einfölduðum og skilvirkum skattskilum. Á undanförnum árum hefur tekist að auka þjónustustigið umtalsvert og fækka áætlunum og markvisst er stefnt að því að eldri framtalsmáti heyri sögunni til.

Ríkisskattstjóri hefur á undanförnum árum sett sér ný og krefjandi markmið um að auka enn þjónustu við viðskiptamenn sína og stuðla þannig að því að bæta almenn skattskil og skilvirkni við úrlausnir mála. Slíkt verður árangursríkast með því að auka vægi rafrænnar stjórnsýslu og nýta til fullnustu þær upplýsingar og tæknilausnir sem tiltækar eru á hverjum tíma. Með rafrænum framtölum var lagður grunnur að nýrri tegund þjónustu við borgara þessa lands, sem geta nú rekið flest erindi sín í gegnum heimilistölvuna. Öryggi gagna varð margfalt frá því sem áður var og beinn og óbeinn sparnaður fylgdi því að létta umstang fyrri framkvæmdar.

Nýr tónn var svo sleginn fyrir ári síðan þegar ríkisskattstjóra var falin umsjón með framkvæmd á leiðréttingu höfuðstóls verðtryggðra fasteignaveðlana ásamt ráðstöfun séreignarsparnaðar. Þær aðferðir sem lagðar voru til grundvallar við framkvæmd Leiðréttingarinnar gerðu það að verkum að verkefnið varð mikið frumkvöðlastarfar þar sem lög mæltu fyrir um að allt umsóknar-, birtingar-

TÍUND

APRÍL 2015 - BLAÐ NR. 68

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldóra Viðarsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

Forsíðumynd er úr afgangi
ríkisskattstjóra á Laugavegi 166.



og samþykktarferlið skyldi vera rafrænt. Verkefnið er nú á lokametrunum en þegar er orðið ljóst að verkefnisstjórn Leiðréttingarinnar og löggjafarvaldið hafa unnið mikið og merkilegt þróunarstarf með því að ákveða að öll stjórnsýsla verkefnisins skyldi vera rafræn, þar með talið undirritun samþykktra niðurstaðna með rafrænum skilríkjum.

Með rafrænni stjórnsýslu við framkvæmd Leiðréttingarinnar tókst ríkisskattstjóra að taka við umsóknum, vinna úr þeim og skila niðurstöðum í gríðarlegum fjölda mála á ótrúlega stuttum tíma. Virða þurfti málsmeðferðarreglur enda ljóst að málafjöldi réttlætir ekki lakari kröfur til rökstuðnings og mikilvægt er að gætt sé að sjónarmiðum borgaranna eftir því sem stjórnsýslulög bjóða. Með þessari nýju nálgun og breyttum áherslum í leiðbeiningagerð, þar sem myndbönd eru notuð í auknum mæli, hafa samskiptin við viðskiptavinum einnig breyst. Þar hefur reynst unnt að veita miklum fjölda fyrirspyrjenda svör við einföldum spurningum á skilvirkan hátt.

Reynslan af stjórnsýslu Leiðréttingarinnar gefur skýr fyrirheit um að áfram skuli halda við rafvæðingu skattskila og eftir atvikum annarra samskipta við framteljendur. Ríkisskattstjóri telur að samskipti við borgarana á pappír muni heyra sögunni til á komandi árum og í stað þeirra fari erindi og fyrirspurnir í gegnum rafræn pósthólf eða þjónustusiður og afgreiðsla verði þannig skjótari, skilvirkari og öruggari. Íslendingar eru hættir að skrifa sendibréf sín í milli og hafa rafræn samskipti á einu eða öðru formi tekið yfir. Breyttur samskiptamáti einn og sér getur leitt til þess að fleiri erindi berist en áður. Að því leyti getur rafræn stjórnsýsla kallað á meiri samskipti, enda er verið að auðvelda borgurunum að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Umbætur í opinberri stjórnsýslu eru viðvarandi verkefni. Framundan eru nýjar víddir með tilkomu rafrænna skilríkja þar sem enn er lagt af stað með nýjung í framþróun rafrænna samskipta. Áfram þarf að halda á braut rafrænnar



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

stjórnsýslu til þess að bæta getu íslenska ríkisins til meiri árangurs og afkasta en áður hefur verið. Leiðin til þess er að gera stjórnsýsluna að fullu rafræna og nýta möguleika til rafrænnar undirritunar skjala í auknum mæli. Auðkenning þarf að vera án nokkurs vafa og sú er raunin þegar notuð eru rafræn skilríki. Sama gildir ekki um veflykilinn sem var barn síns tíma og því orðin úrelt lausn. Mikið starf er þó enn óunnið og stefnt er að því að beina stjórnsýslu ríkisskattstjóra inn á braut rafrænna lausna í enn ríkari mæli.

Kjarni málsins er sá að á komandi misserum er enn eitt tækifærið til að kollvarpa því sem eimir eftir af gömlum vinnubrögðum og til að horfa til hagkvæmni fyrir borgarana, tilgangsins með stjórnsýslulögunum og auka skilvirkni stofnana svo unnt verði að bæta og styrkja íslenska stjórnsýslu landsmönnum til hagsbóta. Sé það gert með skipulegum hætti í samstarfi ráðuneyta og hlutaðeigandi stofnana mun það án efa leiða af sér stórstígar framfarir á flestum þeim sviðum samfélagsins sem byggja á örugum og skjótum samskiptum manna í milli.

Leiðarinn	2
Samþykki Leiðréttingar	4
„Veldur hver á heldur“	8
Rafrænt Eistland	12
Aukin og bætt þjónusta RSK	18
Breytingar á skattalegri stöðu við gjaldþrot	22
Persónuafsláttur, staðgreiðsla og tryggingagjald	26
Bandarísk sendinefnd fundar vegna FATCA	28
Skattbyrði fjölskyldna	32

Marghátuð þjónusta RSK	34
Rétt skráning lykilatriði	38
Atvinnurekstur 2013	40
Stöðvun ólöglegs atvinnurekstrar	52
Skattlagning listamanna	54
Bindandi álit	57
Úrskurðir yfirséðanefndar	58
Dómareifanir	60
Lokaorðið	70



Samþykki ráðstöfunar leiðréttingarfjárhæðar inn á fasteignaveðlán

Lokaskrefið sem umsækjendur um höfuðstólslækkun húsnæðislána þurfa að taka áður en markmiðinu með umsóknum þeirra er náð er að samþykkja birtar niðurstöður umsókna sinna og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar. Þann 23. desember 2014 voru niðurstöður flestra umsækjenda tilbúnar til samþykktar en gerð er krafa um að samþykki sé veitt með rafrænni undirritun sem framkvæma skuli með rafrænum skilríkjum.



Helga Valborg Steinarsdóttir
verkefnisstjóri á aðalskrifstofu

Framkvæmd laga nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana, er ætlað að breyta til batnaðar skuldastöðu þeirra íslensku heimila sem þola máttu svo miklar hækkanir á verðbótum og höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána árin 2008 - 2009 að talið er að ekki hefði mátt vænta slíkrar þróunar. Með lögunum var einstaklingum er einhvern hluta forsendutímabilsins skulduðu hérlandis verðtryggð fasteignaveðlán til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota gefinn kostur á að sækja um sérstaka höfuðstólslækkun húsnæðislána. Markmiðið var að bæta stöðu þessara aðila með þeim hætti að höfuðstóll húsnæðislána þeirra færðist nær því horfi sem raunin hefði orðið í eðlilegra árferði. Skuldi viðkomandi ekki lengur fasteignaveðlán fá þeir sérstakan viðbótarpersónuafslátt er nemur þeirri fjárhæð sem annars hefði komið til lækkunar húsnæðisláni.

Eins og kunnugt er orðið var ríkisskattstjóra falin framkvæmd þeirra aðgerða sem að framan greinir og hefur umsýsla þeim tengd krafist vinnuframlags frá embættinu í slíkum mæli að fjölmörg önnur verkefni hafa mátt sitja á hakanum síðan snemma árs 2014. En þó að vinna ríkisskattstjóra við undirbúning þessa umfangsmikla starfa hafi hafist fyrir heilu ári þá snerti framkvæmdin ekki almenna borgara fyrr en við opnun umsókna um höfuðstólsleiðréttingu á grundvelli laga nr. 35/2014, nánar tiltekið þann 18. maí 2014.

Umsóknarfrestur var til og með 1. september 2014, í samræmi við 4. gr. laganna, og sendu rúmlega 105.000 einstaklingar inn umsókn í gegnum umsóknarvefinn leiðrétting.is en umsóknarferlið var rafrænt rétt eins og málsmeðferðin öll. Hófast þá starfsmenn ríkisskattstjóra handa við úrvinnslu umsókna og var allt kapp lagt á að niðurstöður sem flestra yrðu tilbúnar sem fyrst, enda umtalsverðir hagsmunir í húfi fyrir lántakendur. Það var síðan aðfaranótt 11. nóvember 2014 sem niðurstöður rúmlega 90.000 einstaklinga, eða 90,2% umsækjenda, voru birtar á heimasvæðum þeirra á leiðrétting.is. Var þá enn ólokið úrvinnslu umsókna um 15.000 umsækjenda, en á þeim tíma sem liðinn er síðan þá hafa 11.000 þeirra fengið niðurstöður sínar birtar. Undanfarnar vikur hefur verið unnið viðstöðulaust að birtingu þeirra niðurstaðna sem vegna margvíslegra álitamála tóku lengri tíma í afgreiðslu en ella. Þá var á sama tíma sinnt undirbúningi að og hafin framkvæmd síðasta fasa leiðréttingarverkefnisins að því leyti er varðar höfuðstólslækkun samkvæmt lögum nr. 35/2014.

Samþykktarferlið

Lokaskrefið sem umsækjendur um höfuðstólslækkun húsnæðislána þurfa að taka áður en markmiðinu með umsóknum þeirra er náð er að samþykkja birtar niðurstöður umsókna sinna og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar - í þeim



Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir er sviðsstjóri höfuðstólsleiðréttinga og hefur borið hitann og þungann af daglegri framkvæmd Leiðréttingarinnar.

tilvikum þar sem réttur til leiðréttingar er til staðar og upphæð er að lágmarki 20.000 kr. Niðurstöðurnar sýna yfirlit yfir útreiknaða leiðréttingu húsnæðislána, og sé um að ræða fleiri en eitt lán birtist sundurliðun heildarniðurstöðu að því er varðar hvert og eitt lán. Þá kemur fram hvernig frádráttarliðir, s.s. sérstök vaxtaníðurgreiðsla og 110%-leiðin, hafa áhrif á niðurstöður útreiknings. Ennfremur birtast upplýsingar um veðröð veðlana viðkomandi umsækjanda og inn á hvaða lán leiðréttingarfjárhæð verði ráðstafað í samræmi við lögbundna greiðsluröð.

Þegar birtingar hófust þann 11. nóvember 2014 gátu umsækjendur ekki samþykkt niðurstöður sínar þar sem fjölmörg tæknileg mál tengd samþykktarferlinu voru enn óleyst, er hvort tveggja lutu að umsóknarvefnum og umsóknarkerfinu sem ríkisskattstjóri vinnur í á bak við tjöldin. Þá lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar frá lánveitendum fyrir umsækjendur til að taka afstöðu til, s.s. varðandi veðraðir. Ennfremur reyndust kerfi lánveitenda í einhverjum tilvikum ekki tilbúin til að framkvæma þær breytingar á lánum umsækjenda sem gera þurfti. Að morgni Þorláksmessu, þann 23. desember 2014, gat stærsti hluti umsækjenda, þ.e. um 94.300 manns, samþykkt niðurstöður umsókna sinna og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar inn á fasteignaveðlán.

Umsækjanda er veittur þriggja mánaða frestur til samþykkis frá og með þeim degi sem honum var kleift að samþykkja niðurstöður sínar. Sé umsækjandi sannfærður um að allar þær upplýsingar sem liggja til grundvallar útreikningi og ákvörðun ríkisskattstjóra um ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar séu réttar og fullnægjandi, þá smellir hann á hnapp og veitir með því upplýst samþykki til ráðstöfunar í samræmi við fyrirliggjandi niðurstöður. Að veittu slíku samþykki sínu hefur umsækjandi ennfremur staðfest

gildi tiltekinna fyrirvara við niðurstöður og framkvæmd leiðréttingarinnar er fram koma á sömu vefsíðu.

Þegar umsækjandi hefur samþykkt niðurstöður umsóknar sinnar berast boð þar að lútandi til lánveitanda. Viðkomandi fjármálastofnun skiptir þá upp húsnæðisláni umsækjanda í annars vegar frumhluta og hins vegar leiðréttingarhluta er nemur leiðréttingarfjárhæð umsækjanda, en frumhlutinn er lægri sem því nemur. Að baki báðum hlutum lánsins liggur sama skuldabréfið. en greiðandi að leiðréttingar-

Tölulegar upplýsingar

Í gegnum þjónustuvefinn hafa

- 69 þúsund** umsóknir borist um höfuðstólsleiðréttingu frá 105 þúsund einstaklingum
- 33 þúsund** umsóknir borist um séreignarsparnað
- 45 þúsund** athugasemdir borist ríkisskattstjóra
- 54 þúsund** umsóknir um Leiðréttingu verið samþykktar fyrir 83 þúsund einstaklinga
 - þar af 52.500 með rafrænum skilríkjum eða 97%
- 432 þúsund** skilaboð verið birt

Ríkisskattstjóri hefur sent

- 19 þúsund** tölvupósta

Auk þess hafa borist

- 57 þúsund** símtöl
- 23 þúsund** tölvupóstar
- 8 þúsund** heimsóknir í afgreiðslur embættisins



Lóa Ólafsdóttir aðstoðar viðskiptavin Leiðréttingarinnar símleiðis.

hlutanum er íslenska ríkið sem greiðir strax 75% af áhvílandi skuld. 25% upphæðarinnar munu síðan greiðast í byrjun árs 2016. Umsækjandi ber ekki vexti eða verðbætur af leiðréttingarhluta lánsins heldur einungis af frumhlutanum sem hann er skráður greiðandi að, og skilar lækkun höfuðstóls sér í lægri greiðslubyrði umsækjanda. Í þeim tilvikum þar sem leiðréttingarfjárhæð umsækjanda myndar sérstakan persónuafslátt kemur sú upphæð til ráðstöfunar við álagningu næstu fjögur ár, frá og með álagningu 2015.

Eðlilega biðu því margir þeirra umsækjenda sem fengið höfðu birtingu niðurstaðna sinna óþreyjufullir eftir því að geta samþykkt ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar og notið góðs af áhrifum þess að fasteignaveðlán þeirra lækkuðu að einhverju marki. Daginn sem opnað var fyrir samþykktarferli bárust 320 símtöl í þjónustusíma leiðréttingarinnar og næsta virka dag, þann 29. desember, bárust 1.209 símtöl, en fjöldi símtala í desembermánuði var 6.574. Tölvupóstar sem bárust á netfangið adstod@leidretting.is eða voru þaðan sendir voru 1.099 frá og með 23. desember og til áramóta, og 269 manns sóttu aðstoð í nærþjónustu á Laugavegi 166 þá þrjá virku daga sem á tímabilið féllu. Ötröðin hélt áfram í upphafi árs 2015 enda bættust sífellt fleiri í þann hóp

er fengið hafði birtar niðurstöður. Voru símtöl í janúar vegna leiðréttingarinnar 8.201, 5.727 tölvupóstar fóru milli umsækjenda og starfsfólks ríkisskattstjóra og 901 einstaklingur leitaði aðstoðar í afgreiðslu ríkisskattstjóra á Laugavegi 166. Strax 23. desember samþykktu 7.070 umsækjendur niðurstöður sínar og áður en árið var liðið höfðu 28.087 umsækjendur samþykkt. Það sem af er árinu 2015 hafa 55.548 umsækjendur samþykkt niðurstöður sínar. Framkvæmd ráðstöfunar, þ.e. uppskipting lána og greiðsla ríkissjóðs af leiðréttingarhluta lánsins, hefur farið fram í 82.525 tilvikum og alls verið ráðstafað 72,7 milljörðum úr ríkissjóði til þessa.

Tafir á samþykktarferli – athugasemdir við ráðstöfun og kærur til úrskurðarnefndar

Hafi umsækjandi vitneskju um að réttlæiki upplýsinganna sem birtast varðandi forsendur ákvörðunar um leiðréttingarfjárhæð sé ekki sem skyldi, eða að ekki sé tekið fullnægjandi tillit til einhverra atriða er áhrif hafa á ákvörðun um niðurstöður og ráðstöfun, þá ber honum að samþykkja ekki að svo komnu máli. Þess í stað skyldi umsækjandi annað hvort gera athugasemd til ríkisskattstjóra, telji hann að ákvörðuð leiðrétting byggji á röngum upplýsingum, eða kæra niðurstöður

umsóknar til sérstakrar ráðherraskipaðrar úrskurðarnefndar telji hann aðferðir við útreikning á leiðréttingarfjárhæð eða framkvæmd leiðréttingarinnar vera ranga.

Hefur fjöldi athugasemda og kæra orðið mun minni en í upphafi var talið að yrði raunin. Síðan fyrstu niðurstöður voru birtar þann 11. nóvember 2014 hafa borist 428 kærur til úrskurðarnefndar. Hefur úrvinnsla þeirra athugasemda sem embættinu hafa borist við niðurstöður umsókna um leiðréttingu staðið yfir undanfarnar vikur og hóf úrskurðarnefndin form- og efnislega vinnu einstakra mála þann 23. janúar sl.

Slíkar athugasemdir eða kærur fresta framkvæmd leiðréttingarinnar og getur umsækjandi ekki samþykkt niðurstöður sínar fyrr en ríkisskattstjóri, eða eftir atvikum úrskurðarnefndin, hefur tekið afstöðu til þeirra ábendinga sem komið hafa fram í málinu.

Endurbirtingar

Tafir á samþykktarferli geta einnig komið til af öðrum orsökum, s.s. vegna þess að ráðstöfun þarf að verða með tilteknum hætti sem flókið og tímafrekt hefur reynst að leysa tæknilega, en sem dæmi má nefna ráðstöfun inn á veð er glatast hafa í kjölfar nauðungarsölu. Einnig hefur komið fyrir að lánveitendur

átta sig á mistökum við upphaflegan útreikning leiðréttingarfjárhæðar og þá þarf að endurbirta leiðréttingarfjárhæð til hækkunar eða lækkunar, t.d. með hliðsjón af hlut sameiganda eða maka, eða þar sem upplýsingum um niðurfærslur var ábótavant. Eðlilega er umsækjanda óklegt að samþykkja rangar niðurstöður en í þeim tilvikum þar sem breyting verður til lækkunar leiðréttingarfjárhæðar tekur endurbirting enn fremur lengri tíma en ella þar sem boða þarf umsækjanda fyrirhugaða breytingu, veita andmælarétt og með öðrum hætti uppfylla kröfur stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um endurákvæðanir af hálfu stjórnvalds. Verði töf á samþykktarferli, hvort heldur er vegna athugasemda eða kæru, sbr. umfjöllun hér að framan, eða vegna annarra ástæðna, telst samþykktarrestur þrír mánuðir frá þeim degi er niðurstaða liggur fyrir í hverju máli.

Samþykki með rafrænni undirritun

Þar sem ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar felur í sér fjármálagjöfning er hefur áhrif á skuldastöðu umsækjanda er nauðsynlegt að gera kröfu um að við samþykki hennar auðkenni umsækjandi sig svo óyggjandi sé. Í 4. gr. reglugerðar nr. 990/2014 kemur fram sú krafa að umsækjandi veiti samþykki sitt með rafrænni undirritun sem framkvæma skuli með rafrænum skilríkjum. Hægt er að nota rafræn skilríki á sim-kortum farsíma, á debetkortum eða á svokölluðum einkaskilríkjum í tilvikum þar sem einstaklingur getur hvorki nýtt sér skilríki á farsíma né debetkorti. Reglugerð nr. 990/2014 heimilur ríkisskattstjóra að veita undanþágu frá framangreindri kröfu undir ákveðnum kringumstæðum, en ríkisskattstjóri skal þá tryggja að samþykki niðurstaðna og ráðstöfunar verði með óyggjandi hætti rakið til umsækjanda. Af þeim sem samþykkt hafa niðurstöður og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar hafa 89% gert það með rafrænum skilríkjum á farsíma, 8% notað rafræn skilríki á korti, þ.e. debetkorti eða einkaskilríki, og 3% með sérstaklega styrktum veflykli í kjölfar veittrar undanþágu frá hinni almennu kröfu.

Ráðstöfun séreignarsparnaðar og frekari verkefni

Undanfarnar vikur og mánuði hefur ríkisskattstjóri enn fremur haldið áfram að sinna framkvæmd ráðstöfunar séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána en nú hafa 33.210 slíkar umsóknir borist. Umtalsverðri vinnu hefur enn fremur

verið varið í afgreiðslu skatterinda er til koma þegar umsækjendur óska þess að ráðstafað verði inn á húsnæðislán sem ekki var til staðar á skattframtali 2014. Þá þarf að meta hvort hið nýja lán uppfylli skilyrði laga nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, þ.e. skilyrði um að vaxtagjöld af láninu myndi stofn til útreiknings vaxtabóta.

fremur að viðkomandi sé nú þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Ríkisskattstjóri hefur einnig á síðustu vikum unnið að þeim breytingum sem gera þarf við álagningu einstaklinga 2015 er leiða af leiðréttingarverkefninu. Er annars vegar um að ræða ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar sem sérstaks viðbótarpersónuafsláttar og hins vegar eftirlit með því að nýting á séreignarið-

”

Af þeim sem samþykkt hafa niðurstöður og ráðstöfun leiðréttingarfjárhæðar hafa 89% gert það með rafrænum skilríkjum á farsíma

Þá var þann 11. febrúar sl. opnað fyrir umsóknir um greiðslu séreignarsparnaðar til kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota er fjármagnað er með fasteignaveðláni. Þrátt fyrir að heimild til að nýta iðgjaldagreiðslur nái aðeins aftur til 1. júlí 2014 hafa þegar borist 110 umsóknir um slíka úttekt. Gerð er krafa um að umsækjandi sé ekki eigandi að íbúðarhúsnæði til eigin nota á þeim tíma sem iðgjaldið er greitt. Þurfa gögn með umsókn að endurspegla það og enn-

gjöldum til greiðslu inn á fasteignaveðlán eða til húsnæðissparnaðar fari ekki yfir fjárhæðarmörk laga nr. 40/2014 ella komi til skattlagning. Er þetta mögulega eini hluti hins margslungna leiðréttingarverkefnis sem kalla mætti samkynja hefðbundnum lögboðnum verkefnum embættisins. Undanfarið hafa þau verkefni, þ.e. umsókn og eftirlit með álagningu skatta og gjalda, átt undir talsvert högg að sækja sökum anna við þá framkvæmd er hér hefur verið til umfjöllunar. ■



Ástríður Þórey Jónsdóttir við störf.

„Veldur hver á heldur“

Sameining skattyfirvalda 2009
var mikið átakaverkefni

Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins á starfsmannafundi RSK 18. desember 2009.

Starfsmannafundir RSK 2009 og 2014

Eftir skamman aðdraganda var sameining níu embætta skattstjóra landsins og ríkisskattstjóra í fullum undirbúningi á seinni hluta ársins 2009. Hinn 18. desember það ár var haldinn sameiginlegur fundur allra starfsmanna hinna níu skattstjóra og ríkisskattstjóra til að ræða áformaða sameiningu. Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu var aðalræðumaður þess fundar enda hafði hann verið formaður starfshóps um sameininguna, leitt undirbúningsstarfið og borið hitann og þungann af verkefninu, en langur vegur var frá að allir væru sammála um ágæti þess. Á fundinum 2009 hvatti hann starfsmenn til að takast á við þær breytingar sem af sameiningunni leiddu og notaði þá orðatiltækið „veldur hver á heldur“.

Frumvarpið kom til atkvæðagreiðslu hjá Alþingi meðan á starfsmannafundinum stóð og lauk atkvæðagreiðslunni þannig að frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi. Til fundarins fyrir fimm árum komu því starfsmenn frá 10 stofnunum en gengu þeir af fundi sem starfsmenn einnar stofnunar.

Fimmtudaginn 18. desember 2014 komu allir starfsmenn ríkisskattstjóra saman á jólafundi sem haldinn hefur verið árlega frá sameiningarfundinum 2009. Tilgangur fundarins nú var m.a. að fara yfir ýmis verkefni sem lágu fyrir en einnig að fagna því að nýtt, sameinað embætti hafði starfað í fimm ár. Miklar breytingar hafa orðið á þeim árum, bæði á vinnustaðnum og einnig þeim verkefnum sem þar eru unnin. Fundartími var að þessu sinni styttri en oft áður vegna óvenju mikilla anna í tengslum við birtingu niðurstaðna Leiðréttingarinnar. Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri setti fundinn og fór yfir verkefnin framundan og bauð síðan sérstaklega velkomin þau Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Tryggva Þór Herbertsson verkefnisstjóra Leiðréttingarinnar og Öldu Sigurðardóttur stjórnunarráðgjafa. Hvert þeirra um sig hélt erindi og fjölluðu öll um samskipti sín við RSK. Miklar breytingar hafa orðið í framkvæmd stjórnsýslu RSK á undanförunum árum og störf almennra starfsmanna eru nú allt önnur en þau voru. Raunar er það um-

”

Stjórnsýslan væri nú mun betri, kostnaður hefði lækkað og markmið um samræmingu framkvæmdarinnar hefðu gengið eftir

hugsunarefni að starfsmenn skattfyrvalda skyldu aldrei hafa hist á þeim 47 árum sem embættin höfðu starfað fyrir en á fundinum 2009.

Á fundinum 2014 rifjaði Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri upp tímann fyrir fimm árum og hinn skamma aðdraganda sem var að sameiningu embætta skattstjóra og ríkisskattstjóra. Sömuleiðis ræddi Guðmundur um hversu mikla áherslu hann hefði lagt á að verkefnið tækist vel og að starfsmenn hins nýja sameinaða embættis ynnu að því af fagmennsku og eindrægni að sameiningin yrði farsæl. Guðmundur sagði að í eðli sínu væri sameiningarferli stofnana



Soffía Pétursdóttir, Vigdís Álfheiður Stefánsdóttir, Birgitta Arngrímsdóttir og Kristjana Pálsdóttir.



Tryggvi Þór Herbertsson verkefnisstjóri Leiðréttingarinnar ávarpaði fundinn og leiddi afmælissöng sameinaðs embættis.



Starfsmenn ríkisskattstjóra fylgdust með fyrirlestrum af áhuga.

krefjandi þar sem að mikið reyndi á alla þá sem í slíku stæðu. Því hefði hann á þessum tíma lagt ríka áherslu á almenna hvatningu og einnig að hver starfsmaður hefði hlutverk í þessu samhengi. Minntist hann þess að hann hefði fyrir fimm árum eggjað starfsmenn RSK til að leggja sig alla fram og áréttað mikilvægi þess að hver og einn legði sitt af mörkum. Tilgangur þess hefði verið að minna hópinn á að afdrif mála ráðist m.a. af þeirri alúð sem í þau sé lögð. Taldi Guðmundur að það færi ekki á milli mála að starfsmenn RSK hefðu lagt sig fram um að sameiningin gengi vel eftir og þeir tekið áskorun hans með jákvæðum og yfirveguðum hætti. Skipulagning og umsjón með sameiningunni ásamt ómetanlegum þætti starfsmanna hefðu þarna ráðið úrslitum. Niðurstaðan lægi fyrir; stjórnsýslan væri nú mun betri, kostnaður hefði lækkað og markmið um samræmingu framkvæmdarinnar hefðu gengið eftir. Engum starfsmönnum hefði verið sagt upp heldur hefði fækkun þeirra orðið í gegnum hefðbundna starfsmannaveltu. Óskaði Guðmundur starfsmönnum til hamingju með árangurinn sem hann sagði vera sögulegan í þessu samhengi.

Tryggvi Þór Herbertsson verkefnisstjóri Leiðréttingarinnar ræddi um það verkefni sem undanfarið hefur átt hug og hjarta mikils fjölda starfsmanna RSK.

”

Í eðli sínu væri sameiningarferli stofnana krefjandi þar sem reyndi mikið á alla þá sem í slíku stæðu

Engum blöðum væri um það að fletta að árangur RSK af vinnu sinni hefði verið mikill og hefði það ráðið úrslitum um að verkefnið á heildina hefði tekist farsælega. Leiddi Tryggvi Þór svo fjöldasöng starfsmanna í tilefni dagsins og komu jólahátíðarinnar.

Alda Sigurðardóttir stjórnunarráðgjafi fjallaði um reynslu sína af því að vinna með RSK. Taldi Alda það vera sérlega eftirtektarvert hversu mikil áhersla væri á það innan stofnunarinnar að starfsmönnum liði vel við störf sín og að mál væru leyst af fagmennsku og með jákvæðni að leiðarljósi. Taldi hún að RSK væri í fremstu röð og sagði að fyrir sig hefði verið lærdómsríkt að fylgjast með þróun stofnunarinnar, einkum hvað þjónustuhlutverkið varðaði. ■



Alda Sigurðardóttir stjórnunarráðgjafi ræddi um samskipti sín við RSK.

Rafrænt Eistland

Síðustu ár hefur Eistland verið í fararbroddi í rafrænum skilríkjum og innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu. Í ljósi þess fékk Tíund dr. Jón Þór Þórhallsson, sem hefur mikla reynslu á sviði rafrænnar þjónustu, til að ræða við Kalev Pihl framkvæmdastjóra Auðkennismiðstöðvar Eistlands og spyrja hann hver sé leiðin að svo farsælli braut sem Eistlandi hefur auðnast að komast á.



Dr. Jón Þór Þórhallsson
starfar sem ráðgjafi RSK í tæknimálum
en var áður forstjóri Skýrr um árabil

Hver er Kalev Pihl?

Ég hef verið framkvæmdarstjóri Sertífítseerimiskeskus (SK) eða Auðkennismiðstöðvar Eistlands í nær sjö ár. SK er einkafyrirtæki og eigendur þess eru Telia Sonera, Swedbank og SEB Bank. Við veitum trausta þjónustu í auðkenningarmálum og felur það í sér auðkenningarþjónustu fyrir rafræn skilríki á farsíma. Áður en ég hóf störf þar hafði ég unnið hjá Microsoft í Eistlandi í tvö ár, í sex ár hjá Swedbank og þar áður hjá Ríkisborgara- og innflytjendastofnun Eistlands, sem í dag heyrir undir Lögreglu- og landamæraráð Eistlands. Hjá Ríkisborgara- og innflytjendastofnuninni var ég verkefnsstjóri hönnunar rafrænna

við háskóla – síðustu níu árin hef ég kennt við Eistneska Upplýsingatækniháskólann. Ég er menntaður kennari í gagnatækni og með háskólapróf í stærðfræði.

Hefur það einhvern tíma vakið upp spurningar um traust almennings að SK sé einkarekið fyrirtæki, en ekki í ríkiseigu? Stundum treystir fólk síður einkafyrirtækjum þar sem þau eru rekin í hagnaðarskyni.

Nei, það hefur aldrei verið vandamál. Bönkunum sem eru eigendur fyrirtækisins er annnt um orðspor sitt og þar er traust grundvallaratriði. Eigendurnir láta sig orðstír sinn meiru varða en hagnaðinn.

Ræðum almennt um rafræna opinbera þjónustu og stöðu hennar í Eistlandi. Hversu margir eiga þegar rafræn skilríki í Eistlandi?

Við fáum iðulega spurningar varðandi hversu margar tegundir rafrænnar þjónustu standa eistneskum borgurum til boða. Ég bendi á að í Eistlandi erum við hættir slíkri „talningu“ en það eru mörg ár síðan við áttuðum okkur á því að það er nánast ekkert sem ekki er hægt að framkvæma yfir internetið (reynðar geturðu ekki enn gift þig á internetinu en það er bara aukaatriði). Við einbeitum okkur nú að því að fækka fjölda rafrænna þjónustutegunda og styrkja þær sem eftir standa þannig að fólk þurfi yfir höfuð ekkert, eða sem allra minnst, að aðhafast til að njóta góðs af slíku í sínu daglega lífi.

”

Það eru mörg ár síðan við áttuðum okkur á því að það er nánast ekkert sem ekki er hægt að framkvæma yfir internetið

skilríkja á kortum. Hjá Swedbank tengdist starf mitt öryggi auðkenninga og rafrænna undirritana í jafnmiklum mæli og það snerist um bankamálin sjálf. Ég var enn fremur hluti af teyminu sem vann að því að setja á fót SK, fyrirtækið sem ég stýri í dag. Samhliða þeim ýmsu stöðum sem ég hef gegnt á hverjum tíma hef ég í gegnum árin alltaf sinnt aukastarfi sem fyrirlesari



Kalev Pihl framkvæmdastjóri Auðkennismiðstöðvar Eistlands.

Allir í Eistlandi eiga rafræn skilríki á korti sem gefið er út af ríkisstjórninni en ólíkt því sem gerist í mörgum öðrum löndum vitum við einnig hversu margir nota þessi skilríki. Það er um helmingur þjóðarinnar og sé miðað við stöðuna í fyrra gerir það rétt tæplega 0,6 milljónir af heildaríbúa-fjöldanum sem er 1,3 milljónir.

Útvega þyrfti öllum rafræn skilríki eða aðeins þeim sem óskuðu eftir slíku og á þeim tíma ákváðu stjórnmalaleiðtogar í Eistlandi að það væri skynsamlegt að allir ættu sjálfkrafa rétt á skilríkjunum. Rökin á bak við þessa ákvörðun eru að ef hugmyndin er að allir sinni sínum málum og viðskiptum á internetinu þá þurfi stjórn-

starfshæfni milli sterkra auðkennistækja og vandamálum notenda við að útbúa og muna fjölda mismunandi notendanafna og lykilorða.

Hvernig sérðu fyrir þér þróun rafrænna skilríkja í Eistlandi?

Við kynntum rafræn skilríki á farsíma árið 2007 og síðan 2011 hafa þau verið gefin út sem formleg og lögleyfd opinber skjöl. Þú færð SIM-kort sem styður rafræn skilríki hjá símafyrirtæki þínu og síðan sækir þú um rafrænt skilríki á farsíma á vefsíðu Lögreglu- og landamæraráðs. Umsóknarferlið er fullkomlega rafrænt og þú þarft auðkenniskort til að skrá þig inn og til að undirrita umsóknina. Rafræn skilríki á farsíma reiða sig þannig á rafræn skilríki á korti við útgáfu en eftir það eru þetta alveg aðskilin fyrirbæri.

Nú þegar alls kyns tegundir snjalltækja líta dagsins ljós munu gamaldags snjallkort ekki duga til. Við reiknum því með því að fjöldi notenda rafrænna skilríkja á farsíma muni hafa aukist úr rúmlega 50.000 upp í 300.000 árið 2017, eingöngu vegna þess að fleiri tegundir tækja koma til sögunnar. Á sama tíma hlökkum við til þess að styrkja rafræna skilríkjakortið svo að nota megji kortið án lesara í gegnum NFC tengibúnað. Þetta gæti brúað bilið milli nútíðar- og framtíðarumverfis en um leið viðhaldið núverandi öryggisstigi.

Í Eistlandi var rekið sérstakt prufuverkefni vegna greiðslna yfir NFC þar sem einn farsímanotandi gat átt í viðskiptum við mismunandi banka og haft mismunandi kort virkjuð. Mögulegt var að framkvæma greiðslur lágra fjárhæða án PIN-númers og þegar hámarksupphæð var náð þurfti PIN-númer við en engar aukatakmörkanir voru á eins og raunin er með hefðbundin bankakort. Ég var því með einn snjallsíma með sérstöku SIM-korti í stað þriggja hefðbundinna bankakorta í veskinu og naut um tíma hagræðisins af þessari tækni. Prufuverkefninu er nú lokið og tæknilega skilaði það tilætluðum árangri en þróa þarf viðskiptahliðina frekar.

Hvað með notkun rafrænna skilríkja yfir landamæri?

Það hefur verið mikil umræða um þessi efni, er enn og verður væntanlega áfram, en enn sem komið er þá er spurningin hvers konar tegundir þjónustu yfir landamæri þurfi rafrænna skilríkja við og þær eru ekki svo margar. Reyndar á ESB sér draum um einn stafrænan innri

”

Raunverulega er engin þörf fyrir samningsaðila til að koma saman að rafrænni undirritun; forsetar heims geta gert slíkt á meðan þeir borða morgunverð eða skokka

Hvað með rafræn skilríki á debetkortum? Íslenskir bankar hafa dreift slíkum kortum til langflestra viðskiptavina sinna en afar fáir nota þau. Kortalesarinn sem alltaf þarf að fylgja tölvunni virðist vera ásteytingarsteinn og ennfremur hugbúnaðurinn sem nauðsynlegt er að setja upp. Fyrir nokkrum árum hugleiddu íslensk stjórnvöld jafnvel að kaupa aðeins tölvur með innbyggðum kortalesurum. Hver er reynslan af þessu í Eistlandi?

Okkar reynsla er svipuð því sem þú lýsir. Svo lengi sem það er ekki eftirspurn eftir innbyggðum kortalesurum á heimsvísu þá munu stórir framleiðendur eins og HP og IBM ekki setja þá í sínar vélar. Apple, sem aðeins ræður yfir um 10% af eistneska markaðnum, hefur lýst yfir að þeir muni yfir höfuð ekki útvega kortalesara. Af þessu leiðir að finna þarf önnur úrræði.

Hvernig gekk innleiðing rafrænna skilríkja í Eistlandi? Lentuð þið í einhverjum sérstökum erfiðleikum eða vandræðum?

Við höfum raunar mætt miklum erfiðleikum frá upphafi verkefnisins og fram til dagsins í dag – þetta er aldrei auðvelt! En þegar öllu er á botninn hvolft hefur Eistum gengið vel að sætta sig við breytingar og að treysta hvort tveggja ríkis- og einkareknum stofnunum til þess að vinna sitt starf vel. Vissulega höfum við staðið okkur ágætlega í því að greina frá hugsanlegum ávinningi og leiðum til að lágmarka hugsanlega áhættu og svarað þannig gagnrýnisröddum, tækni-áhugamönnum og almenningi öllum. Upphaflega snerist umræðan um hvort

völd að gera öllum kleift að auðkenna sig með rafrænum hætti og slík rafræn auðkenning eigi ekki að vera forréttindi fyrir fáa aðila. Þetta er raunar að vissu leyti yfirfærsla á því sem gilt hefur í efnisheiminum yfir í hið rafræna umhverfi.

Hvaða lausnir reiddi Eistland sig á fyrir innleiðingu rafrænna skilríkja? Var um að ræða notendanöfn og lykilorð eða eitthvað af því tagi?

Flest kerfi sem studdust við auðkenningarþjónustur notuðust við bankainnskráningar þar sem auðkennislyklar voru allsráðandi. Í kerfum sem höfðu eigin auðkenningarleiðir var aðallega notast við notendanöfn og lykilorð. Slíkt er enn notað í margvíslegum tilvikum, en auðvitað aðeins þar sem ekki er raunveruleg þörf á traustri auðkenningu.

Hvað finnst þér um notendanöfn og lykilorð sem öryggisráðstafanir? Telurðu slíkar auðkenningarleiðir viðunandi eða úreltar?

Notendanöfn og lykilorð eru ekki úrelt. Þau ætti aðeins að nota við aðstæður þar sem greina þarf á milli mismunandi notenda en ekki skiptir öllu máli hverjir notendurnir eru eða jafnvel að þeim sé stundum blandað saman. Til lengri tíma lituð tel ég að lykilorð þurfi að líða undir lok og trúu því að kerfi rafrænna skilríkja í ríkjum heims og frumkvæði einkaaðila á borð við FIDO Alliance (Fast IDentity Online Alliance) muni leiða fólk í átt til betri framtíðar. Rétt er að taka fram að FIDO Alliance er samstarfsverkefni aðila á þessum vettvangi sem sett var af stað í febrúar 2013 til að taka á skorti á sam-



Þann 22. ágúst 1991 varð Ísland fyrst ríkja til að viðurkenna á ný sjálfstæði Eistlands og af því tilefni hlaut garðurinn fyrir framan utanríkisráðuneytið í Tallinn heitið Íslenski garðurinn.

markað en svo lengi sem við getum ekki borið kennsl á hvert annað á þeim markaði getur sá draumur ekki orðið að veruleika. Á hinn bóginn trúi ég því að við munum sjá fjölbreyttari þjónustu sem er hönnuð fyrir notkun innan ESB og einnig í auknum mæli samstarf í opinbera geiranum yfir landamæri en það leiðir til fjárhagslegrar hagkvæmni fyrir alla aðila.

Ný eIDAS reglugerð þrýstir klárlega á um frekari þróun af þessu tagi í ESB og ég hef miklar væntingar til þessa. eIDAS stendur fyrir electronic IDentification And Trust Services (Rafrænar auðkenningar- og öryggisþjónustur).

Reglugerðin mun gera námsmönnum kleift að skrá sig sem fjarnema í erlenda háskóla, borgurum að skila rafrænum skattframtölum í öðru ESB ríki og fyrirtækjum að taka með rafrænum hætti þátt í opinberum útboðum út um allt ESB-svæðið, svo nefndir séu nokkrir af hinum fjölmörgu nýju stafrænu öryggis-tengdu þjónustubáttum. Flest ríki hafa þegar sínar eigin öryggis- og auðkenningarþjónustur. Þessar þjónustur geta ekki alltaf haft samskipti og miðlað upplýsingum. Reglugerðin leitast við að gera slík samskipti möguleg um allt ESB og hinn rafræna innri markað. Í dag býður Eistland þegar auðkenningu frá mismun-

andi ríkjum og þetta skilar greinilegri hagkvæmni fyrir alþjóðlega viðskiptavini okkar. Við erum smám saman að auka framboðið í takt við auknar þarfir viðskiptavina okkar. Það eru einnig til staðar aðrar nýjar þjónustur, s.s. eSeal, eða stimpilþjónustur eins og við köllum þær í Eistlandi, sem kynntar eru af eIDAS og verði þær árangursríkar þá getur allt þetta í sameiningu haft áhrif á hagkerfi ESB. Rafrænn innri markaður boðar að stærð og staðsetning skipti ekki eins miklu máli og áður og það eru góðar fréttir fyrir lönd eins og Eistland og Ísland.

”

Rafrænn innri markaður
boðar að stærð og
staðsetning skipti ekki
eins miklu máli og áður
og það eru góðar fréttir
fyrir lönd eins og Eistland
og Ísland



Kalev Pihl.

**Rafræn skilríki á farsímum eru
sífelld að verða vinsælli – telur þú
þau vera framtíðarlausn eða er
eitthvað annað í pípunum?**

Í dag sjáum við tvo algjörlega ólíka markaðsstrauma fyrir rafræn skilríki á farsíma. Annars vegar er um að ræða að raunverulegar leynilegar upplýsingar vegna rafrænna skilríkja eru geymdar á netþjóni (e. server) einhvers staðar og svo eru lausnir þar sem leynilegar upplýsingar varðandi rafræn skilríki eru geymdar á SIM-kortinu, á vélbúnaði eða einhverju svipuðu. Við trúum staðfastlega á hið síðarnefnda og þó við skiljum að miðlun búnaðarins kosti talsverða fyrirhöfn þá er það mun tryggari lausn.

**Af hverju er miðlun búnaðarins
slík fyrirhöfn?**

Einstaklingur sem fær SIM-kort fyrir rafræn skilríki á farsíma þarf að sækja það í

eigin persónu og sanna á sér deili. Þannig getum við krafist einhverrar rafrænnar eða efnislegrar viðbótarstaðfestingar fyrir útgáfu virks rafræns skilríkis á farsíma. Fyrir lítil lönd eins og Eistland og Ísland er þetta kannski ekki mikið vandamál og vel viðráðanlegt. En í stórum Evrópuríkjum eins og Þýskalandi og Frakklandi skapast raunverulegur vandi við að fylgja þessu ferli eftir og það er hættu á því að hvers kyns einföldun leiði til lægra öryggisstigs.

**Hvaða kosti hafa rafræn skilríki
fram yfir skyldar lausnir – fyrir
einstaka notendur sem og fyrir
opinbera stjórnsýslu?**

Þegar ég fer á veitingastað og spjalla þar við fólk hef ég val um það hvernig ég kynni mig – venjulega er ekki beðið um neina sérstaka staðfestingu á þeim upplýsingum. Ef ég segi við einhvern að ég sé

smiðurinn Tommi þá mun viðmælandi minn ræða við mig sem Tomma, búast við því að ég hafi einhverja þekkingu á smíðum o.s.frv. Þetta gæti en þarf ekki að hafa tengingu við það nafn og starf sem fólk utan þessa bars tengir við mig. Þessu svipar til Facebook eða Gmail notendaaðgangs. Slík auðkenning er í góðu lagi fyrir margar félagslegar athafnir en er alls ekki fullnægjandi í öllum tilvikum. Aðgangur að sjúkraskránni minni er af allt öðrum toga og krefst meira öryggis. Ég vil ekki að hver sem er geti sagst vera ég og séð hvað lækknirinn minn hefur skrifað um mig. Ég vil heldur ekki að einhver sem ekki er lækknirinn minn fái aðgang að skjölum um mig undir því yfirskeyni að hann sé að meðhöndla mig. Hér myndi ég vilja að allir læknar þekki mig sem sömu manneskjuna svo að ef þörf krefur geti sjúkraskrá mín verið nýtt mér til hagsbóta og henni ekki ruglað saman við annarra, t.d. ein-

hvers sem er smitaður af Ebola. Einnig vil ég geta vitað hver fékk aðgang að mínum gögnum og fá fullvissu um að þeir séu af holdi og blóði en ekki eitthvað tilbúið fólk í Amazon rafskýi. Er þetta skýrt dæmi um hvar þörf er á rafrænum skilríkjum til að byggja upp trausta þjónustu.

Í Eistlandi einbeita stjórnvöld sér nú að þjónustunni sjálfri og að gagnsæi; að fækka þeim þjónustupáttum sem fólk hefur þörf fyrir og að gera þá þætti sem eftir standa eins auðveldi og þægilega í notkun og kostur er. Leyfðu mér að nefna fáein dæmi. Þegar einhver er tilbúinn til að fara á eftirlaun ætti hann ekki að þurfa að sækja um eftirlaunagreiðslur. Með hliðsjón af aldri einstaklingsins veit ríkið hvenær hann getur farið á eftirlaun. Það eina sem einstaklingurinn á að þurfa að gera er að segja „já, ég vil fara á eftirlaun“ eða „nei, ég vil ekki fara á eftirlaun“. Þegar barn fæðist á sjúkrahúsi ættu foreldrarnir ekki að þurfa að skrá barnið. Í stað þess að verja tíma í skráningu barnsins ættu þeir að njóta foreldrahlutverksins. Það eru ýmsar svona aðgerðir sem létta má af borgurinum. Rafræn auðkenning og undirritun er þegar til staðar og virkar vel.

Mun opinber stjórnsýsla í heild sinni þróast í þá átt að allar undirritanir og umsóknir verði eingöngu á rafrænu formi?

Það held ég. Ýmis rafræn þjónusta í Eistlandi og öðrum löndum sýnir að með sífellt vaxanda fólksfjölda nær hefðbundin opinber stjórnsýsla ekki að anna þeirri þörf sem skapast fyrir nýjar gerðir þjónustu. Það eina hagkvæma í stöðunni er að gera þjónustuna sjálfvirka og jafnvel með þeim hætti að almenningur verði ekki var við hana. Ég giska á að í framtíðinni verði enn rými fyrir notalegar undirskriftarathafnir í efnisheiminum eða pappírsumsóknir en að slíkt verði sjaldgæfa – „vintage“ – og að einhver menningarleg ástæða verði fyrir slíkri framkvæmd. Hér mætti nefna undirritun sáttmála eða samninga sem sjónvarpa þarf eða taka þarf ljósmyndir af. Það lítur skemmtilegar út í augum almennings að sjá aðila undirrita með penna á pappír heldur en að ýta á takka á skjá. Raunverulega er engin þörf fyrir samningsaðila til að koma saman að rafrænni undirritun; forsetar heims geta gert slíkt á meðan þeir borða morgunverð eða skokka – en það er kannski ekki skemmtilegasta sjónvarpsefnið. ■

Eistland er brautryðjandi í rafrænni stjórnsýslu í Evrópu



Sagan:

Eistland á landamæri sín að Eystrasalti og Kirjálabotni/Finnska flóa og liggur á milli Lettlands og Rússlands. Í kjölfar aldalangrar stjórnar Dana, Svía, Þjóðverja og Rússa kviknaði hugmyndin um

sjálfstætt Eistland seint á 19. öld og varð hún að veruleika árið 1918 þegar Eistland öðlaðist sjálfstæði frá Rússneska keisaraveldinu. Eftir að hafa verið innlimað í Sovétríkin með valdi árið 1940 varð Eistland á ný sjálfstætt ríki við fall Sovétríkjanna árið 1991. Frá því síðustu rússnesku hersveitirnar hurfu á brott árið 1994 hefur Eistland haft frelsi til að efla efnahags- og stjórnmálaleg tengsl við Vestur-Evrópu. Eistland hefur verið meðlimur í NATO síðan í apríl 2004 og hluti af Evrópusambandinu frá því í maí sama ár. Gjaldmiðillinn í Eistlandi er evra. Þann 22. ágúst 1991 varð Ísland fyrst ríkja til að viðurkenna á ný sjálfstæði Eistlands og af því tilefni hlaut garðurinn fyrir framan utanríkisráðuneytið í Tallinn heitið Íslenski garðurinn.

Þjóðin

Þjóðarheiti: Eistar.

Fólksfjöldi: 1,31 milljón (2012).

Höfuðborg: Tallinn (íbúafjöldi 398.500).

Þjóðarbrot: Eistar 65%; Rússar 28%; Úkraínnumenn 2,5%; Hvít-Rússar 1,4%; Finnar 0,9%; aðrir 2,2%.

Tungumál: eistneska (eesti keel), rússneska, úkraínska, finnska.

Læsi: 99%.

Náttúruauðlindir

Olíuleirsteinn, fosfatgrýti, kalksteinn, bláleir.

Landbúnaðarafurðir

Kartöflur, grænmeti, kvikfénaður, mjólkurafurðir, fiskur.

Iðnaður

Verkfræði, rafeindatækni, timbur og timburafurðir, vefnaður, upplýsingatækni, fjarskiptatækni (Skype á uppruna sinn í Eistlandi).



Aukin og bætt þjónusta RSK



Ný og glæsileg afgreiðsla starfsstöðvar ríkisskattstjóra að Hafnarstræti 95 á Akureyri var formlega tekin í notkun þann 29. janúar sl. Af því tilefni var boðið til kaffisamsætis á starfsstöðinni og sóttu það m.a. fjölmargir stjórnendur hjá RSK er voru að funda á svæðinu, auk þess hóps sem unnið hafði að breytingunum.

Við hönnun hinnar nýju afgreiðslu var horft til þess að skapa sem besta aðstöðu bæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum. Lögð var áhersla á að skapa hlýlegt umhverfi og góða starfsaðstöðu sem annað getur þörfum viðskiptavina og þeirri þjónustu sem sinna þarf. Einnig var haft að leiðarljósi að öryggi starfsmanna væri sem mest. Nokkuð lengi hafði staðið til að ráðast í þá endurnýjun á móttöku viðskiptavina sem nú er komin í gagnid enda var ekki fyrir að fara góðri aðstöðu til úrlausnar á málum þeirra er leituðu eftir aðstoð er var tímafrekari og flóknari en almenn afgreiðsla.

Í ávarpi Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra við opnunina kom fram að þessi framkvæmd undirstriki þá stefnu að halda áfram að byggja upp starfsstöðina á Akureyri sem eina af meginstöðum embættis ríkisskattstjóra. Þess er skemmst að minnast að fyrir rúmu ári urðu miklar breytingar á starfsstöðinni þegar stór hluti af símaþjónustu embættisins fluttist þangað og sett var á stofn öflug eining

sem, ásamt starfsmönnum sem fyrir voru í þjónustuveri á Siglufirði, leysir megnið af þeim málum sem borin eru upp símleiðis og ekki er þörf á að vísa áfram til annarra starfsmanna.

Með tilkomu nýs afgreiðslusvæðis er öryggi starfsmanna aukið þar sem aðgengi utanaðkomandi inn á almennt vinnusvæði er takmarkað. Tvö sérhönnuð afgreiðsluherbergi verða hér eftir nýtt til móttöku viðskiptavina þar sem þeir geta rætt við starfsmenn RSK. Mikið af upplýsingum má nálgast rafrænt og geta viðskiptavinir í einhverjum tilvikum afgreitt sig sjálfir á netinu. Því er tölva aðgengileg fyrir þá í afgreiðslurýminu.

Fasteignir ríkissjóðs höfðu veg og vanda að framkvæmdinni og ljóst er að vel tókst til auk þess sem öll tímamörk stóðust varðandi framkvæmdina. Gláma/Kím Arkitektar sáu um hönnunina ásamt Raftákn ehf. verkfræðistofu en ÁK smíði ehf. á Akureyri annaðist framkvæmdina. ■

GK



Vigdís Álfheiður Stefánsdóttir, Þórunn Anna Elíasdóttir og Valgerður Sigfúsdóttir.



Húsnaði ríkisskattstjóra að Hafnarstræti 95.



Fanney Steinsdóttir aðstoðar viðskiptavin í öðru viðtalsherbergjanna sem hér eftir verða nýtt í þjónustunni.

Breytingar á skattalegri stöðu við gjaldþrot

Gjaldþrot er yfirleitt skilgreint sem sameiginleg fullnustugerð allra kröfuhafa. Þá hefur dómari staðfest með gjaldþrotaúrskurði að skuldari geti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína, svo að séð verði. Í grundvallaratriðum felur gjaldþrot í sér að andvirði eigna skuldara er ráðstafað til greiðslu skulda. Í gjaldþrotaskiptum er skuldari með dómsúrskurði sviptur eignum sínum og öðrum fjárhagslegum réttindum, sem renna til annarrar lögpersónu, þrotabús skuldarans. Markmiðið er að eignum búins verði komið í verð og andvirðið notað til að greiða kröfur lánardrottna skuldarans.

Í lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 kemur fram að orðið skuldari er notað um mann, félag eða stofnun sem krafist er gjaldþrotaskipta hjá. Orðið þrotamaður er notað um mann þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Það getur einnig átt við um félög og stofnanir þegar bú þeirra hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta en algengast og eðlilegast er að nota þá orðið þrotabú. Í lögnum segir einnig að þegar skuldari er einstaklingur verði ákvæðum laganna um gjaldþrotaskipti á búi hans því aðeins beitt að skuldari eigi lögheimili hér á landi og sé ekki undanþeginn lögsögu íslenskra dómstóla. Þegar skuldari er félag eða stofnun verður ákvæðum laganna því aðeins beitt að um skrásett félag sé að ræða og það eigi skráð varnarþing hér á landi.

Nýr lögaðili

Við gjaldþrot verður nýr lögaðili til og er það hin stóra breyting á skattalegri stöðu. Ef forverinn er einstaklingur þá heldur hann áfram sínu lífi og hefur sína skattalegu stöðu, breytta eða óbreytta, en nánar verður vikið að því síðar. Ef forverinn er lögaðili þá líður hann undir lok við úrskurð um gjaldþrotaskipti. Í báðum tilfellum verður til nýr lögaðili og um þennan lögaðila, sem oftast er kallaður þrotamaður eða þrotabú, er fjallað í gjaldþrotalögnum.

Verkefnið er annars vegar að skoða skattalega stöðu nýja lögaðilans og hvort hún sé önnur en forverans og hins vegar hvort breytingar verði á skattalegri stöðu einstaklings eftir gjaldþrot. Varðandi einstaklinginn er því fljótsvarað að hjá honum verða engar breytingar á skatta-

legri stöðu. Hann hefur glatað eignum sínum og þeim verið ráðstafað til greiðslu skulda en um hann gilda engar aðrar skattareglur en fyrir gjaldþrot. Fjárhagsstaða hans er auðvitað sérstök í ákveðinn tíma og þótt myndast hafi sár og ör sem e.t.v. hverfa aldrei má almennt segja að þegar ákveðinn tími er liðinn frá gjaldþroti sé fyrrverandi þrotamaður aftur réttborinn til „lífsins“, þ.m.t. viðskiptalífsins. Þó er rétt að taka fram hér, því það skiptir verulegu máli, að þegar einstaklingur hefur orðið gjaldþrota ber hann áfram ábyrgð á kröfum sem ekki hafa greiðst við gjaldþrotaskiptin. Eðli málsins samkvæmt getur þetta aðeins átt við hjá einstaklingum því lok gjaldþrotaskipta á búi félags eða stofnunar leiða til þess að allar kröfur eru endanlega afmáðar.

Fyrning

Í kjölfar mikillar fjölgunar gjaldþrota hjá einstaklingum eftir hrunið 2008 þótti rétt að breyta fyrningarfrestum á þeim kröfum sem standa eftir og hafa ekki fengist greiddar við gjaldþrotaskipti hjá einstaklingi. Vætanlega réðu hér einnig önnur sjónarmið, s.s. viðurkenning á einhvers konar samfélagslegri ábyrgð á slæmri fjárhagsstöðu manna. Fyrningartíminn var stytur úr 10 árum í tvö ár, með lögum nr. 142/2010 um breytingu á gjaldþrotalögnum, og í bráðabirgðaákvæði var tekið fram að þetta skyldi endurskoðað eftir fjögur ár. Nú eru þessi fjögur ár liðin og spurning hvornig verður með framhaldið. Seint á síðasta ári sáust auglýsingar frá lögmönnum á þá leið að nú væri rétti tíminn til að fara í gjaldþrotaskipti og þeir til þjónustu reiðubúnir, því líklega yrðu

þeir sem færu í gjaldþrot eftir áramót með verri stöðu en ella og ekki lausir allra mála eftir tvö ár. Lögin hafa hins vegar ekki enn verið endurskoðuð.

E.t.v. mætti telja að einhvers konar breyting verði á skattalegri stöðu einstaklings sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota í því samhengi að hann sæki um ívilnun skv. 65. gr. tekjuskattslaga (tskl.), því þá koma væntanlega til sögunnar önnur og breytt sjónarmið við mat á svokallaðri gjaldþrotsskerðingu.

Lögpersóna

Megináhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti eru þau að til verður sjálfstæð persóna að lögum þ.e. þrotabú kennt við hlutaðeigandi mann, félag eða stofnun. Þessi lögpersóna tekur í aðalatriðum bæði við réttindum og skyldum skuldarans og nýtur hæfis til að öðlast réttindi og baka sér skyldur eins og er með lögaðila yfirhöfuð meðan hún er við lýði fram að endanlegum lokum gjaldþrotaskipta. Í frumvarpi með gjaldþrotalögnum er þetta orðað þannig að þrotabúið sé í raun nánast sjálfseignarstofnun sem tilheyri á engan hátt kröfuhöfunum. Það lúti forræði hins opinbera sem er framkvæmt þannig að héraðsdómarar skipa skiptastjóra sem annast skiptin með öllu því sem því tilheyrir frá því að úrskurður um gjaldþrotaskipti er kveðinn upp og þar til skiptum lýkur. Til samræmis við þetta telst sá sem hefur verið skipaður skiptastjóri opinber sýslunarmaður meðan hann gegnir starfanum.

Ákvæði tekjuskattslaga og gjaldþrotalaga

Skv. 5.tl. 2. gr. tskl. eru þrotabú meðal skattskyldra lögaðila og um þau gildir 5. tl. 4. gr. tskl., þ.e. þrotabú sem ekki reka atvinnu eru undanþeginn skattskylda. Í 2. mgr. 90. gr. tskl. kemur fram að framtalsskylda fyrir þrotabú hvílir á skiptastjórum og án vafa verður að skilja það svo að hið sama gildi um skylduna til að skila launaskýrslum, sbr. 92. gr.,



Greinarhöfundur, Stefán Skjaldarson, skrifstofustjóri á atvinnurekstrarsviði.

og standa skil á upplýsingum skv. 94. gr. Að öðru leyti eru þrotabú ekki nefnd sérstaklega í tskl.

Hvað verður leitt af gjaldþrotalögum sem hægt er að tengja við skattamálefni? Hér þarf að skoða að þegar samin voru ný gjaldþrotalög sem urðu að lögum nr. 21/1991 voru samhliða samin ný lög um skipti dánarbúa sem urðu lög nr. 20/1991 og tóku bæði þessi lög gildi í júlí 1992. Framkvæmd opinberra skipta á dánarbúum byggist í mjög mörgum atriðum á sömu grundvallarreglum og framkvæmd gjaldþrotaskipta. Til hagræðis voru frumvörpin að báðum lögunum hliðstæð í mörgum atriðum og sú leið var farin að í umsögnum um einstakar greinar frumvarps til gjaldþrotalaga var vísað til frumvarpsins um lögin um skipti á dánarbúum. Í lagatextanum sjálfum, frumvarpinu eða umsögnunum um einstakar greinar frumvarps til gjaldþrotalaga, fannst ekki eitt orð um skattframtöl eða skattskil yfir höfuð. Í 77. gr. laganna segir að skiptastjóri annist öll störf sem lúta að meðferð þrotabúsins en honum er heimilt á kostnað þess að leita sér aðstoðar eða þjónustu til að leysa af hendi einstök verk á sína ábyrgð. Skiptastjóri skal þannig gæta, halda uppi og ráðstafa hagsmunum búsins, ljúka skiptum með því að

fullnægja réttindum annarra á hendur því og að annast aðra umsýslu vegna búsins, hvort sem beinlínis er mælt fyrir um hana í löggjöfinni eða af öðrum ástæðum. Í 78. gr. gjaldþrotalaga segir síðan: *Skiptastjóri sér um reikningshald fyrir þrotabúið*

vart skattyfirvöldum. Mögulega hefur þótt nógu skýrt kveðið á um þessi atriði í tskl. sbr. ofansagt.

Það er því fátæklega staðið að skýrum lagaákvæðum um skattalega hlið þrotabúa, þ.e. í afar fáum lagaákvæðum er það

”

Það skiptir verulegu máli, að þegar einstaklingur hefur orðið gjaldþrota ber hann áfram ábyrgð á kröfum sem ekki hafa greiðst við gjaldþrotaskiptin

og gefur skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess og rekstur eftir því sem þörf krefur. Í greinargerð með frumvarpi til laga um skipti á dánarbúum segir um hliðstætt og samsvarandi orðað ákvæði þeirra laga að þarna sé fjallað um reikningshald skiptastjóra (vegna dánarbús), „skyldu hans til að gefa skýrslur til yfirvalda um fjármuni þess, til dæmis að telja fram til skatts o.s.frv.“ Þarna er loks getið um skattframtal og er það eini staðurinn sem ástæða hefur þótt til að nefna skýrum orðum skyldur gagn-

orðað skýrum stöfum að tiltekna reglur tskl. gildi um þrotabú eða tiltekna reglur gjaldþrotalaga eigi við um skattamálefni.

Af þessu leiðir að ákvæði tekjuskattslaga um lögaðila gilda að breyttu breytanda, þ.e.a.s. að teknu tilliti til þeirra breytinga sem eðlilegt er að gera ráð fyrir um þrotabú. Og ákvæði gjaldþrotalaga um starfsemi skiptastjóra gilda um skattamállefni eftir eðli og atvikum. Þannig gilda um þrotabú ákvæði tskl. um skattskyldar tekjur, frádráttarheimildir, tekjuskatts-

stofn, tekjuskattsútreikning, eignir og skuldir, viðurlög og málsmeðferð, innheimtu og ábyrgð o.s.frv. Það sama á við um eftirgjöf skulda og yfirfærslu tapa. Þá verður að líta svo á að eignir gjaldþrota aðila færast yfir í þrotabúið á bókfærðu verði.

Það ræðst af þeim sérstöku ástæðum sem liggja að baki þrotabúum, hvernig til þeirra hefur verið stofnað og þeim tilgangi sem tilvera þeirra er grundvölluð á að ýmsum skattaúrræðum og heim-

meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, og er einn bær til að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess. Í lögnum eru margvísleg ákvæði um stöðu skiptastjóra, starfshætti hans og viðfangsefni. Í 2. mgr. 87. gr. er mælt svo fyrir að þegar eftir skipun sína skuli skiptastjóri gera ráðstafanir til að tryggja að hann fái bókhaldsgögn þrotamanns í hendur. Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. ber meðal annars forráðamönnum gjaldþrota félags að veita skiptastjóra upplýsingar og afhenda honum

sem skattskyld væru samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003.“

RSK gengur þannig út frá því að um þrotabú sé að ræða og tekur mið af þeirri stöðu. YSKN kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu, í löngu og ítarlegu máli, að það sé rétt út af fyrir sig hjá RSK að þrotabú hafi ekki heimild til samsköttunar skv. 1. mgr. 55. gr. tskl. en hins vegar hátti hér svo til að ekki sé um þrotabú að ræða. YSKN kemur inn á ýmis merkileg sjónarmið sem eru nokkurn veginn í samræmi við það sem hér hefur verið haldið fram um skattamálefni þrotabúa. Orðrétt segir í úrskurðinum:

„Samkvæmt framansögðu er heimild til samsköttunar félaga samkvæmt 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003 bundin við félög sem falla undir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga, þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög. Tekur heimildin því ekki til lögaðila sem falla undir aðra töluliði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, þar á meðal þrotabúa sem talin eru með dánarbúum og öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Ekki fer á milli mála að hugtakið „þrotabú“ hefur fastmótaða merkingu í íslenskum rétti og tekur þannig til bús skuldara, þ.e. manns eða lögpersónu, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskipta. Á hugtakið þannig samstöðu með hugtakinu „þrotamaður“ sem skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Ekki þykja standa nein rök til annars en að skýra ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 til samræmis við þetta. Kemur því ekki til álita að telja lögaðila, sem njóta sjálfstæðrar skattaðildar á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, til „þrotabús“ í skilningi 5. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar fyrr en eftir að bú lögaðilans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, þ.e. gengið hefur úrskurður héraðsdómara um að bú viðkomandi sé tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991, enda er það fyrst við uppkvaðningu slíks úrskurðar sem til verður sjálfstæð persóna að lögum, þ.e. þrotabú, sem tekur við réttindum og skyldum þrotamanns, sbr. fyrrgreint ákvæði. Þegar um er að ræða hlutafélag, sem ber sjálfstæða skattskyldu á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, markar uppkvaðning slíks dómsúrskurðar þannig lok skattskyldu félagsins á þeim grundvelli sem eftirleiðis byggist á fyrrnefndu ákvæði 5. tölul. 1. mgr. sömu lagagreinar og lýkur við skiptalok. Af

”

Voru gjaldþrot svo algeng að talað var um að það ætti sér hvergi á byggðu bóli hliðstæðu jafnvel þótt ekki væri tekið tillit til mannfjölda

ildum tekjuskattslaga verður ekki beitt um þrotabú. Þetta leiðir af eðli málsins. Þannig verður t.d. nánast útilokað að þrotabú skili tekjuskattsálagningu eftir óhjákvæmilega undanfarandi gjaldþurrð eða áralanga sögu uppsafnaðra tapa.

Úrskurðaframkvæmd

Þótt almennt megi segja, svo sem að framan er rakið, að ekki gildi sérreglur um skattamálefni þrotabúa, þá eru þess engu að síður dæmi sem verða rakin til sérstöðu eða séreðlis þessara lögaðila. Þessar sérreglur mótast og skýrast í laga- og úrskurðarframkvæmdinni. Dæmi um þetta er úrskurður YSKN 963/1995 sem varðar framtalsskylduna fyrir þrotabú. Það er skýrt og eðlilegur skilningur á lagareglum svo sem nefnt hefur verið hér að framan að skiptastjórar bera ábyrgð á skattframtölum fyrir þrotabú frá því tímamarki að úrskurður er kveðinn upp um gjaldþrotaskipti og þar til skiptum lýkur. En þá er spurning um tímabilið frá upphafi árs og til þess tíma að bú er tekið til skipta. Þeirri spurningu var svarað í úrskurðinum. Þar kemur fram skýr og ákveðinn rökstuðningur á framtalsskyldunni og þeirri útvíkkun á þessari skyldu sem leiðir af eðli málsins:

„Eins og fyrr segir tekur þrotabú við fjárhagslegum skyldum og réttindum þrotamanns þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur verið kveðinn upp, sbr. XII. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o. fl. Samkvæmt sömu lögum, sbr. einkum 122. gr. þeirra, fer skiptastjóri með forræði þrotabús,

gögn sem hann krefst vegna gjaldþrotaskiptanna. Í 78. gr. laganna er mælt fyrir um skyldur skiptastjóra varðandi reikningshald fyrir þrotabú og gerð reikningsskila. Þegar þessi ákvæði eru virt og að öðru leyti lög-mæltar starfsskyldur skiptastjóra samkvæmt lögum nr. 21/1991, sérstaklega skyldur hans samkvæmt XVIII. kafla laganna varðandi meðferð krafna á hendur þrotabúi, verður að telja að það hafi borið undir skiptastjóra í búi X hf. að sjá til þess að samin væru skattskil hlutafélagsins fyrir tímabilið frá stofnun þess 2. janúar 1992 til þess tíma er það var tekið til gjaldþrotaskipta 18. september 1992, enda var félagsstjórn, eftir það tímamark, hvorki bær til að annast þær skyldur né var henni það kleift.“

Annað dæmi úr úrskurðaframkvæmdinni er YSKN 303/2010. Í þeim úrskurði var m.a. fjallað um heimild þrotabús til samsköttunar með öðru félagi og síðan nýtingu tapa í framhaldi af því. Úrskurðurinn varðar bindandi álit RSK skv. lögum 91/1998, sem embættið lét uppi í tilefni af beiðni kærandans sem var A hf. og B ehf. Í úrskurði þessum segir:

„Í hinu kærða bindandi áliti komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að samsköttun C hf., B ehf. og A hf. væri óheimil á grundvelli 55. gr. laga nr. 90/2003 þar sem telja yrði að hið síðastnefnda félag hefði í skattalegu tilliti stöðu þrotabús. Þar sem skattskylda félagsins byggðist þannig á 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 kæmi samsköttun þess með öðrum félögum ekki til álita þar sem heimild til slíkrar samsköttunar væri bundin við félög

Þessu leiðir m.a. að félag getur ekki talist vera „protabú“ í greindum skilningi þótt það kunni að hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar eftir reglum III. – V. kafla laga nr. 21/1991 eða heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna eftir reglum VI. – X. kafla sömu laga.“

Samsköttunin var síðan heimiluð og þeim þætti málsins er varðaði rekstrartöpin vísað til RSK til nýrrar meðferðar. Í kjölfarið var 1. mgr. 55. gr. tskl. breytt með lögum nr. 165/2010 þannig að við hana bættist svohljóðandi málsliður: „Samsköttun skal þó falla niður með félagi sé það tekið til gjaldprotameðferðar eða sæti slitameðferð...“

Nýlegur úrskurður YSKN 374/2013 birtir ýmis sjónarmið og reglur þegar protabú kemur að virðisaukaskattskyldri starfsemi. Þar segir m.a.:

„Fram er komið að Þ ehf., áður G hf., heilsuræktarstöð, var skráð í grunnskrá virðisaukaskatts frá 1. janúar 1990 vegna sölu á skattskyldum vörum og þjónustu í tengslum við rekstur heilsu- og líkamsræktarstöðvar. Sú skráning var felld niður frá og með 12. janúar 2010, en þann dag var bú félagsins tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur þar um, og frá þeim tíma var protabú félagsins, kærandi í máli þessu, sem ber sömu kennitölu og félagið sjálft, fært í grunnskrá með nýju skráningarnúmeri. Á starfstíma Þ ehf. var seld þjónusta félagsins að mestu leyti talin vera undanþegin virðisaukaskatti á grundvelli undanþáguákvæðis 5. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 með því að um væri að ræða sölu á aðgangi að heilsuræktarstofu. Hafði félagið þannig með höndum blandaða starfsemi í skilningi virðisaukaskattslaga, sbr. ákvæði II. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.“

Samkvæmt langvarandi skattframkvæmd hefur verið litið á protabú aðila, sem talist hefur skattskyldur til virðisaukaskatts, sem skattskyldan aðila samkvæmt lögum um virðisaukaskatt þannig að skrá skuli protabúið í grunnskrá virðisaukaskatts, sbr. 5. gr. laga nr. 50/1988. Er m.a. um þetta fjallað í leiðbeiningum ríkisskattstjóra um virðisaukaskattsuppgjör gjaldprotabúa, dags. 12. september 1991, þar sem kemur fram að litið sé svo á að um sé að ræða framhald á fyrri starfsemi protamanns. Á þessu hefur jafnframt verið byggt í úrskurðaf framkvæmd yfirsattanefndar, sbr. úrskurð nefndarinnar nr. 423/2002. Auk þess sem protabú telst virðisaukaskattskyldt vegna atvinnurekstrar, sem það kann að hafa með höndum, tekur

skattskylda til sölu þess á rekstrarfjármunum og vörubirgðum í búinu, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988. Samkvæmt greindum leiðbeiningum ríkisskattstjóra virðist þó jafnframt gert ráð fyrir skráningu protabús skráðs aðila þótt engum eignum af framan-greindu tagi sé til að dreifa í búinu. Af sjálfu leiðir að hafi protamaður ekki stundað virðisaukaskattskylda starfsemi kemur skráning protabús hans ekki til álita, enda er við þær aðstæður hvorki um að ræða framhald á skattskyldri starfsemi né rekstrareignir sem ber að selja með virðisaukaskatti. Hafi protamaður haft með höndum blandaða starfsemi, svo sem var í tilviki Þ ehf., tekur skráning (skattskylda) aðeins til þess þáttar starfseminnar sem skattskyld var. Samkvæmt framsögðu má telja að rétt hafi verið að skrá kæranda í grunnskrá virðisaukaskatts, enda hafði Þ ehf. með höndum virðisaukaskattskylda sölu, þótt meginstarfsemi félagsins hafi verið utan skattskyldusviðs virðisaukaskattslaga.

Engin sérstök ákvæði eru í lögum um uppgjör á virðisaukaskatti protabúa. Eiga því við um það atriði almennar reglur VII. kafla laga nr. 50/1988 og ákvæði í reglugerðum sem settar hafa verið þeim til fyllingar, einkum í reglugerð nr. 192/1993, um innskatt. Að því er varðar protabú, sem skráð hefur verið í kjölfar

”

Kennitöluflakkið hefur í gegnum tíðina m.a. verið viðvarandi ástæða gjaldprotaskipta og hrunið fjölgaði einnig gjaldprotum. Engu að síður hefur gjaldprotum einkahlutafélaga fækkað nokkuð jafnt og þétt nú á síðustu árum

Lokaorð

Núgildandi löggjöf um gjaldprotaskipti er miðuð við að því úrræði sem felst í gjaldproti sé hóflega beitt. Hugsunin er að það þurfi að þjóna þeim tilgangi að einhverjar greiðslur muni fást upp í kröfur. Í tíð fyrri löggjafar voru gjaldprot svo algeng að talað var um að það ætti sér hvergi á byggðu bóli hliðstæðu jafnvel þótt ekki væri tekið tillit til mannfjölda. Þessi sérstaða stafaði ekki af því að óskilvísí eða fjárhagsleg bágindi væru hér stórum algengari en í öðrum löndum heldur bjó að baki að erlendis heyrði til undantekninga að krafist væri gjaldprotaskipta ef fyrirfram var vitað að engar eignir væru til skiptanna. Hér á landi fóru hins vegar fram gjaldprotaskipti þar sem í 85 - 90% tilfella komu engar eignir fram og skiptum þannig lokið án þess að lánardrottinn fengju greiðslur upp í kröfur sínar. Nú er þetta breytt og strax í byrjun 10. áratugar aldarinnar sem leið dró verulega úr fjölda gjaldprotaskipta. Þetta stafar af því að nú fara gjaldprotaskipti fram á kostnað lánardrottna protamanns með því að sérstaklega ráðinn maður framkvæmir skiptin og fær þóknun greidda af fjármunum sem ella hefðu komið í hlut lánardrottna. Ef ekki er öruggt að fjármunir búsins séu nægir, þá ber lánardrottnum að leggja fram svokallaða skiptatryggingu í

reiðufé sem tryggir þá greiðslu skiptakostnaðar, að meðtöldum launum skiptastjóra.

Kennitöluflakk hefur í gegnum tíðina m.a. verið viðvarandi ástæða gjaldprotaskipta og efnahagshrunið fjölgaði einnig gjaldprotum. Engu að síður hefur gjaldprotum einkahlutafélaga fækkað nokkuð jafnt og þétt nú á allra síðustu árum. Á 12 mánaða tímabili, nóvember 2013 til október 2014, voru 800 fyrirtæki tekin til gjaldprotaskipta, sem er 19% fækkun miðað við 12 mánaða tímabil þar á undan. ■

Persónuafsláttur, staðgreiðsla og tryggingagjald ársins 2015

Öllum launagreiðendum er skylt að draga staðgreiðslu opinberra gjalda frá launum og öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum til launamanna og skila í ríkissjóð. Á sama hátt á að draga staðgreiðslu frá reiknuðu endurgjaldi þeirra sem starfa við eigin atvinnurekstur. Staðgreiðslan samanstendur af tekjuskatti og útsvari og er fyrirframgreiðsla upp í álagningu opinberra gjalda samkvæmt skattframtölum einstaklinga. Tekjuskattur rennur í ríkissjóð og útsvarið til viðeigandi sveitarfélags.

Persónuafsláttur

Allir sem náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu og eru heimilisfastir á landinu eiga rétt á persónuafslætti. Sama gildir um þá sem hafa rétt til að halda skattalegu heimili hér á landi þrátt fyrir dvöl erlendis vegna náms eða veikinda. Hjá þeim sem ná 16 ára aldri á tekjuárinu reiknast fullur persónuafsláttur fyrir allt árið.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal í upphafi árs hækka persónuafslátt hvers einstaklings í

Tekjuskattur og útsvar í staðgreiðslu

	Staðgreiðsluhlutfall	Tekjuviðmið
1. þrep	37,30%	309.140
2. þrep	39,74%	527.264
3. þrep	46,24%	836.404

Prepaskiptur tekjuskattur

	Tekjuskattshlutfall	Árstekjur	Mánaðartekjur
1. þrep	22,86% af fyrstu	3.709.680	309.140
2. þrep	25,30% af næstu	6.327.167	527.264
3. þrep	31,80% af tekjum umfram	10.036.847	836.404

uði að teknu tilliti til 4% lögbundinnar iðgjaldsgreiðslu launþega í lífeyrissjóð samborið við 141.025 kr. á mánuði 2014. Hækkunin milli ára nemur 0,8%.

tekjuviðmiðunarmörk þrepa fyrir tekjur ársins 2015 samkvæmt því sem sést á töflunum hér að ofan.

Þá er skattshlutfall tekjuskatts í fyrsta þrepi óbreytt í 22,86% og samhliða er hámarksútsvar 14,52% einnig óbreytt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra en sú tímabundna breyting sem gerð var um tilfærslu milli tekjuskatts og útsvars upp á 0,04% var framlengd um eitt ár.

Tekjuskattur

Á skattskyldar tekjur einstaklinga utan rekstrar, aðrar en fjármagnstekjur, er annars vegar lagður á tekjuskattur til ríkisins samkvæmt lögum þar um og hins vegar útsvar til þess sveitarfélags sem maður er búsettur í. Skyldu til að greiða tekjuskatt og útsvar bera allir þeir sem afla tekna á Íslandi. Þeir sem búsettir eru hér á landi bera fulla skattskyldu af tekjum sínum en þeir sem búsettir eru erlendis og hafa héðan tekjur bera skatt sem ákvarðaður er samkvæmt skattframtali, þ.e. tekjur að teknu tilliti til heimils frádráttar. Álagning og uppgjör tekjuskatts og útsvars fer fram í lok júlí ár hvert. Tekjuskattur er lagður á í þremur þrepum eins og áður.

”

Staðgreiðslan samanstendur af tekjuskatti og útsvari og er fyrirframgreiðsla upp í álagningu opinberra gjalda samkvæmt skattframtölum einstaklinga. Tekjuskattur rennur í ríkissjóð og útsvarið til viðeigandi sveitarfélags


samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs næstliðna tólf mánuði. Á grundvelli þess er persónuafsláttur 610.825 kr. fyrir árið 2015 eða 50.902 krónur að meðaltali á mánuði. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar því um 4.848 kr. milli áranna 2014 og 2015, eða um 404 kr. á mánuði, og nemur hækkunin 0,8%.

Skattleysismörk tekjuskatts og útsvars eru samkvæmt því 142.153 kr. á mán-

Skattþrep og staðgreiðsluhlutfall

Í tekjuskattslögunum er einnig kveðið á um að fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns, þ.e. mörkin milli skattþrepa, skulu taka breytingum í upphafi hvers árs í réttu hlutfalli við hækkun launavísitölu á undangengnu 12 mánaða tímabili. Hækkun launavísitölu á 12 mánaða tímabili var 6,6% og eru mánaðarleg

Staðgreiðsla af launum



Atvinnurekandi sem ræður mann í vinnu fyrir sex milljónir í árslaun greiðir 8% mótframlag í lífeyrissjóð, eða 480 þús. kr. Af launum og mótframlagi í lífeyrissjóð, eða 6.480 þús. kr., er reiknað tryggingagjald sem er 7,49%. Atvinnurekandinn greiðir því 485.352 kr. í tryggingagjald af launum. Kostnaður launagreiðanda af sex milljóna kr. launum er því 6.965.352 kr.

Launþegi greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð, eða 240 þús. Lífeyrisðgjaldið er frádráttarbart frá skattstofni. Tekjuskattur er því greiddur af 5.760 þús. kr. Af þessum skattstofni eru 1.366.764 kr. reiknaðar í tekjuskatt og 831.744 kr. í útsvar. Persónuafsláttur er 610.825 kr. og gengur allur upp í tekjuskatt. Tekjuskattur og útsvar í staðgreiðslu eru því 1.587.683 kr. eða 25,6% af umsömdum launum. Iðgjöld í lífeyrstryggingasjóð og tryggingagjald að viðbættum tekjuskatti og útsvari eru hins vegar 40,1% af kostnaði atvinnurekandans við að hafa launþegann í vinnu.

Hér er miðað við 8% mótframlag í lífeyrissjóð, sem er lágmark, en sum stéttarfélag greiða meira. Þá er einnig litið framhjá framlagi í séreignarlífeyrissjóð, áhrifum orlofs og helgidaga og félagsgjalds í stéttarfélag, en algengt er að launamenn greiði 1-1,5% af launum til stéttarfélags.

Skipting tryggingagjalds

Almennt tryggingagjald	6,04%
Atvinnutryggingagjald	1,35%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota	0,05%
Markaðsgjald	0,05%
Samtals til staðgreiðslu	7,49%

Útsvar

Hver útsvarsskyldur maður skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess. Stofn til álagningar útsvars er hinn sami og tekjuskattstofn. Við tekjuskattshlutföll bætist því útsvar sem er mishátt eftir sveitarfélögum. Meðalútsvar á árinu 2015 er samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðun sveitarfélaga 14,44%, óbreytt frá árinu 2014.

Sveitarfélög geta samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga ákveðið útsvar á bilinu 12,44% - 14,52%. Af 74 sveitarfélögum leggur 71 á sama útsvar á árinu

2015 og var árið 2014. Þá nýtir eitt sveitarfélag sér heimild til að leggja sérstakt álag á hámarkið sem þýðir að útsvarshlutfall þess er 15,05%. Tvö sveitarfélög leggja á lágmarksútsvar. Eitt sveitarfélag hækkaði útsvarshlutfallið en tvö sveitarfélög lækkuðu það.

Tryggingagjald

Tryggingagjald er sérstakt gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum launamanna sinna á tekjuári og eftir atvikum af eigin reiknuðu endurgjaldi. Tryggingagjald er innheimt í

staðgreiðslu og skiptist í almennt tryggingagjald og atvinnutryggingagjald. Tryggingagjald telst til svokallaðra launatengdra gjalda en það eru þau gjöld sem launagreiðendur, þ.m.t. sjálfstætt starfandi menn, greiða vegna launakostnaðar við atvinnurekstur. Önnur launatengd gjöld í staðgreiðslu eru markaðsgjald og gjald í Ábyrgðasjóð launa, en þau eru innheimt í staðgreiðslu samhliða innheimtu tryggingagjalds.

Stofn til tryggingagjalds eru allar tegundir skattskyldra launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem þær nefnast. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, hlunnindum, vöruúttekt, vinnuskiptum o.s.frv.

Á staðgreiðsluárinu 2015 er hlutfall tryggingagjalds að meðtöldu markaðsgjaldi og gjaldi í Ábyrgðasjóð launa 7,49% og lækkar því um 0,1 prósentustig milli ára.

Sérstök trygging (0,65%) bætist við vegna launa sjómanna á fiskiskipum. Tryggingagjaldi skal skila mánaðarlega til innheimtumanna ríkissjóðs. ■

*Frá vinstri: Bill Holmes, Molly
Roe, Aziz Benbrahim, Brigitte M.
Jónsson, Friðjón Bjarnason, Guðrún
Jenný Jónsdóttir, Inga Hanna
Guðmundsdóttir, Jens Þór Svansson,
Ævar Ísberg og Ása Ögmundsdóttir.*



Bandarísk sendinefnd fundar vegna FATCA



Á árinu 2010 samþykkti Bandaríkjaping (United States Congress) lög um upplýsingaskyldu erlendra fjármálafyrirtækja. Lögin hafa gengið undir nafninu FATCA sem stendur fyrir Foreign Account Tax Compliance Act. Markmið laganna er að stuðla að réttari skattskilum og koma í veg fyrir undanskot. Bandarísk sendinefnd heimsótti Ísland og Ása Ögmundsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu stýrði tveggja daga fundi ríkjanna.

Upplýsingaskipti milli landa

Til að liðka fyrir upplýsingaskiptum og tryggja að sambærilegar upplýsingar berist frá bandarískum fjármálafyrirtækjum til erlendra ríkja og frá erlendum fjármálafyrirtækjum til Bandaríkjanna, hafa ýmis ríki gert samninga þar að lútandi við Bandaríkin. Þar er nákvæmlega skilgreint hvaða upplýsingum ríkin ætla að skiptast á og eftir hvaða reglum fjármálafyrirtækin eiga að fara við mat á því hvort upplýsingar varði skattaðila samningsríkjanna (áreiðanleikakönnun e. Due Diligence).

Notkun upplýsinga

Í samningnum er kveðið á um að hvort samningsríki fyrir sig skuli hafa viðeigandi öryggisráðstafanir til staðar til að tryggja að þær upplýsingar sem móttæknar verða á grundvelli FATCA falli undir þagnarskyldu og að upplýsingarnar verði eingöngu notaðar í skattalegum tilgangi. Til að tryggja að svo sé gefa báðir samningsaðilar ítarlegar upplýsingar um upplýsingaöryggi og aðgangsheimildir auk fjölmargra annarra þátta tengdum gæðastöðlum sem þurfa að vera til staðar svo fullt traust ríki milli

samningsaðila er kemur að framkvæmd upplýsingaskipta.

Vinnubók um öryggisráðstafanir

Til að ganga úr skugga um að tilskildar öryggisráðstafanir séu til staðar hafa bandarísk skattýfirvöld útbúið nokkurs konar vinnubók þar sem nauðsynlegum öryggisráðstöfunum er skipt upp í fjóra kafla en innan hvers þeirra eru fjölmörg álitæfni sem taka þarf afstöðu til. Kaflarnir eru eftirfarandi:

1. Lagareglur
2. Öryggi upplýsinga
3. Eftirlit og framfylgni
4. Innri uppbygging

Bandarísk skattýfirvöld birta svör sín og lausnir í vinnubókinni er hún er send til samningsríkjanna, og farið er fram á að þau upplýsi að sama skapi ítarlega um

stöðu mála í sínum löndum á sama hátt og út frá sömu skilgreiningum. Áður en að fundi Bandaríkjanna með Íslandi kom hafði mikil vinna verið lögð í útlistun einstakra þátta starfsemi íslenskra skattýfirvalda eftir þeirri forskrift sem sett var upp í vinnubók IRS.

Skilvirkur fundur

Dagana 2. og 3. mars sl. var þriggja manna sendinefnd frá bandarískum skattýfirvöldum, IRS (Internal Revenue Service), stödd hér á landi til að funda með íslenskum skattýfirvöldum og fara yfir vinnubókina. Tilgangur heimsóknarinnar var að ganga úr skugga um að í báðum ríkjum væru öryggisstaðlar í lagi og að unnið væri eftir viðurkenndum leiðum við móttöku og sendingu gagna, umgengni við trúnaðargögn og viðhald tölvuöryggis almennt.

Farið var skipulega yfir vinnubókina, atriði fyrir atriði, þar sem fulltrúar IRS byrjuðu á að útlista hvernig málum væri háttað hjá þeim um einstaka þætti áður en fulltrúar íslenskra skattýfirvalda gerðu slíkt hið sama. Síðan kom að spurn-



Fulltrúar Internal Revenue Service: Bill Holmes, Aziz Benbrahim og Molly Roe.



Fulltrúar RSK og fjármála- og efnahagsráðuneytisins: Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri, Brigitte M. Jónsson hópstjóri á tæknisviði, Jens Þór Svansson sviðsstjóri tæknisviðs, Friðjón Bjarnason verkefnisstjóri á tæknisviði, Ása Ögmundsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Guðrún Jenný Jónsdóttir sviðsstjóri alþjóðasamskipta.



ingum um nánari útfærsluatriði hjá hvorum aðila fyrir sig sem ætlað var að skýra stöðuna frekar.

Formaður sendinefndarinnar var Aziz Benbrahim en með honum í för voru Molly Roe og Bill Holmes. Fyrir hönd Íslands sátu fundinn Ása Ögmundsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem stýrði fundinum, og Brigitte M. Jónsson, Friðjón Bjarnason, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Inga Hanna Guðmundsdóttir, Jens Þór Svansson og Ævar Ísberg frá ríkisskattstjóra. Svaraði hvert um sig fyrir þann hluta upplýsingaöryggis og lagareglna sem undir þeirra verksvið heyrar.

Framhaldið

Gagnlegar og vinsamlegar umræður fóru fram á fundinum og ljóst að í öllum meginatriðum uppfylla bæði samningsríki þær öryggiskröfur sem gerðar eru til að unnt sé að skiptast á upplýsingum um skattaðila samkvæmt FATCA


samningnum. Áframhaldandi samvinna verður síðan um einstök útfærsluatriði í kjölfar fundarins. Full ástæða er til að ætla að samstarf ríkjanna á grundvelli FATCA samningsins verði árangursríkt þegar það kemst á og í fulla virkni. ■

GJJ

”

Í samningnum er kveðið á um að hvort samningsríki fyrir sig skuli hafa viðeigandi öryggisráðstafanir til staðar til að tryggja að þær upplýsingar sem móttæknar verða falli undir þagnarskyldu og að upplýsingarnar verði eingöngu notaðar í skattalegum tilgangi

Skattbyrði fjölskyldna



Ef öllum fjölskyldum í landinu er raðað í vaxandi röð eftir tekjum og skattur hvers og eins reiknaður kemur í ljós að þeir sem eru með lágar tekjur greiða lægra hlutfall tekna en þeir sem eru með háar tekjur. Á síðustu tveimur áratugum hefur skattbyrði flestra tekjuhópa í þjóðfélaginu þyngst. Skattbyrði þeirra sem voru lægstir í tekjuröðuninni jókst nokkuð á 10. áratugnum þegar tekjur jukust í þjóðfélaginu og gildi afsláttá og bóta minnkaði. Skattbyrði tekjuhæstu fjölskyldnanna jókst í upphafi annars áratugar þessarar aldar þegar fjármagnstekjur minnkuðu á sama tíma og fjármagnstekjuskattur var hækkaður.

Flókið samspil tekna, frádráttar, ívilnana, skatthlutfalls, afsláttá og bóta hefur áhrif á það hversu stóran hluta tekna hver einstaklingur og fjölskylda greiða í skatt til ríkis og sveitarfélaga. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir, aldursamsetning og hjúskaparstaða áhrif á tekjudreifingu á hverjum tíma.

”

Íslendingar búa við stighækkandi skatt. Hvort sem litið er til krónutölu eða tiltölu greiða tekjulágir lægri skatta en þeir sem hafa meira umleikis

Hjól atvinnulífsins snúast dag frá degi. Efnahagslíf landsins tekur stöðugum breytingum. Skattkerfið er hvorki stöðugt né staðnað frekar en atvinnulífið sem það tekur til, enda eru mörkin á milli atvinnulífs, markaðar og ríkisvalds oft óljós. Allt að einu þá samanstendur efnahagslíf landsins af rúmlega 320 þúsund einstaklingum sem eru hver með sínum hætti þátttakendur í hagkerfi sem er síkvíkt og breytilegt.

Stjórnmalin ákveða hver eigi að greiða skatt, hversu mikinn og af hverju skattur skuli greiddur. Skattar eru hins vegar ekki lagðir á hópa heldur einstaklinga.

Íslendingar búa við stighækkandi skatt. Hvort sem litið er til krónutölu eða tiltölu greiða tekjulágir lægri skatta en þeir sem hafa meira umleikis. Stór hluti

landsmanna greiðir enga beina skatta en á móti vegur að lítið hluti landsmanna greiðir stóran hluta þeirra skatta sem lagðir eru á einstaklinga á hverju ári.


Flókið samspil tekna, eigna, skatthlutfalla, afsláttá, bóta, skerðingarreglna, frádráttarliða og ívilnana ræður því hver endanleg skattbyrði gjaldanda er. Þá gilda mismunandi reglur um skattlagningu einhleypinga, einstæðra foreldra, hjóna og samskattaðs sambúðarfólks og þeirra sem misst hafa maka sinn á árinu. Einstökum þáttum skattkerfisins er ætlað að milda skattbyrði þeirra sem eiga, vegna sérstakra aðstæðna, erfitt með að bera skattinn. Þegar tekið hefur verið tillit til allra þátta skattkerfisins þá er ekki víst að allir greiði sama skatt af sömu tekjum.

Meðalskattur, þ.e. skattur að frádregnum bótum, sem hlutfall af tekjum breyttist lítið á milli árunna 2012 og 2013. Persónu-afsláttur var hækkaður nokkuð þannig að hann hélt verðgildi sínu að mestu. Meðalútsvar lækkaði lítillega, úr 14,44% í 14,42%. Laun í þjóðfélaginu hækkuðu hins vegar umfram verðlag sem þýddi að fleiri greiddu meira í skatt en fyrr. Meðal-skattbyrði hækkaði úr 22,8% í 23,2%.


Árið 2012 greiddu tekjulægstu 19% fjöl-skyldna engan skatt en árið 2013 greiddu tekjulægstu 18% engan skatt. Hópurinn sem var með tekjur um miðgildi, eða hlutfallshópur 50, greiddi 15,7% tekna í skatta umfram bætur árið 2012 en árið 2013 greiddi sambærilegur hópur 16,7%. Hópurinn sem var við efri fjórðungsmörk greiddi nú 22,2% í staðinn fyrir 21,9%. Þá greiddi hópurinn sem var við efstu tíund um 27,9% skatt samanborið við 27,5% fyrir ári. Tekjuhæsta eina prósentíð í tekju-röðuninni greiddi 35,2% skatt af tekjum árið 2013 en sambærilegur tekjuhópur greiddi 35,5% árið 2012. Það er því ekki hægt að segja að verulegar breytingar hafi orðið á skattbyrði einstakra hlutfallshópa á milli árunna 2012 og 2013. Eins og gefur að skilja þá þarf þetta þó ekki að eiga við um skattbyrði ákveðinna einstaklinga en tekjur þeirra og skattar geta breyst frá ári til árs, eins og gengur.

Árið 2013 voru 10% fjölskyldna með meira en 13.009.131 kr. í tekjur. Saman-lagt voru þessar fjölskyldur með 372,8 milljarða í heildartekjur. Þessi 18.531 fjölskylda var með tæpan þriðjung tekna einstaklinga í landinu og greiddi 117,5 milljarða í tekju- og eignarskatta sem var um 44,7% álagðra skatta. Það hefur lítil breyting orðið hér á frá því í fyrra en þá voru tekjuhæstu 10% fjölskyldna með 32,5% tekna og greiddu 44,9% skatta. Eitt prósent fjölskyldna var með meira en 27.542.360 kr. í tekjur. Þessar 1.853 fjöl-skyldur voru með 7,6% tekna og greiddu 11,5% skatta í landinu. Á hinn bóginn voru 92.700 fjölskyldur með minna en 4.311.627 kr. í tekjur á ári. Þessar fjöl-skyldur voru með tæpa 202,5 milljarða í tekjur og greiddu 20,7 milljarða í skatta. Helmingur fjölskyldna var með 17,8% tekna og greiddi 7,9% skatta. Árið 2012 var helmingur landsmanna með sama hlutfall tekna en þá greiddi þessi helm-ingur um 7,6% beinna skatta í landinu. Heildartekjur í neðri helmingi tekjustig-ans hækkuðu um 5,7 milljarða, eða um 2,9% að raungildi, á milli árunna 2012 og 2013. Skattarnir hækkuðu um 1,6 millj-

Tekjur og skattar fjölskyldna 2012



Tekjur og skattar fjölskyldna 2013



Óveruleg breyting varð á tekjuskiptingu og skattbyrði á milli árunna 2012 og 2013. Tekjuhæsta tíund fjölskyldna var með 32,8% heildartekna einstaklinga í landinu árið 2013. Hluttur samsvarandi tíundar árið 2012 var 32,5%. Tíundin greiddi 44,7% tekna í skatta árið 2013, saman borið við 44,9% árið 2012. Hluttur þessarar tíundar í tekjum var 0,3% meiri en hluttur hennar í sköttum var 0,2% minni. Hluttur tekjuhæsta fimmtungs fjölskyldna í heildartekjum jókst hins vegar um 0,1% en hluttur þeirra í sköttum minnkaði um 0,5%.

arða. Tekjur í efri helmingi skattstigans jukust um tæpan 25,1 milljarð eða 2,8% að raungildi og skattarnir um 9,9 millj-arða, eða 4,3%.

Það er rétt að taka fram að hér eru fjöl-skyldur skilgreindar sem allir þeir sem skila eignasíðu með skattframtali. Allir

sem verða 16 ára á árinu og skila skatt-framtali eru sjálfstæðir skattaðilar og teljast því vera sjálfstæð fjölskylda. Hjón með tvo unglunga á heimilinu teljast í þessum skilningi vera þrjár sjálfstæðar fjölskyldur. ■

PK

Margháttað þjónusta RSK



Jóhannes Jónsson
sviðsstjóri skipulagssviðs

Landsmenn eiga töluverð samskipti við ríkisskattstjóra á ári hverju og er það embættinu hjartans mál að þau samskipti séu góð. Mikið er lagt upp úr því að viðskiptavinir geti afgreitt sig sjálfir með sem flest og eru vefir embættisins þar í stóru hlutverki, hvort heldur er varðar skil á skattframtali, leit að upplýsingum um skattamál, útreikning staðgreiðslu launa eða uppflettingar í skattalagasafni. Töluvert hefur verið unnið að því á síðustu árum að auka vægi rafrænna samskipta í stað þess að eiga bein samskipti við viðskiptavini á pappír, símleiðis eða í afgreiðslum embættisins.

Líklegast eru mestu samskiptin milli ríkisskattstjóra og einstaklinga á hverju ári í gegnum skattframtalið. Um nokkurt skeið hafa verið uppi áform um að færa ýmis önnur samskipti við viðskiptavini yfir á rafrænt form og draga verulega úr öllum pappírssamskiptum. Í fyrra var stigið stórt skref í þessu samhengi þegar opnaður var sérstakur vefur, leiðrétting.is, vegna höfuðstólsleiðréttingar verðtryggðra húsnæðisveðlána en strax í upphafi var tekin ákvörðun um að öll samskipti milli ríkisskattstjóra og viðskiptavina vegna þessa skyldu vera rafræn. Engar fyrirsurnir, tilkynningar eða úrskurðir yrðu send

út á pappír. Segja má að þessi ákvörðun hafi verið nokkuð djörf í ljósi þess hve skammur tíma var til undirbúnings sem og þess mikla fjölda landsmanna sem Leiðréttingin snerti.


En auk rafrænna samskipta eiga töluverð samskipti sér einnig stað með gamla laginu, augliti til auglitis og í gegnum síma. Skoðum hvernig þessi samskipti hafa þróast á allra seinustu árum.

Heimsóknun í afgreiðslur ríkisskattstjóra fjölga um 4,8%
Á árinu 2014 komu um 87 þúsund manns í afgreiðslu ríkisskattstjóra, þar af tæplega

The screenshot shows the RSK website interface. At the top, there's a navigation bar with 'Pjónustuvefur' and 'rsk.is'. Below it, a header section contains the RSK logo and 'RÍKISSKATTSTJÓRI'. A search bar is on the right. The main navigation menu includes 'Einstaklingar', 'Atvinnurekstur', 'Fyrirtækjaskrá', and 'Fagaðilar'. The central content area features a large banner for 'Netframtal einstaklinga 2015' with a red background. To the right of the banner are several service tiles: 'Pjónustuvefur', 'Skattalagasafn', and 'Rafræn skilríki'. Below the banner, there's a section for 'Virðisaukaskattur', 'Reiknivél', 'Eyðublöð', and 'Hafðu samband'. At the bottom, there's a 'Fréttir og tilkynningar' section with three news items dated 11. mar. 2015, 10. mar. 2015, and 08. mar. 2015. A 'Styttu þér leið' section is also visible on the right side of the bottom row.

Framtalsskil 1999-2014

Árið 1999 var í fyrsta skipti boðið upp á rafrænt framtal einstaklinga á internetinu. Notkun þess var ekki mikil fyrsta árið en þá var ríflega 19 þúsund framtölum skilað með þeirri aðferð. Til samanburðar voru rafræn framtalsskil á síðasta ári tæplega 265 þúsund eða rétt rúmlega 98% allra einstaklingsframtala.



70 þúsund í afgreiðsluna á Laugavegi og ríflega 3.000 vegna Leiðréttingarinnar. Á árinu 2013 komu 80 þúsund manns í afgreiðslu RSK og 79 þúsund árið 2012.

Hér vekur athygli að á sama tíma og færri koma í afgreiðslur vegna framtalsaðstoðar, en þar er fækkun um 13%, fjölga þeim sem koma til að sækja sér skattkort og almenna afgreiðslu um 5,8%. Á síðasta ári voru heimsóknir vegna skattkorta ríflega 24 þúsund sem þýðir að fjórða hver heimsókn var vegna þeirra. Þessar heimsóknir munu væntanlega

dragast verulega saman á næstu árum þegar ríkisskattstjóri hrindir í framkvæmd áformum sínum um rafrænan persónuafslátt sem mun koma í stað skattkorta.

Símtöl dragast saman um 16%


Ríkisskattstjóri fær töluvert mikið af símtölum á hverju ári en í fyrra bárust 240 þúsund símtöl sem er aukning frá fyrra ári. Til þess ber að líta að símtöl vegna Leiðréttingarinnar voru um 33 þúsund þannig að í reynd bárust um 207 þúsund símtöl vegna þess sem kalla má hefðbundin verkefni.

Ár	Símtöl	Hvern virkan dag*
2014	207.000	862
2013	211.000	879
2012	246.000	1.025

*miðað við 240 virka daga á ári

Þetta þýðir að fjöldi símtala sem berast hefur dregist saman um 16% á síðustu þremur árum sem verður að teljast nokkuð góður árangur.

Heimsóknir á vefi RSK 2012-2014



	Vefur	Notendur	Heimsóknir	Flettingar
1	mbl.is	737.435	3.019.951	12.555.254
2	visir.is	610.287	2.398.273	7.510.746
3	dv.is	281.671	1.115.881	3.382.153
4	ruv.is	259.174	722.267	1.964.311
5	pressan.is	257.253	797.100	1.945.711
6	ja.is	234.437	548.937	1.457.019
7	vedur.is	184.306	488.288	1.259.237
8	moi.is	166.776	475.126	1.046.407
9	bland.is	137.618	387.838	3.344.532
10	rsk.is	113.726	202.407	2.278.674
11	frettanetid.is	96.410	154.870	296.252
12	menn.is	90.969	229.464	548.009
13	fotbolti.net	84.327	449.206	1.587.261
14	kjarninn.is	78.191	191.966	380.622
15	stundin.is	56.725	118.709	256.377
16	spyr.is	50.281	75.440	103.585
17	blog.is	49.612	100.848	246.739
18	mid.is	46.390	64.257	297.183
19	vb.is	44.127	110.825	230.192
20	grapevine.is	43.801	59.184	96.390
21	kefairport.is	36.379	67.530	190.006
22	icelandreview.com	32.731	47.261	115.598
23	livefromiceland.is	32.451	56.332	250.503
24	island.is	30.467	53.772	160.782
25	visindavefur.is	28.172	35.320	53.744

Upplýsingavefurinn *rsk.is* er í 10. sæti á lista yfir vinsælustu vefi landsins þegar þessi grein er rituð.

Vefir RSK – heimsóknir aukast um 55%

Á síðustu þremur árum hefur heimsóknum á vefi RSK fjölgað um ríflega helming, eða úr 2,5 milljónum heimsókna árið 2012 í 3,9 milljónir árið 2014. Þetta jafngildir því að hver einasti Íslendingur hafi heimsótt vefina oftast en 10 sinnum á síðasta ári. Ekki eru meðtaldar heimsóknir á vefinn leiðrétting.is en sá vefur hefur fengið tæplega eina milljón heimsókna á þeim 10 mánuðum sem hann hefur verið í notkun.

Þessi fjölgun heimsókna á vefi RSK skýrist fyrst og fremst af mikilli aukningu heimsókna á upplýsingavefinn *rsk.is* en þeim fjölgaði um ríflega 112% á tímabilinu. Ætla má að hluti aukningarinnar skýrist af því að tekin var í notkun ný útgáfa af upplýsingavefnum árið 2012 sem var endurhönnuð frá grunni og framsetning og aðgengi var einfaldað. Allt efni var endurskoðað, margt af því endurbætt, sumt endurgert og töluverðu af nýju efni var bætt við. Auk þess var vefurinn hannaður fyrir snjalltæki, þ.e. snjallsíma og spjaldtölvur.

Með betri framsetningu og einfaldara aðgengi að upplýsingum fjölga þeim sem leita sér upplýsinga á vefnum í stað þess að hringja eða mæta í afgreiðslur ríkisskattstjóra. Í byrjun árs 2014 var framsetningu skattalagasafns RSK, skattalagasafn.is, breytt til samræmis við upplýsingavefinn *rsk.is*. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 hefur heimsóknum á þann vef fjölgað um 27% borið saman við fyrstu þrjá mánuði ársins 2014.

Samkvæmt samræmdri vefmælingu sem Modernus rekur er upplýsingavefurinn *rsk.is* í 10. sæti á lista yfir vinsælustu vefi landsins þegar þessi grein er rituð, en um 120 íslenskir vefir taka þátt í samræmdri vefmælingu.

Leiðréttingin – 100% rafræn stjórnsýsla

Ekki er hægt að bera þau samskipti sem ríkisskattstjóri hefur átt við viðskiptavini Leiðréttingarinnar saman við fyrri ár þar sem ekki eru liðnir nema 10 mánuðir síðan verkefninu var hleypt af stokkunum með opnun vefsins leiðrétting.is. Það er hins vegar forvitnilegt að skoða hvernig til hefur tekist.

Samhliða því að hafa öll samskipti ríkisskattstjóra og viðskiptavina hans rafræn var einnig gerð krafa um að notuð væru rafræn skilríki til að samþykka niðurstöður um höfuðstólsleiðréttingu. Umræða um upptöku og innleiðingu rafrænna skilríkja hefur staðið yfir í um 15 ár og má segja að hún hafi verið við

Samskiptapræðir

Leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána

Staða	Dagsetning	Tegund	Ólesin skilaboð	Fjöldi skilaboða	
Lokaður	18.5.2014 14:11:40	Umsókn um leiðréttingu	☐	1	Opna þráð
Lokaður	11.11.2014 00:00:00	Birting	☐	1	Opna þráð
Lokaður	30.11.2014 22:39:54	Athugasemd skráð á heimili	☐	2	Opna þráð
Lokaður	30.11.2014 22:50:15	Umsókn um einkaskilríki	☐	1	Opna þráð
Lokaður	5.1.2015 11:05:55	Samþykki á höfuðstöðsleiðréttingu	☐	1	Opna þráð
Lokaður	8.1.2015 18.30.33	Framkvæmd umsóknar leiðréttingar lokið	☐	1	Opna þráð

Séreignarsparnaður

Staða	Dagsetning	Tegund	Ólesin skilaboð	Fjöldi skilaboða	
Lokaður	28.5.2014 04:04:33	Umsókn v/séreignarsparnaðar	☐	1	Opna þráð
Lokaður	22.12.2014 08:43:46	Greiðsla staðfest	☐	1	Opna þráð
Lokaður	15.1.2015 14:17:47	Greiðsla staðfest v/ráðstöfunar séreignarsparnaðar	☐	1	Opna þráð
Lokaður	20.1.2015 14:17:47	Greiðsla staðfest v/ráðstöfunar séreignarsparnaðar	☐	1	Opna þráð
Lokaður	16.2.2015 17.17.40	Greiðsla staðfest v/ráðstöfunar séreignarsparnaðar	☐	1	Opna þráð
Lokaður	20.3.2015 12:47:35	Greiðsla staðfest v/ráðstöfunar séreignarsparnaðar	☒	1	Opna þráð

Á þjónustuvefnum leiðrétting.is er að finna yfirlit yfir öll samskipti milli RSK og viðskiptavina. Þar fá þeir m.a. afrit af umsóknum sínum, greiðslukvittanir, ýmsar tilkynningar frá ríkisskattstjóra og geta séð bæði athugasemdir og fyrirspurnir sínar ásamt svörum.

Það að breyta á rétt fyrir efnahagshrun árið 2008. Síðan þá hafði lítið gerst í því að skilríkjavæða þjóðina rafrænt en hins vegar hafði ný tækni rutt sér til rúms, rafræn skilríki á GSM sínum. Rafræn skilríki á GSM sínum eru mun einfaldari og þægilegri fyrir þann sem notar þau heldur en rafræn skilríki á korti, þar sem ekki er þörf á neinum aukabúnaði og einnig er hægt að nota þau á spjaldtölvum og snjallsímum. Sérstök átaki var ýtt úr vör við að innleiða rafræn skilríki í seinni hluta september 2014 og hafa nú verið gefin út 75 þúsund rafræn skilríki á GSM síma á einungis sex mánuðum. Það má með sanni segja að Íslendingar hafi tekið þessu fyrsta verkefni ríkisskattstjóra í hreinni rafrænni stjórnsýslu opnum örmum.

Framtíðin

Reynslan af Leiðréttingunni sýnir að Íslendingar eru opnir fyrir því að nýta sér nútímataækni í samskiptum sínum við RSK. Það er alveg ljóst að framtíðin liggur

í frekari rafvæðingu stjórnsýslunnar og stefnt er að því að auka rafræna þjónustu ríkisskattstjóra enn frekar á komandi árum. ■

”

Með betri framsetningu og einfaldara aðgengi að upplýsingum fjölgar þeim sem leita sér upplýsinga á vefnum í stað þess að hringja eða mæta í afgreiðslur ríkisskattstjóra

Rétt skráning lykilatriði

- Tenging fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár -



Ávallt er reynt að leita nýrra leiða til að þjónusta viðskiptamenn ríkisskattstjóra betur þannig að tryggt sé að þær upplýsingar sem finna má í skráum skráasviðs, sem eru öllum aðgengilegar, séu sem réttastar. Innan sviðsins má finna fjölda skráa svo sem ársreikningaskrá, fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og svo mætti lengi telja. Eitt af því sem tekið hefur verið upp til að forsvarsmenn félaga geti betur fylgst með því að opinberar upplýsingar séu réttar er tenging á milli fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár. Slík tenging ætti að geta tryggt að upplýsingar um breytingar á hlutafé, svo sem hlutafjárhækkunir og lækkunir, séu tilkynntar til fyrirtækjaskrár á réttum tíma, öllum til hagsbóta.

Bryndís Gunnlaugsdóttir
sérfræðingur á skráasviði

”

Samkvæmt lögum ber að tilkynna um hlutafjárhækkun innan árs frá ákvörðun, annars telst hún niður fallin

Tilkynning um breytingar

Á skráasviði RSK eru haldnar fjölmargar skrár og eru ársreikningaskrá og fyrirtækjaskrá þar á meðal. Í báðum þessum skráum má finna upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra félaga og hlutafé. Því miður hefur komið fyrir að upplýsingablað með ársreikningum er ekki í samræmi við upplýsingar í fyrirtækjaskrá um þessi atriði. Hefur þetta valdið vandkvæðum í ljósi þess að samkvæmt lögum ber að tilkynna um breytingu á stjórnarmönnum, framkvæmdastjórn og hlutafé til fyrirtækjaskrár og hefur það ekkert lagalegt gildi þótt fram komi í ársreikningum að t.d. hafi hlutafé verið hækkað. Samkvæmt lögum ber að tilkynna hlutafjárhækkun innan árs frá ákvörðun, annars telst hún niður fallin og ber félaginu þá að endurgreiða án tafar fjármuni er fengnir voru við hækkunina til þeirra er skráðu sig fyrir hlutum. Reglur um lækkun hlutafjár eru enn stífari og ber að tilkynna um hana innan mánaðar frá ákvörðun.

Ábendingar um misræmi

Á síðasta ári var af framangreindum ástæðum tekin ákvörðun um að samtengja betur upplýsingar er koma fram í ársreikningum og fyrirtækjaskrá þannig að ef skráð hlutafé í ársreikningi stemmi ekki við skráningu í hlutafélagaskrá kemur upp ábending um misræmi. Var þetta fyrst gert við skil á ársreikningum ársins 2013 í þeim tilgangi að veita félögum betri þjónustu og tryggja betri upplýsingar bæði í ársreikningum og fyrirtækjaskrá. Í ljós kom við þessa breytingu að fjöldi félaga hafði ekki tilkynnt breytingar á hlutafé þrátt fyrir skýrt lagaákvæði þar um og hefur mikill tími fyrirtækjaskrár á síðastliðnu ári farið í að aðstoða félög við að tryggja rétta skráningu. Því þykir mikilvægt að benda fagaðilum sem sjá um ársreikningagerð fyrir félög á að tryggja að upplýsingar er koma fram í ársreikningum séu í samræmi við hliðstæðar upplýsingar í fyrirtækjaskrá. Stjórnarmenn og skoðunarmenn/

Út

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI

ska

Almennt

Framtal

Vefskil

Samskipti

Staðgreiðsla

Virðisaukaskattur

Gagnaskil

Ársreikningaskrá RSK

Skil ársreiknings

Takmörkuð skattskylda

Útskráning

Ársreikningur til Ársreikningaskrár RSK

Reikningsár: 2013
Reikningstegund: Ársreikningur
Afgrá

Tölvupóstfang

Dagsetning aðalfundar
Sækja stjórn úr fyrirtækjaskrá

Fjöldi ársverka

☐ Skjalið er í samræmi við frumrit ársreiknings með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Sláðu inn dagsetningu aðalfundar og smelltu hér til að sækja stjórnina úr fyrirtækjaskrá

Sækja stjórn úr fyrirtækjaskrá

Skráð hlutafé í Fyrirtækjaskrá 31.12: 500.000
Hluthafalisti 31.12. skv. innsendum hlutafjármiðum

Röðun: [nafn | kennitala]

	Hlutafé	Hluttur %
2109504869 Friðjón Bjarnason	100.000	20,00%

Skráð hlutafé: 100.000 (20,00%)

Athugið að hlutafé samkvæmt fyrirtækjaskrá stemmir ekki við skráða hlutafjáreign hluthafa.

endurskoðendur skrifa undir ársreikning félaga og staðfesta þannig að um réttar upplýsingar sé að ræða og því er mjög miður ef síðar kemur í ljós að ákvarðanir um breytingu á hlutafé, stjórn eða framkvæmdastjórn hafi ekki skilað sér til réttra aðila, þ.e.a.s. til fyrirtækjaskrár til skráningar í hlutafélagaskrá.

Rafræn skil mikilvæg

Vonir standa til að nú, þegar hafin eru skil á ársreikningum 2014 til ársreikningaskrár, komi mun færri tilvik upp þar sem misræmi er milli skráningar í fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá. Þetta sýnir einnig hversu mikið öryggi er fólgið í því að skila ársreikningum rafrænt því þannig geta starfsmenn skráasviðs betur aðstoðað félög með því að nýta tölvukerfi RSK til að leita að misræmi og koma í veg fyrir ranga skráningu áður en það er orðið of seint. ■



Atvinnurekstur 2013



Páll Kolbeins

rekstrarhagfræðingur sér um birtingu og vinnslu skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga til birtingar í Tíund

Frestur lögaðila til að skila skattframtali vegna rekstrarársins 2013 rann út í september sl. Skattframtal rekstraraðila er einstök heimild um atvinnulífið í landinu og gefur gott yfirlit yfir rekstur ársins og efnahag í lok árs. Allir skattskyldir lögaðilar og einstaklingar með rekstur sem veltir meiru en 20 milljónum á ári þurfa að skila þessu eyðublaði. Einstaklingar sem reka fyrirtæki í eigin nafni sem veltir minna en 20 milljónum skila rekstraryfirliti eða rekstrarskýrslu með skattframtali þegar þeir telja fram sem einstaklingar og bændur skila landbúnaðarskýrslum. Í byrjun mars sl. hafði 31.961 fyrirtæki skilað skattframtali rekstraraðila en ríflega 38 þúsund fyrirtæki voru á skattgrunnskrá.

REKSTUR

Rekstrartekjur

Til langs tíma litið þarf tekjur til að greiða gjöld og ýmsan kostnað þannig að fyrirtæki geti starfað. Vissulega eru til fyrirtæki sem afla hvorki tekna né stofna til útgjalda. Yfirleitt er engin starfsemi í

staklinga jukust um tæp þrjú prósent á milli áráanna 2012 og 2013 sem ætti að gefa ákveðna vísbendingu um að umsvif fyrirtækja og hagnaður hefðu aukist. Rekstrartekjur fyrirtækja voru 3.814 milljarðar árið 2013, 472 milljörðum lægri en árið 2012. Síðbúin skattframtöl eru enn að berast þannig að ekki er útséð um að þessi tala eigi eftir að hækka þegar frá líður. Þá

”

Það er athyglisvert að tæpur þriðjungur félaga sem búinn var að skila skattframtali um miðjan marsmánuð var ekki með neinar rekstrartekjur

slíkum fyrirtækjum. Ef tekjur duga ekki fyrir gjöldum þarf að afla fjár til rekstrarins með öðrum hætti, með því að taka fé að láni eða með framlagi eigenda.

Það kemur á óvart að rekstrartekjur fyrirtækja samkvæmt skattframtölum drógust nokkuð saman milli áráanna 2012 og 2013. Staðgreiðsluskyldar greiðslur ein-

eru fyrirtæki mjög misstór þannig að það getur skipt talsverðu máli ef eitt stórt fyrirtæki hefur ekki skilað.

Það er athyglisvert að 9.436 af 31.961 fyrirtæki sem búin var að skila skattframtali um miðjan marsmánuð voru ekki með neinar rekstrartekjur. Það er tæpur þriðjungur félaga. Á undanförunum árum


hefur fjárfestingarfélögum eða eignarhaldsfélögum fjölgað mikið og þessi félög hafa flest hver aðallega tekjur af vöxtum, arði eða gengisbreytingum. Þetta þarf þó ekki að þýða að engin starfsemi hafi verið í þessum félögum.

Þau fyrirtæki sem voru í eiginlegum rekstri seldu vöru og þjónustu fyrir 3.753 milljarða árið 2013. Þetta er um 54 milljörðum minna að raunvirði en árið áður. Tekjur af starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti drógust saman um 50 milljarða á milli árunna 2012 og 2013. Hér er aðallega um að ræða starfsemi fjármálafyrirtækja. Undanþegin starfsemi er mun umfangsminni nú en árið 2008. Þá voru tekjur af undanþeginni starfsemi um 1.375 milljarðar, eða 838 milljörðum meiri en árið 2013. Þessi starfsemi hefur því dregist saman um 61% á umræddu tímabili. Umfang og vægi undanþeginnar starfsemi hefur minnkað sem skýrist af breyttum skilyrðum og gengi fjármála-starfsemi. Tekjur í undanþeginni starfsemi voru um 30,5% af sölu vöru og þjónustu árið 2008 en árið 2013 vó þessi velta um 14,3%.


Önnur velta hefur breyst minna. Velta sem er undanþegin virðisaukaskatti, aðallega útflutningur sem ber ekki virðisaukaskatt, dróst saman um 21 milljarð á milli árunna 2012 og 2013. Undanþegin velta jókst mikið þegar fjármálakerfi landsins riðaði til falls og gjaldmiðillinn féll í verði gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Hún jókst um 26,9% á milli árunna 2007 og 2008. Hún var 1.251 milljarður árið 2013 eða um 376 milljörðum meiri en árið 2007.

Ólíkt undanþegnu veltunni dró mikið úr virðisaukattsskyldri sölu á innanlandsmarkaði í kjölfar umskiptanna sem hér urðu árið 2008. Árið 2007 var virðisaukattsskyld velta 2.317 milljarðar. Árið 2009 hafði hún minnkað um rúman fjórðung, eða 26%, en síðan þá hefur hún aukist ár frá ári. Virðisaukattsskyld velta var 1.965 milljarðar árið 2013, 352 milljörðum minni en árið 2007. Hún var þó 251 milljarði meiri en árið 2009. Virðisaukattsskyld velta var 17 milljörðum meiri 2013 en árið 2012. Enn eiga eftir að berast framtöl og því er ekki ólíklegt að veltan eigi eftir að aukast meira.

Félög geta haft tekjur af sölu eigna sem ekki hafa verið keyptar til endursölu. Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður, eða aðrar tekjur hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtali þá þarf að leiðrétta tekjurnar þannig að rekstrartekjur í skatt-




Rekstrartekjur fyrirtækja jukust mikið upp úr aldamótum, mest í undanþeginni starfsemi, en hér er helst um rekstrartekjur fjármálafyrirtækja að ræða. Frá árinu 2008 hafa rekstrartekjur minnkað aftur. Rekstrartekjur af undanþeginni veltu, sem er að mestu útflutningur, hafa aukist á sama tíma og önnur velta hefur minnkað. Rekstrartekjur fyrirtækja hafa að mestu staðið í stað frá árinu 2008.




Hagnaður af rekstri jókst umtalsvert frá árinu 2000 til ársins 2007 en tap af rekstri jókst mikið við fall bankanna. Hagnaður af rekstri hefur aldrei verið meiri en árið 2012, en hér skiptir endurmat á verðbréfum vafalaust miklu.

Laun, leiga og vextir



Launakostnaður fyrirtækja jókst hratt upp úr aldamótum og náði hámarki árið 2007. Þá féllu launagreiðslur mjög hratt, um 24,4% fram til ársins 2010. Síðan þá hefur launakostnaður fyrirtækja aukist, hann hækkaði um 13,6% frá 2010 til 2013. Vaxtakostnaður umfram vaxtatekjur hátt í nífaldaðist á árunum 2005 til 2008 og árið 2008 var vaxtakostnaður 699 milljarðar og launakostnaður 705 milljarðar.

Hagnaður/ tap af rekstri



Hagnaður af rekstri jókst umtalsvert frá árinu 2000 til 2007, eða um 458,4%, en á sama tíma jókst tap þeirra fyrirtækja sem voru rekin með tapi um 195,1%. Þótt tap hafi almennt aukist árið 2008 má rekja langstærstan hluta taps árunum 2008 og 2009 til fáeinna félaga. Síðan þá hefur tap minnkað en hagnaður hefur hins vegar ekki aukist ef frá er talinn mikill hagnaður árið 2012 sem rekja má til endurmats á verðbréfum.

framtali verði jafnar rekstrartekjum skv. ársreikningi félagsins. Mismunur á sölu og rekstrartekjum er því aðrar tekjur, söluhagnaður og skattalegar leiðréttingar.

Rekstrargjöld

Ágóðinn af rekstri fyrirtækja og þeirra sem þar starfa á að standa undir rekstrargjöldum auk þess sem fjárfestar og lánardrottinnar vilja yfirleitt fá eitthvað fyrir sinn snúð. Fyrirtækin greiddu 3.440 milljarða árið 2013 til að skapa 3.814 milljarða tekjur. Rekstrargjöld voru 5,7% hærri en árið áður og hækkuðu því á sama tíma og rekstrartekjur drógust lítillega saman. Hagnaður af rekstri var 375 milljarðar, eða um 658 milljörðum minni en árið 2012, en þá voru rekstrartekjur mun hærri en rekstrargjöld fyrirtækja. Hagnaður af rekstri var þá 24,1% af rekstrartekjum. Skattalegar leiðréttingar með tilliti til ársreiknings minnkuðu um 471 milljarð á milli ára. Hagnaður af rekstri var nú um 9,8% af rekstrartekjum, sem er hátt þegar árin fyrir 2004 eru höfð til hliðsjónar. Um 90,2% rekstrartekna fyrirtækja í landinu er varið til þess að greiða rekstrargjöld, laun og leigu og 9,8% standa eftir til að greiða vexti og arð til eigenda.

Fyrirtæki sem voru búin að skila skattframtali rekstraraðila um miðjan febrúar greiddu 691 milljarð í laun, hlunnindi, lífeyri og launatengd gjöld árið 2013. Þetta er um 15 milljörðum, eða 2,3%, meira að raunvirði en árið áður. Launakostnaður var um 20,1% af rekstrargjöldum fyrirtækja sem er áþekkt því sem verið hefur í gegnum tíðina ef frá eru talin árin 2008 til 2010 þegar allt gekk úr skorðum og launagreiðslur fyrirtækja féllu niður undir 5,9% af rekstrargjöldum. Þetta var á þeim tíma sem fjármálakerfið hrundi og miklar fjárhæðir töpuðust og voru gjaldfærðar í reikningum fyrirtækjanna í landinu. Árið 2009 var launakostnaður um 581 milljarður, 13 milljörðum hærri en hann hafði verið árið 2004 en síðan þá hafa launagreiðslur aftur hækkað. Fyrirtæki sem skiluðu rafrænu skattframtali greiddu 110 milljörðum, eða 18,8%, meira í laun árið 2013 en árið 2009. Launakostnaður var 39 milljörðum hærri en hann hafði verið árið 2005.

Af 31.961 fyrirtæki sem hafði skilað skattframtali vegna rekstrarársins 2013 um miðjan mars sl. er athyglisvert að rúmum helmingur, eða 16.420 fyrirtæki, greiddi hvorki laun né launatengd gjöld á árinu en 7.213 þeirra voru þó með rekstrartekjur. Tekjurnar hafa þá bersýnilega orðið til af sjálfu sér, sem er nýlunda.

Rekstrartekjur að frádregnum kostnaði, rekstrarhagnaður, var 375 milljarðar sem segir manni að tæpar 10 kr. af hverjum 100 kr. sem komu inn í sölu skiptast á milli lánardrottna, ríkisins og eigenda. Ef launinum er bætt aftur inn í þá tölu þá skilaði reksturinn 1.066 milljörðum sem voru til skiptanna fyrir þá sem lögðu af mörkum við framleiðsluna og áttu eitt-hvað undir starfseminni. Sem fyrr segir var greiddur 691 milljarður í laun, hlunnindi, lífeyrissjóð og tryggingagjald vegna starfsmanna árið 2013 sem var um 64,8% þeirra 1.066 milljarða sem starfsemin gaf af sér. Afgangurinn skiptist á milli lánardrottna, hluthafa og ríkis.

Hagnaður af rekstri

Árið 2013 var hagnaður af rekstri 15.223 félaga. Samanlagður hagnaður þessara félaga var tæpir 598 milljarðar. Á hinn bóginn var tap af rekstri 14.492 félaga og 2.209 félög voru rekin á núlli. Það var því hagnaður af rekstri tæps helmings eða 48% félaga. Árið 2012 var hagnaður af 14.593 félögum en 14.606 voru rekin með tapi. Þá skiluðu 31.748 félög skattframtali þannig að 2.549 félög voru hvorki með rekstrartekjur né rekstrarhagnað.

Þau félög sem voru með rekstrartekjur voru með rúma 598 milljarða í rekstrarhagnað. Þessi félög voru með 3.247 milljarða í rekstrartekjur, eða um 85,1% af rekstrartekjum fyrirtækja. Launakostnaður þeirra var 538 milljarðar. Þau greiddu um 77% af þeim launum sem fyrirtæki greiddu í landinu og hagnaður af rekstri þeirra var 598 milljarðar, eða 18,4% af rekstrartekjum.

Rekstrarhagnaður félaga minnkaði og rekstrartap jókst á milli árunna 2012 og 2013. Rekstrarhagnaður var 1.186 milljarðar árið 2012 og minnkaði því um 588 milljarða á milli ára, eða 49,6%. Á sama tíma jókst rekstartap félaga um 70 milljarða að raunvirði og fór úr 153 milljörðum í 224 milljarða.

Árið 2012 var mjög óvenjulegt ár en þá var stór hluti rekstrartekna vegna leiðréttinga nokkurra fjármálafyrirtækja með tilliti til ársreiknings. Þrátt fyrir að rekstrarhagnaður hafi minnkað talsvert á milli árunna 2012 og 2013 er hann ekki ósvipaður því sem hefur verið á undanförnum árum að undanskildu árinu 2012.

Rekstrartap tók að aukast upp úr 2005 og jókst það stöðugt fram til ársins 2008 er íslensk fyrirtæki töpuðu 8.315 milljörðum. Fyrirtæki töpuðu svo aftur 1.924 milljörðum árið 2009 og var samanlagt tap því 10.239 milljarðar þessi tvö ár.

Tapið minnkaði svo fram til ársins 2012 en hefur síðan aukist aftur og var nú 224 milljarðar.

Þegar menn hugsa um fyrirtæki þá hættir þeim til að einblína á rekstur og framleiðslu. Stór hluti skattskyldra lögaðila í landinu er hins vegar ekki í hefðbundnum rekstri heldur eignarhaldsfélög sem halda utan um eignir í öðrum eignarhaldsfélögum og rekstrarfélögum. Þessi félög eru oft lítið annað en verðbréfasjóðir eða sett upp til að flytja áhættu frá eigendum yfir á félagið. Fjármálastofnanir hafa í gegnum tíðina verið tilbúnar til að lána slíkum félögum fyrir fjárfestingum. Þegar fjármálakreppan reið yfir á sínum tíma urðu mörg þessara eignarhaldsfélaga fyrir verulegu áfalli.

Hagnaður skv. ársreikningi

Árið 2013 voru 14.867 fyrirtæki rekin með hagnaði eftir að vextir höfðu verið greiddir og jafnaðir á móti vaxtatekjum og gengishagnaði og verðbréfaeign færð niður til samræmis við skattalög. Samanlagður hagnaður þessara félaga var rúmir 730 milljarðar, nokkru hærri en hagnaður af rekstri sem var 598 milljarðar. Inni í hagnaði skv. ársreikningi eru óreglulegar tekjur og endurmat verðbréfaeignar sem og tekjufærsla vegna skulda sem gefnar hafa verið eftir af lánardrottnum en þessar

með tap skv. ársreikningi. Þessi félög voru með 40 milljarða í hagnað af rekstri en töpuðu 54 milljörðum skv. ársreikningi.

Tap skv. ársreikningi

Þótt ekki sé það óþekkt þá er frekar óvenjulegt að fyrirtæki skili hagnaði skv. ársreikningi þegar reksturinn, burtséð frá fjármagnskostnaði, stendur ekki undir sér. Mun algengara er að arðbær rekstur standi ekki undir vöxtum en að fyrirtæki sem eru í rekstri sem stendur ekki undir sér hafi hagnað af fjármálastarfsemi. Menn geta þá í framhaldinu velt því fyrir sér hvort rekstur sem ekki stendur undir vöxtum sé í reynd arðbær. Bankar og lánastofnanir hljóta að þurfa að velja úr þeim verkefnum og vöxtum sem þau telja að séu ásættanleg og skili mestum hagnaði og minnstum líkum á tapi. Ef ekki eru líkur á að reksturinn standi undir vöxtum og fullnægjandi veð eru ekki fyrir hendi fá menn ekki lán til rekstrarins.

Árið 2013 var hagnaður skv. ársreikningi 14.893 fyrirtækja en 15.675 fyrirtæki voru með tap skv. ársreikningi. Það voru því 782 fleiri fyrirtæki sem voru með tap en hagnað. Hagnaður skv. ársreikningi var tæpir 730 milljarðar. Tap skv. ársreikningi var hins vegar tæpir 305 milljarðar. Athyglisvert er að þau félög sem voru með tap skv. ársreikningi voru með 152 millj-

”

Starfsmönnum var greiddur 691 milljarður í laun, hlunnindi, lífeyrissjóð og tryggingagjald árið 2013 sem var um 64,8% þess sem starfsemin gaf af sér

tekjur eru ekki skattlagðar fyrr en þær eru innleystar. Af þeim 15.223 félögum sem voru með hagnað af rekstri var 13.271 með hagnað samkvæmt ársreikningi. Athyglisvert er að 1.474 félög sem voru með tap af rekstri voru hins vegar með hagnað skv. ársreikningi.


Bróðurpartur þeirra 15.223 félaga sem rekin voru með hagnaði, eða 13.271, var einnig með hagnað skv. ársreikningi. Hagnaður af rekstri þessara félaga var 558 milljarðar en hagnaður skv. ársreikningi félaganna var 418 milljarðar. Um fjórðungur hagnaðar skv. rekstri fór í vexti og fjármagnsliði. Á hinn bóginn voru 1.933 þeirra félaga sem rekin voru með hagnaði

arða í rekstrartap. Það segir ákveðna sögu að þó að færri félög séu rekin með hagnaði skv. ársreikningi en tapi þá voru rekstrartekjur félaga sem voru rekin með hagnaði 3.074 milljarðar á meðan rekstrartekjur félaga sem rekin voru með tapi voru 736 milljarðar. Félög sem rekin voru með hagnaði eru því í mun umsvifameiri rekstri en þau félög sem rekin voru með tapi.

Hreinar tekjur


Þó að félag sé rekið með hagnaði er ekki þar með sagt að það þurfi að greiða skatt af hagnaðinum. Ef niðurstaða rekstrar er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga þarf að

Hagnaður samkvæmt ársreikningi



Hagnaður skv. ársreikningi hátt í fimmtánfaldaðist að raungildi frá aldamótum fram til ársins 2007. Þrátt fyrir gríðarlegt tap árin 2008 og 2009 var engu að síður fjöldi fyrirtækja sem skilaði hagnaði þessi ár. Árið 2012 var hagnaður skv. ársreikningi um 2.194 milljarðar og hafði þá aldrei verið meiri. Hagnaður var 730 milljarðar árið 2013, talsvert minni en tvö síðustu árin þar á undan.

Tap samkvæmt ársreikningi



Árið 2005 fór tap fyrirtækja að aukast. Það var 101 milljarður árið 2005, 256 milljarðar árið 2006, 876 milljarðar árið 2007 og loks 14.885 milljarðar árið 2008. Tapið var að mestu vegna fjármála- og fjárfestingastarfsemi. Mikið hefur dregið úr taprekstri á síðustu árum en tapið er þó enn umtalsvert þegar horft er til fyrri hluta tíunda áratugarins.

leiðréttastofninn. Þá eru ýmsir tekju- og frádráttarliðir sem taka þarf tillit til áður en skattstofninn er reiknaður út. Fyrirtæki sem rekin eru með tapi eitt árið geta flutt tapið yfir til næsta árs og nýtt það á móti skattgreiðslu þess árs. Skatturinn er þannig reiknaður af hagnaði nokkurra síðastliðinna ára en ekki hagnaði hvers árs. Fyrirtæki sem hafa ekki verið rekin með tapi þurfa hins vegar að greiða skatt af hagnaði ársins en fá skattinn ekki endurgreiddan ef tap verður af rekstrinum.

Tekjuskattstofn félaga var 254 milljarðar árið 2013 eða 39 milljörðum hærra en árið 2012 og hækkaði um 18,4% á milli ára. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að hagnaður af rekstri minnkaði um 588 milljarða og hagnaður skv. ársreikningi minnkaði um 1.464 milljarða á milli ára. Þá var hagnaður eftir skattalegar leiðréttingar 419 milljörðum minni en árið 2012, hagnaður fyrir yfirfæranlegt tap var 985 milljarðar árið 2012 en 566 milljarðar árið 2013. Árið 2012 voru hreinar tekjur 214 milljarðar þannig að 9,8% hagnaðar skv. ársreikningi var skattlagður á meðan 90,2% hagnaðar var ýmist lækkaður vegna skattareglna eða fór í að jafna tap fyrri ára. Árið 2013 voru um 34,7% hagnaðar skattlögð. Þetta er ástæða þess að skattstofninn vex á sama tíma og hagnaðurinn minnkar.

Það skiptir miklu fyrir fyrirtæki að nýta yfirfæranlegt tap fyrri ára til að lækka tekjuskattstofn. Undir venjulegum kringumstæðum væri eftirgjöf skulda tekjufærð í rekstri fyrirtækja en lög um eftirgjöf sem sett voru eftir að skuldir félaga hækkuðu mikið í kjölfar fjármála-áfallsins sem reið yfir landið hafa gert félögum kleift að nýta yfirfæranlegt tap upp á móti tekjum af eftirgjöfinni. Það sem eftir stendur þegar tekjur hafa verið leiðréttað með tilliti til skattalaga og yfirfæranlegs taps má nýta á móti tekjum.

Yfirfæranlegt tap

Yfirfæranlegt tap félaga tók að aukast mikið á uppgangsárum fjármála- og fjárfestingastarfsemi hér á landi. Upp úr miðjum fyrsta áratug þessarar aldar tóku alþjóðleg fjárfestingarfélög að sýsla með mikla fjármuni. Markaðir voru að hækka, bjartsýni ríkti og auðvelt var að fá fé lánað til fjárfestinga. Árangurinn af þessari starfsemi var þó ekki alltaf eins og vonir stóðu til. Árið 2000 var yfirfæranlegt tap félaga um 239 milljarðar en árið 2005 var það orðið 377 milljarðar og hafði þá aukist um 57,5% á fimm árum. Árið 2006 var tapið orðið 653 milljarðar, 277 milljörðum hærra en árið áður og 173,1% hærra en

árið 2000. Það jókst aftur um 394 milljarða, eða 60,3%, árið 2007 og var þá orðið 1.047,4 milljarðar.

Steininn tók úr árið 2008 þegar fjármálakerfi landsins riðaði til falls. Yfirfæranlegt tap í árslok þess árs var 8.289 milljarðar, eða meira en fjórföld landsframleiðsla. Síðan þá hefur yfirfæranlegt tap verið í hæstu hæðum og í mörgum tilvikum sýnt að það yrði aldrei greitt upp. Engu að síður hefur tapið minnkað á síðustu árum. Yfirfæranlegt tap félaga sem voru búin að skila skattframtali um miðjan mars sl. vegna rekstrarársins 2013 var rúmir 6.093 milljarðar, eða um þriðjunginn minna en árið 2012. Tap hefur verið nýtt upp í hagnað eða fyrirtæki hafa farið í þrot og hætt að skila framtali. Rétt er að árétta að fáein fyrirtæki eiga bróðurpart yfirfæranlegs taps fyrirtækja. Ef eitthvert þessara félaga dregur að skila skattframtali skekkir það myndina svo um munar.


EFNAHAGUR

Eignir

Þróun eigna og skulda fyrirtækja hér á landi hefur verið sérlega áhugaverð á undanförunum árum. Árið 2000 voru eignir fyrirtækja 4.378 milljarðar. Árið 2004 voru þær orðnar 12.112 milljarðar og árið 2007 voru þær 34.790 milljarðar. Þær höfðu þannig nær áttfaldast á sjö árum. Vitanlega urðu þessar eignir ekki til úr engu né heldur var um að ræða hagnað af rekstri eða gróða sem safnaðist upp á bankareikningum innanlands. Bróðurpartur þessara eigna var keyptur fyrir erlent lánsfé. Mikla eignaukningu má þannig rekja til alþjóðlegrar lána- og fjárfestingarstarfsemi sem óx mjög að umsvifum frá ári til árs á þessum gullaldarárum hvers konar fésýslu í landinu. Eignaukningin er ekki síst merkileg í ljósi þess að verg landsframleiðsla árið 2007 var tæpir 1.950 milljarðar. Árið 2007 jukust eignir um 7.958 milljarða eða fjórfalda landsframleiðslu.


Frá árinu 2007 hefur efnahagsreikningur félaga skroppið saman um 19.123 milljarða. Eignir fyrirtækja voru 15.667 milljarðar í árslok árið 2013, eða 55% minni en þær voru tæpu ári áður en allt hrundi en 1.234 milljörðum minni en árið 2012. Stór hluti þessara eigna er í eigu annarra fyrirtækja. Þegar allt kemur til alls eru það þó yfirleitt einstaklingar sem eiga eignirnar í þessum fyrirtækjum og eiga því persónulegra hagsmuna að gæta. Efna-

Hreinar tekjur



þrátt fyrir að hagnaður sé af starfsemi fyrirtækis er ekki þar með sagt að það greiði skatt af honum því hagnaður skv. ársreikningi er leiðréttur með hliðsjón af skattalögum. Þá geta fyrirtæki nýtt tap síðustu ára til að lækka skattstofninn. Hreinar tekjur eru skattstofn tekjuskatts og hann hækkaði talsvert á milli árunna 2012 og 2013 þrátt fyrir að hagnaður hafi minnkað og því var mun meira af hagnaði skattlagt árið 2013 en árið áður.

Yfirfæranlegt tap



Með auknum taprekstri á uppgangsárunum fyrir fall fjármálakerfisins jókst yfirfæranlegt tap mikið og mátti rekja mikið af því til fjárfestingafélaga. Þetta tap var þó óverulegt í samanburði við tap árunna eftir hrún. Yfirfæranlegt tap jókst um 277 milljarða árið 2006, um 394 milljarða árið 2007 og 7.242 milljarða 2008. Tapið lækkaði um 3.320 milljarða á árunum 2011 til 2013, eða rúman þriðjung.

Skattframtöl rekstraraðila 2004 til 2014 - Rekstur

Upphæðir í milljónum kr. á verðlagi ársins 2013

REKSTRARÁR	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi skattframtala	20.304	22.593	24.639	26.587	28.805	29.198	30.210	30.659	31.190	31.760	31.961
Rekstrartekjur											
Virðisaukaskattsskyld velta	1.340	1.620	1.810	2.189	2.317	2.015	1.714	1.754	1.777	1.948	1.965
Velta undanþegin virðisaukaskatti	603	682	730	862	875	1.111	1.137	1.269	1.284	1.273	1.252
Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti	371	515	626	981	1.250	1.375	963	786	575	587	537
Söluhagnaður	28	40	75	74	93	39	29	22	27	25	29
Aðrar tekjur	79	75	111	132	181	107	247	107	210	92	141
Leiðréttingar rekstrartekna m.t.t. árs	-5	-9	-49	-121	-105	-564	-439	-152	-74	362	-109
Rekstrartekjur samtals	2.416	2.922	3.304	4.118	4.611	4.082	3.652	3.785	3.798	4.286	3.814
Rekstrargjöld											
Hráfniskaup	337	364	411	727	932	1.422	747	438	453	466	415
Vörukaup	756	988	1.082	1.235	1.371	1.295	1.118	1.181	1.259	1.423	1.440
Leiga	40	45	52	59	68	71	72	70	70	73	72
Annar kostnaður	506	600	659	820	856	862	445	738	734	583	733
Laun og launatengd gjöld	503	568	652	729	805	705	581	609	639	676	691
Sölutap	5	6	4	3	4	804	14	13	7	7	10
Afskrifaðar viðskiptakröfur	0	0	0	0	0	0	0	241	71	111	101
Fyrningar	107	120	114	126	136	206	396	148	156	145	153
Önnur rekstrargjöld og leiðréttingar	-48	-84	-115	-196	-90	6.505	1.534	202	55	-231	-174
Rekstrargjöld samtals	2.207	2.607	2.859	3.505	4.082	11.870	4.907	3.639	3.445	3.253	3.440
Hagnaður af rekstri	277	393	541	725	754	527	669	634	603	1.186	598
Tap af rekstri	-67	-77	-96	-111	-224	-8.315	-1.924	-488	-250	-153	-224
Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld	209	315	444	613	530	-7.788	-1.256	146	353	1.033	375
Fjármagnsliðir											
Vaxtatekjur/gjöld	-38	-42	-81	-199	-292	-699	-547	-382	-279	60	-153
Gengishagnaður/tap	24	143	208	-40	29	-1.540	107	-242	-65	75	-122
Arður af hlutabréfum	0	0	0	73	120	67	15	41	61	43	94
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga	0	0	0	376	180	-2.004	-1.158	-330	81	303	226
Söluhagnaður af hlutabréfum	0	0	0	320	266	69	45	49	101	315	47
Sölutap af hlutabréfum	0	0	0	-3	-30	-802	97	33	46	4	4
Tekjur af eftirgjöf skulda	0	0	0	0	0	0	0	97	306	130	38
Tekjur af eftirgjöf skulda skilmálabr.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	21	14
Tekjur og gjöld af fjármálagerningum	0	0	0	157	-77	-1.058	-479	-19	4	15	13
Niðurfærsla verðbréfaeignar	0	0	0	-4	-89	-683	-91	-50	-72	-34	-33
Aðrar tekjur og gjöld	96	250	712	27	-15	-7	248	-154	-137	-85	-77
Samtals	82	351	840	707	91	-6.658	-1.761	-958	47	847	50
Hagnaður skv. ársreikningi	393	751	1.385	1.576	1.497	439	844	756	1.104	2.194	730
Tap skv. ársreikningi	-101	-85	-101	-256	-876	-14.885	-3.861	-1.567	-704	-314	-305
Samtals	292	666	1.284	1.320	621	-14.446	-3.017	-811	400	1.880	425
Skattalegar leiðréttingar	-265	-501	-1.087	-1.340	-827	7.056	1.605	608	-939	-1.122	-166
Hagnaður fyrir yfirfæranlegt tap	91	252	319	354	387	251	485	785	641	985	566
Tap fyrir yfirfæranlegt tap	-64	-87	-122	-374	-593	-7.641	-1.897	-989	-1.180	-227	-307
Samtals	27	165	197	-20	-207	-7.390	-1.412	-204	-538	758	259
Hreinar tekjur	90	183	255	303	255	160	216	209	202	214	254
Yfirfæranlegt tap	333	342	377	653	1.047	8.289	7.611	9.272	9.413	8.347	6.093
Samtals	-243	-159	-122	-351	-792	-8.129	-7.395	-9.063	-9.211	-8.133	-5.840


Tölur sýna upphæðir sem framteltjendur, endurskoðendur eða bókarar höfðu skráð á skattframtöl þeirra lögaðila sem höfðu skilað rafrænu skattframtali í lok febrúar sl. og miðast þær við stöðu framtalsgagna á þeim tíma.

Skattframtöl rekstraraðila 2004 til 2014 - Efnahagur

Upphæðir í milljónum kr. á verðlagi ársins 2013


EIGNIR Í ÁRSLOK	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi skattframtala	20.304	22.593	24.639	26.587	28.805	29.198	30.210	30.659	31.190	31.760	31.961
Eignir											
Óefnislegar eignir	197	306	499	647	731	688	626	554	543	619	461
Mannvirki og lóðir	659	753	902	1.412	1.537	2.181	2.151	1.955	1.918	1.902	1.782
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	378	445	558	1.024	1.364	1.145	1.513	1.303	892	912	891
Eignarhlutur í innlendum og erlendum félögum	1.431	2.984	5.060	7.880	11.155	7.160	5.515	4.847	4.546	4.143	3.932
Kröfur	3.050	4.259	6.985	10.661	13.478	12.225	8.909	7.319	5.952	5.234	4.596
Birgðir	181	202	222	275	303	318	248	237	246	256	242
Vörur og verk í vinnslu	40	54	68	93	95	58	39	25	26	29	38
Aðrar skammtímakröfur	544	688	824	1.094	1.267	1.436	858	1.072	619	587	551
Inneign virðisaukaskatts	7	7	11	15	16	15	13	16	13	14	12
Verðbréf	597	528	778	1.118	2.005	854	1.015	678	805	941	837
Handbært fé	508	942	1.001	1.505	2.147	1.809	1.744	2.154	1.721	1.916	2.048
Aðrar eignir	926	944	944	1.108	693	2.327	1.713	536	672	348	278
Eignir samtals	8.517	12.112	17.854	26.832	34.790	30.216	24.343	20.696	17.952	16.901	15.667
Skuldir											
Viðskiptaskuldir	335	395	424	492	533	533	667	857	567	579	551
Næsta árs afborganir langtímalána	105	113	175	386	582	805	933	692	477	355	280
Ógreiddur virðisaukaskattur	19	22	26	26	26	23	21	22	22	21	21
Aðrar fyrirfram innheimtar tekjur	36	53	50	77	50	44	35	28	34	43	45
Aðrar skammtímaskuldir	857	1.094	1.525	2.147	2.440	4.783	4.467	6.790	5.573	4.750	4.935
Eftirlaunaskuldbindingar	6	7	7	14	19	14	12	9	10	10	10
Tekjuskattskuldbindingar	59	128	243	237	234	19	21	54	39	58	57
Erlendar langtímaskuldir	583	850	1.597	2.782	4.011	5.868	3.311	5.676	4.401	3.146	2.805
Skuldir við tengda aðila	338	862	832	1.397	2.465	2.568	3.130	3.321	2.935	3.152	2.848
Aðrar langtímaskuldir	2.800	3.733	5.864	8.869	11.762	14.035	11.821	7.225	7.346	6.470	5.529
Erlendar skammtímaskuldir	239	319	591	1.041	1.619	2.937	4.371	286	43	32	24
Innborgun fyrir afhendingu	2	3	0	3	3	1	1	0	0	0	1
Skuldir samtals	5.379	7.578	11.335	17.472	23.743	31.630	28.790	24.959	21.446	18.615	17.105
Eigið fé											
Hlutfé/stofnfé	1.922	2.453	2.758	3.757	3.572	5.099	4.160	2.775	2.770	2.519	2.215
Lögbundinn varasjóður	473	926	1.299	1.241	3.113	3.502	3.229	3.044	2.777	1.744	1.706
Annað eigið fé	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtala eiginfjárliða	2.394	3.379	4.057	4.998	6.685	8.601	7.389	5.819	5.547	4.263	3.921
Annað eigið fé í upphafi árs	516	680	1.035	2.513	4.134	3.149	-8.632	-9.811	-9.476	-8.565	-5.547
Hagnaður/tap	291	667	1.281	1.298	620	-12.585	-2.989	-811	429	1.881	434
Reiknað endurgjald	2	2	2	2	2	2	1	1	1	1	2
Úttekt úr rekstri	68	74	40	100	179	69	440	179	22	10	11
Framlög til rekstrar	149	68	1	85	1	3	8	9	2	2	3
Úthlutaður arður	43	92	125	189	246	186	73	73	92	106	181
Aðrar breytingar á eigin fé	-101	-95	309	733	27	1.582	322	782	143	823	-51
Annað eigið fé í lok árs	745	1.156	2.464	4.341	4.359	-8.105	-11.804	-10.081	-9.015	-5.975	-5.353
Eigið fé samtals											
Jákvætt eigið fé	3.254	4.662	6.651	9.531	11.388	9.507	6.951	5.120	5.035	5.417	5.157
Neikvætt eigið fé	-116	-128	-132	-171	-342	-10.922	-11.398	-9.384	-8.530	-7.132	-6.596
Samtals	3.138	4.534	6.519	9.360	11.047	-1.415	-4.447	-4.264	-3.494	-1.715	-1.438

Eignir



Upp úr aldamótum jukust eignir fyrirtækja mikið. Frá árinu 2000 og fram til ársins 2007 jukust eignir um 30.412 milljarða eða nær áttfölduðust á sjö árum. Stóran hluta þessarar eignaaukningar mátti rekja til verðhækkunar á eignum sem keyptar voru fyrir lánsfé. Eignir jukust lengst af meira en skuldir en byrjuðu að falla í verði árið 2007, ári fyrr en skuldirnar. Efnahagur fyrirtækja minnkaði aftur um rúma 19.123 milljarða fram til ársins 2013.

Skuldir



Skuldir fyrirtækja jukust mikið fyrsta áratug aldarinnar. Eignir jukust þó meira en skuldir og efnahagur styrktist. Eftir að eignirnar féllu í verði árið 2008 héldu skuldir hins vegar áfram að aukast og eigið fé þurrkaðist út. Frá árinu 2000 til 2007 jukust skuldir um 20.376 milljarða, þær jukust um 7.887 milljarða árið 2008 en hafa síðan lækkað um 14.525 milljarða.

hagsreikningur fyrirtækja eru mun stærri en efnahagur einstaklinga. Einstaklingar töldu fram eignir á skattframtali sem metnar voru á 3.989 milljarða í árslok árið 2013 en þar af var nafnverð hlutabréfa tæpir 48,5 milljarðar.

Hagnaður fyrir skatta sem hlutfall af eignum segir til um það hversu vel eignirnar nýtast til að framleiða tekjur. Þetta hlutfall var aðeins 1,6% árið 2013 sem er frekar lágt miðað við það sem fjárfestar í einstökum fyrirtækjum myndu setta sig við sem ávöxtun á eignum. Einstakar eignir gefa vitanlega af sér mun meiri ávöxtun á meðan aðrar skapa engar tekjur. Í gegnum tíðina hefur hagnaður skv. ársreikningi sem hlutfall af eignum verið um og yfir eitt prósent en fallið á síðustu árum sem hafa verið mjög óvenjuleg.

Skuldir

Í eina tíð, þegar hinn íhaldssami bankamaður réði ríkjum í fjármálastofnunum, fóru menn sér að engu óðslega. Erfitt var að fá lán fyrir kaupum á framleiðslutækjum sem þó hefðu átt að heita gulltryggð fjárfesting. Það voru engir peningar til. Fyrirtæki sem stendur frammi fyrir því að þéna eina krónu á hverjar tíu sem það selur getur tífaldað hagnað með því að tífalda framleiðsluna en til að tífalda framleiðslu þarf oftast en ekki að kaupa afkastameiri vélar, tæki og hráefni fyrir peninga sem ekki eru til í fyrirtækinu. Þá liggur beint við að taka lán svo að unnt sé að færa út kvíarnar. Með nokkurri einföldun má segja að á meðan rekstrarhagnaður er meiri en það kostar að taka lán borgar sig að taka lán til að hægt sé að auka sölu og þar með rekstrartekjur fyrirtækisins, eða með öðrum orðum færa út kvíarnar. Vextir sem ráðast af vilja lánardrottna til að lána og áhættu ráða mestu um það hvort að það borgi sig að taka lán fyrir framleiðslutækjum. Lægri vextir þýða að það borgar sig að leggja í verkefni sem gefa af sér minni arð. Því meiri lán sem eru tekin þeim mun meiri áhætta og hærri vextir.

Fjármálaspekingar hafa löngum velt vöngum yfir því hvort og hversu mikið sé rétt að taka að láni. Skuldir auka vissulega líkur á því að fyrirtæki eigi erfitt með að standa í skilum. Á hinn bóginn getur reksturinn oft ávaxtað lánsféð og með því móti bætt hag hluthafa þar sem þeir fá ávöxtun á allar eigur fyrirtækisins, líka þær sem eru teknar að láni. Því meiri eignir, þeim mun meiri hagnaður og þeim mun meiri gróði fyrir hluthafana. Hluthafar taka meiri áhættu en aðrir og vilja því fá meiri


ávöxtun á hlutafé sem er hætt heldur en lánsfé. Menn hafa því oft sagt að hlutafé sé dýrasta fé sem fyrirtæki geti lagt í ákveðin verkefni og því borgi sig að taka fé að láni fyrir verkefnum frekar en að leggja eigið fé í þau. Þá má draga vexti frá tekjum þegar skattstofninn er fundinn sem lækkar raunverulegan vaxtakostnað fyrirtækjanna um skatthlutfallið en arður er hins vegar greiddur út af tekjum eftir skatt.

Þetta þýðir í stuttu máli að vextir af lánnum eru skattfrjálsir og því er talið hagkvæmara að reka fyrirtæki með lánsfé heldur en framlagi eigenda, eða hlutafé. Þessi munur eykst eftir því sem skattur á hagnað lögaðila er hærri. Það skýtur skökku við að eftir því sem skattar á hagnað félaga hækka lækki vaxtakostnaður sem þýðir að fjármagnskostnaður fyrirtækisins minnkar ef meiri skuldum er bætt á fyrirtækið. Að öðru leyti ætti ekki að skipta máli hvort fyrirtæki eru fjármögnuð með hlutafé eða lánsfé þegar ávöxtun er metin. Þyngri skuldabyrði þýðir meiri líkur á gjaldþrotum og hærri vextir.

Skuldir íslenskra fyrirtækja í byrjun aldarinnar jukust hins vegar ekki vegna kaupa Íslendinga á framleiðslutækjum heldur vegna þess að kjarkaðir menn og konur tóku óhikað lán fyrir kaupum á framleiðslutækjum og jafnvel á verðbréfum. Í landinu varð til ný atvinnugrein, alþjóðleg fjárfestingastarfsemi, sem gekk út á það að taka lán til að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum. Fyrirtækin sem hlutabréfin voru í voru aftur fyrirtæki með hlutabréfum í. Fyrirtæki með hlutabréfum í áttu svo hluti hvert í öðru. Vel rekin fyrirtæki voru keypt á yfirverði fyrir lánsfé og yfirverðið fært sem viðskiptavild. Hlutabréfum í rekstrarfélögum var síðan steypt inn í „skuldsettar“ fyrirtækjasamstæður sem samanstóðu að mestu af viðskiptavild og hlutabréfum.


Á meðan framboð lánsfjár var yfrið og eftirspurn hlutabréfaspekúlanta eftir lánsfé takmarkalítið jókst eftirspurn eftir hlutabréfum sem hækkuðu í verði eftir því sem eftirspurn eftir hlutabréfum jókst. Þegar hlutabréfin hækkuðu svo í verði græddu þessi eignarhaldsfélög sem sum hver höfðu fjárfest fyrir hundruð milljarða með tilstuðlan og fyrir atbeina innlendra lánastofnana. Efnahagsreikningur fyrirtækja í landinu blés út eins og blaðra. Lán voru tekin út á eignarhluti í eignarhaldsfélögum til kaupa á eignarhlutum í eignarhaldsfélögum. Á meðan eftirspurn eftir hlutabréfum í eignarhaldsfélögum hélt áfram að aukast hækkaði verðið og allir græddu. Þetta ástand varði í nokkur ár.

Eignir og hagnaður




Frá árinu 1997 fram til 2006 jókst hagnaður að frádregnu tapi talsvert hraðar en eignir. Tap árána 2008 til 2011 var mjög mikið með hliðsjón af þeim eignum sem bundnar voru í fyrirtækjunum. Frá árinu 1997 til 2013 13,9-faldaðist efnahagur fyrirtækja og hagnaður skv. ársreikningi var 13 sinnum meiri árið 2013 en 1997.

Þróun eigna og skulda




Skuldir jukust eins og eignir en þó ívið meira en þær. Frá árinu 2001 til 2007 rúmlega sexfölduðust eignir og skuldir fyrirtækja. Árið 2008 féllu eignir í verði um 13,1% á sama tíma og skuldir jukust um þriðjung, en frá þeim tíma hafa eignir og skuldir fallið. Fyrst féllu eignir mun hraðar en skuldir en síðustu þrjú árin hafa skuldir lækkað hraðar en eignir og neikvætt eigið fé hefur minnkað.

Eigið fé



Frá árinu 2000 og til 2007 jókst eigið fé um 10.034 milljarða en þessi eign þurrkaðist út þegar eignir féllu í verði á sama tíma og skuldir hækkuðu. Árið 2009 voru skuldir 4.416 milljörðum hærri en eignirnar en síðan þá hefur gengið saman með eignum og skuldum um 2.988 milljarða. Skuldir eru enn 1.432 milljörðum meiri en eignirnar.

Eigið fé - jákvætt og neikvætt



Þrátt fyrir að samanlagðar skuldir fyrirtækja séu hærri en eignir er engu að síður um óskylda aðila að ræða. Jafnvel á verstu tímum, eða árið 2008, var eigið fé í um 56% fyrirtækja. Eigið fé, sem var 11.388 milljarðar árið 2007, minnkaði um 6.231 milljarð fram til ársins 2013. Árið 2008 voru skuldir fyrirtækja sem skulduðu meira en þau áttu 10.922 milljörðum hærri en eignirnar. Árið 2013 voru skuldir umfram eignir um 6.326 milljarðar.

Þegar aftur var skrúfað fyrir lánaflæði fór peningavélin að hiksta. Hlutabréf hættu að hækka í verði, misstu flugið og hröpuðu síðan eins og loftsteininn af himni ofan. Skuldirnar sem framan af höfðu aukist eins og eignirnar en þó heldur minna en eignirnar, eins og lagt hafði verið upp með, héldu hins vegar áfram að hækka.

Árið 2000 skulduðu fyrirtækin 3.368 milljarða, sem voru um 76,9% af efnahag. Árið 2005 voru skuldirnar orðnar 11.335 milljarðar og höfðu þá aukist um 236,5% á fimm árum, voru þá 63,5% af efnahag. Þrátt fyrir miklar skuldir hefði mátt ætla að staða félaganna hefði styrkst en síðar átti hins vegar eftir að koma í ljós að það var fjarri sanni. Árið 2008 voru skuldir orðnar 31.630 milljarðar, eignir voru þá 30.216 milljarðar og í einni svipan var staðan gerbreytt. Matsverð eigna féll um 4.574 milljarða árið 2008 á sama tíma og skuldirnar jukust um 7.887 milljarða og voru þá orðnar 1.415 milljörðum, eða 4,7%, hærri en eignirnar. Þegar á heildina var litið var eigið fé fyrirtækja horfið.

Frá árslokum 2008 hafa skuldir, líkt og eignir, lækkað ár frá ári, samtals um 14.525 milljarða. Eignir hafa minnkað um 14.549 milljarða á þessum tíma. Skuldir voru 17.104 milljarðar í árslok 2013, 1.510 milljörðum minni en árið áður en þær eru þó enn 1.438 milljörðum, eða 9,2%, hærri en eignirnar. Samanlagt eigið fé fyrirtækja var því enn neikvætt árið 2013.

Matsverð eigna á að gefa rétta mynd af raunverulegu verðmæti eignanna á hverjum tíma. Það er þó ljóst að eign er ekki það sama og eign. Verðmat sumra eigna byggir á hugmyndum um núvirt tekjustreymi sem eignin mun gefa af sér í framtíðinni. Framtíðin er hins vegar óvissu háð og er þá tekið tillit til þess við mat á verðmæti tekjustreymisins. Ef aðstæður breytast, óvissan eykst og trú manna á framtíðina minnkar getur matsverð þessara eigna fallið um tugi prósent í einu vefangi.

Eigið fé

Á árunum 1997 fram til ársins 2007 voru yfirleitt ríflega tveir þriðjuhlutar eigna fyrirtækja í skuld. Tveir þriðjuhlutar eigna voru því í reynd í eigu lánardrottna en um þriðjungur í eign hluthafa. Þrátt fyrir að skuldir ykjust gríðarlega á uppgangsráunum fyrir hrún jukust þær þó lítið sem ekkert að tiltölu. Eignir jukust meira en skuldir og eigið fé jókst. Skuldir lækkuðu sem hlutfall af eignum þegar matsverð eigna hækkaði meira en skuldirnar.

Í byrjun aldarinnar var eigið fé fyrirtækja rétt rúmir eittþúsund milljarðar. Árið 2007 voru eignir umfram skuldir orðnar 11.047 milljarðar. Eigið fé fyrirtækja hafði aukist um 10.037 milljarða og nær 11-faldast á aðeins sjö árum. Bróðurpartur þessa eignaauka varð til þegar lán voru tekin fyrir eignum sem hækkuðu í verði, meira en lánin.

Skulda- og eignasöfnunin var að miklu leyti bundin við ákveðnar atvinnugreinar, þ.e. fjármálastarfssemi og rekstur eignarhaldsfélaga. Í reynd mátti rekja stóran hluta þessa breytta veruleika til fáeinna fyrirtækja í þessum atvinnugreinum. Svo að segja óheft streymi peninga þýddi hins vegar að atvinnulífið allt fór hvorki varhluta af né bar skarðan hlut frá borði þegar lánsfé var annars vegar.

Árið 2008 urðu svo alger þáttaskil. Á einu ári töpuðust 11.047 milljarðar sem höfðu verið eign fyrirtækja í landinu. Skuldir voru þá 1.415 milljörðum meiri en eignir. Þá töpuðust 3.330 milljarðar til viðbótar árið 2009 þegar skuldir hækk-uðu á sama tíma og eignir féllu í verði. Eigið fé fyrirtækja þurrkaðist þannig út á einu augabragði. Skuldir sem höfðu verið um 68,2% af eignum árið 2007 voru nú tæpum fimm prósentum hærri en eignir.

Frá árinu 2008 hafa eignir og skuldir fallið í verði ár frá ári. Fram til ársins 2010 féllu eignir um 9.520 milljarða á sama tíma og skuldirnar minnkuðu um 6.671 milljarð. Skuldir voru þá 4.262 milljörðum hærri en eignir, eða 20,6% hærri en eignir. Á árunum 2010 til 2013 lækkuðu skuldir hraðar en eignir, eignir um 5.029 milljarða á sama tíma og skuldir hafa lækkað um 7.854 milljarða. Skuldir voru 1.438 milljörðum hærri en eignirnar í árslok árið 2013, eða 9,2%.

Eigið fé ber þess merki að efnahags-reikningur fyrirtækja hefur dregist saman á undanförunum árum. Fyrirtæki sem áttu fyrir skuldum áttu samtals 5.157 milljarða í eigið fé í árslok árið 2013. Árið 2012 var eigið fé fyrirtækja 5.417 milljarðar. Þau fyrirtæki sem skulduðu meira en þau áttu skulduðu 6.595 milljarða umfram eignir árið 2013. Árið 2012 skulduðu fyrirtæki með neikvætt eigið fé 7.132 milljarða umfram eignir.

Hagnaður skv. ársreikningi eru tekjur eigenda af eign sinni í fyrirtækinu. Þessar tekjur eru skattlagðar eftir kúnstarinnar reglum þannig að ekki rennur allt í vasa hluthafa fyrirtækisins. Það kemur nokkuð á óvart hversu lág samanlögð ávöxtun eiginfjár í fyrirtækjum hefur verið í gegnum tíðina. Þegar tap er dregið frá

hagnaði var ávöxtun eiginfjár á árunum fyrir hrun yfirleitt um og yfir þrjú prósent. Þá er athyglisvert að eigið fé í þeim 14.893 félögum sem rekin voru með hagnaði var samanlagt neikvætt um 348 milljarða. Hagnaður þessara félaga var 730 milljarðar.

Af því 31.961 félagi sem skilað hafði framtali fyrir árið 2013 áttu 19.476 félög eignir umfram skuldir, eða 60,9%. 11.441 þessara félaga eða 58,7% var rekið með hagnaði. Það má ætla að þessi félög séu almennt í nokkuð góðum rekstri. Þessi félög voru með 2.636 milljarða í rekstrar-tekjur, eða um 69,1% rekstrartekna fyrirtækja í landinu. Hagnaður af rekstri var um 13,1%. Hagnaður skv. ársreikningi var um 616 milljarðar og því var hagnaður



Fyrirtækin aflu um 57,9% meiri tekna og greiða 37,4% meira í laun og launatengd gjöld en árið 2003. Þrátt fyrir að skuldir hafi aukist hefur eigið fé í íslenskum fyrirtækjum aukist um 58,5%

skv. ársreikningi sem hlutfall af rekstrar-tekjum um 23,4%. Félögin áttu eignir sem metnar voru á 8.450 milljarða en skuldir á móti eignum voru 4.950 milljarðar. Eigið fé var 3.500 milljarðar. Skuldir sem hlutfall af eignum voru því 58,6% og eiginfjárlutfallið því um 41,4%. Ávöxtun eigna var um 7,3% og ávöxtun eiginfjár um 17,6%. Hér er einfaldlega reiknað með hagnaði skv. ársreikningi fyrir skatta. Það lítur út fyrir að stór hluti fyrirtækja standi traustum fótum og skapi arð fyrir eigendur sína og þjóðfélagið allt. Á hinn bóginn var fjöldi fyrirtækja sem eyddi verðmætum með starfi sínu og var rekinn með tapi. Það er ekki síður mikilvægt að passa upp á eigur fyrirtækisins og verjast tapi en að hámarka ávöxtun. Þetta er oft hvor sitt hvor hliðin á sama peningnum.

Að lokum

Síðustu tveir áratugir hafa verið sérlega áhugaverður tími í efnahagssögu landsins. Upp úr miðjum tíunda áratugnum hófst hér gríðarlegt uppgangs- og framfaraskeið sem endaði snögglega með hrúni fjármálakerfisins haustið 2008. Fall nokkurra fjármálafyrirtækja hafði víðtæk áhrif á atvinnu- og efnahaglíf landsins og síðan þá hafa landsmenn verið að glíma við afleiðingar.

Þótt efnahagsáfallið sem landið varð fyrir hafi verið almennt og haft mjög víðtækar afleiðingar er mikilvægt að hafa í huga að þrátt fyrir allt var fjöldi fyrirtækja sem stóð áfallið af sér með þrýði. Þetta voru fyrirtæki sem voru í stöðu til að takast á við tekjufall og hækkun skulda sem hvíldu á rekstrinum. Þau höfðu flest hver sýnt fyrirhyggju og forsjá, farið varlega og búið í haginn fyrir mögru árin. Atvinnulífið, ekki síður en land og þjóð, ætti því að geta dregið einhvern lærdóm af reynslu síðustu ára.

Það er eins víst og að nótt fylgir degi að fyrirtæki búa við fallvalt gengi. Fá fyrirtæki geta treyst því að aðstæður og umhverfi séu stöðug og óbreytt frá ári til árs.

Á hverju ári skapa fyrirtækin í landinu gríðarleg verðmæti. Þau veita þúsundum vinnu, greiða laun og standa með einum eða öðrum hætti undir almenntri velferð. Það er hins vegar ekki á vísan að róa. Á hverju ári eru þúsundir fyrirtækja rekin með tapi. Tap þessara fyrirtækja er ekki síður mikið. Þetta er tap eigendanna sem lögðu fé í fyrirtækin og að lokum lánardrottna sem þurfa að afskrifa skuldir. Mörg fyrirtæki fara í prot og í versta falli fá hvorki starfsmenn né þeir sem eiga kröfur á félagið greitt.

Þrátt fyrir að ýmislegt horfi til betri vegar í þjóðfélaginu er ekki hægt að sjá að tekjur fyrirtækja hafi aukist mikið á síðustu árum eða að framleiðsla og hagnaður hafi aukist. Skuldir hafa verið afskrifaðar og jafnaðar á móti tapi. Efnahagsreikningur fyrirtækja hefur því dregist saman og skattstofninn hækkað. Enn eru stór fyrirtæki með mikið tap að skila skattframtali. Þetta hefur áhrif á samtölur. Það má velta því fyrir sér hvort að staðan sé í reynd verri en menn hefðu búið við fyrir rúnum 10 árum. Fyrirtækin aflu um 57,9% meiri tekna og greiða 37,4% meira í laun og launatengd gjöld en árið 2003. Þrátt fyrir að skuldir hafi aukist hefur eigið fé í íslenskum fyrirtækjum aukist um 58,5%. Þetta er ekki slæmur árangur. ■

Stöðvun ólöglegs atvinnurekstrar

Á síðustu tveimur árum hefur ríkisskattstjóri fengið heimild til stöðvunar atvinnurekstrar með atbeina lögreglu á grundvelli staðgreiðslu- og virðisaukaskattslaga. Með lögum nr. 42/2013 kom slík heimild í lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og um síðustu áramót, með lögum nr. 124/2014, kom sams konar heimild í lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en þar var gerð breyting á 28. gr.



Sigurður Jensson
sviðsstjóri eftirlitssviðs

Um er að ræða ný úrræði sem ætlað er að bæta samtímaeftirlit. Með þeim hafa fengist heildstæðar heimildir sem gera skattyfirvöldum mögulegt að taka á flestum þeim misfellum sem upp koma í umgengni rekstraraðila við þær skyldur sem á þeim hvíla. Ríkisskattstjóri hefur notað úrræði á grundvelli staðgreiðslulaganna með góðum árangri en notkun þeirra hófst á árinu 2013 og hafa þau verið notuð samfellt síðan.

Forsaga

Aðdragandi þessa var sá að á árunum 2011 og 2012 voru í gangi átaksverkefni í samvinnu ríkisskattstjóra við ASÍ og SA þar sem fjöldi starfsstöðva rekstraraðila var heimsóttur. Í ljós kom að skattyfirvöld áttu erfitt með að knýja fram úrbætur þegar um var að ræða frávík í starfsemi

þessara aðila ef þeir sinntu ekki tilmælum að eigin frumkvæði. Á þessa vankanta var bent og hefur það nú skilað sér í þeim heimildum sem hér er lýst.

Framkvæmd eftirlitsins

Eftir að umrætt ákvæði bættist inn í staðgreiðslulögin var samtímaeftirlit fært úr því átaksformi sem það hafði verið og gert að hluta reglubundinnar starfsemi eftirlitssviðs. Nú sinna 2-3 starfsmenn þessu verkefni en undanfarin ár hefur þeim verið fjölgað í 4-5 yfir sumartímann.

Vinnulagið er með því móti að starfsstöðvar eru heimsóttar. Komi í ljós atriði sem þarfnast úrbóta þá eru skrifuð leiðbeinandi tilmæli til viðkomandi rekstraraðila sem hann móttækur. Á grundvelli stjórnsýslulaga er honum gefinn hæfilegur frestur til að verða við þeim. Sinni hann ekki þessum tilmælum fær hann ítrekuð tilmæli en sinni hann þeim ekki er óskað eftir atbeina lögreglunnar um að stöðva viðkomandi atvinnurekstur. Það er ekki markmiðið að stöðva atvinnurekstur heldur er það neyðarúrræði þegar viðkomandi sinnir ekki skyldum sínum. Grundarvallaratriði í þessum heimildum er að áður en til lokunarferlis kemur þá fær viðkomandi rekstraraðili skrifleg leiðbeinandi tilmæli um atriði er þarfnast úrbóta og því er ekki um fyrirvaralausa lokun rekstrar að ræða.

Á árunum 2013 og 2014 voru skrifuð um 470 leiðbeinandi tilmæli til rekstraraðila. Þar af sinntu um 70 aðilar í fyrstu ekki tilmælunum í fyrstu skrefunum og hófst þá lokunarferli gagnvart þeim. Þegar upp var staðið voru einungis fimm tilvik þar sem kom til þess að starfsstöð viðkomandi var innsigluð með atbeina lögreglu. Þetta sýnir í hnotskurn þann árangur

sem úrræði sem þessi skila, en á þessum árum var einungis horft til launabátta því úrræðin tóku einvörðungu til þessa. Með nýjum úrræðum í virðisaukaskattlögum verður hægt að taka mun fleiri atriði í skattskilum rekstraraðila fastari tökum en áður.

Mörk heimilda

Ríkisskattstjóra er heimilt á grundvelli staðgreiðslulaganna að stöðva atvinnurekstur í eftirfarandi tilvikum:


- ef rekstraraðili hefur ekki tilkynnt sig á launagreiðendaskrá
- ef launagreiðandi sætir áætlun
- ef launagreiðandi skilar ekki staðgreiðslu einstakra starfsmanna
- ef reiknuð eru of lág laun í starfseminni

Á grundvelli virðisaukaskattslaganna er ríkisskattstjóra heimilt að stöðva atvinnurekstur í eftirfarandi tilvikum:

- ef færslu bókhalds er ábótavant
- ef notkun á tilskyldu sölureikningakerfi eða tekjuskráningu er áfátt
- ef rekstraraðili hefur ekki sinnt skráningarskyldu þ.e. ekki skráð starfsemina
- ef rekstraraðili sinnir ekki skilaskyldu þ.e. hefur ekki staðið skil á virðisaukaskatti
- ef rekstraraðili hefur hlotið áætlun í tvö uppgjörstímabil eða lengur

Með tilkomu ákvæðanna eykst slagkraftur samtímaeftirlits og er nú hægt að taka með fastari tökum á fleiri misfellingum á skattskilum og fyrirkomulagi rekstraraðila í starfsemi sinni en til þessa.

Stöðvun atvinnurekstrar 2013-2014



471 fyrirtæki fékk ýmis leiðbeinandi tilmæli vegna vankanta í staðgreiðslu, tekjuskráningu og virðisaukaskatti. 68 fyrirtæki fengu skrifleg tilmæli til úrbóta á grundvelli staðgreiðslulaga nr. 45/1987. Fimm starfsstöðum var lokað með aðstoð lögreglunnar.

Starfsstöð rekstraraðila

Komið hefur í ljós ákveðið ójafnvægi á milli þeirra sem hafa fastar starfsstöðvar og atvinnurekstrar þar sem engin föst starfsstöð er fyrirliggjandi. Fram til þessa hefur sjónum ríkisskattstjóra verið beint að aðilum með fasta starfsstöð. Stöðvun atvinnurekstrar slíkrar starfsstöðvar felur í sér að lögregla innsiglar viðkomandi starfsstöð og varðar það við hegningarlög að rjúfa slíkt innsigli. Til að hægt sé að sinna þeim aðilum með sambærilegum hætti sem ekki hafa fasta starfsstöð hefur ríkisskattstjóri, í samstarfi við lögreglu, kannað möguleika þess að stöðva slíkan atvinnurekstur. Fyrir liggja drög að verklagsreglum í þeim efnum sem fljótlega verður farið að vinna eftir. Felur þetta meðal annars það í sér að launamönnum og verktökum sem starfa fyrir þann rekstraraðila sem stöðvun atvinnurekstrar beinist að er óheimilt að starfa fyrir hann á grundvelli fyrirmæla lögreglu að viðlögðum sektum. Jafnframt er lögreglu heimilt að innsigla tæki og tól og eftir atvikum efni sem tilheyrir viðkomandi aðila. Er það mat ríkisskattstjóra að nauðsynlegt sé að úrræði geti beinst að þessari tegund atvinnustarfsemi því fyrir liggur að stór hluti atvinnurekstrar hefur ekki fasta starfsstöð. Sem betur fer þá vilja langflestir hafa hlutina í lagi en fara þó stundum of hratt yfir en eru fljótir að laga það sem úrskaiðis hefur farið. Hins vegar eru því miður aðilar í atvinnurekstri sem virða ekki þær skyldur sem á þeim hvíla

og þverskallast við að koma hlutum í lag. Því er nauðsynlegt að skattyfirvöld geti stöðvað atvinnurekstur slíkra aðila þangað til þeir laga sín mál. Komi til þess að atvinnurekstur hafi verið stöðvaður eru það ekki endalok viðkomandi starfsemi heldur einungis vísbending um að farið hafi verið of hratt yfir og hægja þurfi á sér þangað til að búið er að laga það sem í ólagi er.

Mikilvægt verkfæri

Það er mat okkar sem sinnum samtímaeftirliti að ofangreindar lokunarheimildir séu afar mikilvægt tæki í baráttunni við skattundanskot. Með heimsóknum á starfsstöðvar gefst skattyfirvöldum, með þessar heimildir í farteskinu, afar gott tækifæri til að koma skattskilum í lag þótt einhverjir sýni því móttöfroa. Það er fátt verra en að uppgötva misfellingur í skattskilum og utanumhaldi rekstraraðila og geta ekkert aðhafst. Með þessum heildstæðu heimildum skattyfirvalda skapast möguleikar til að stýra aðilum inn á réttar brautir eða að öðrum kosti loka atvinnustarfsemi þeirra sem fara ekki eftir lögum og reglum.

Þetta er ekki bara hagsmunamál skattyfirvalda heldur skipta þessar heimildir miklu máli fyrir atvinnurekstur þar sem þessi mál eru í lagi, að möguleiki sé fyrir skattyfirvöld með skilvirkum hætti að stöðva starfsemi þeirra sem ekki virða þær skyldur sem fylgja því að reka atvinnustarfsemi. ■

Skattlagning listamanna

Algengt er orðið að listamenn, hvort sem um er að ræða tónlistamenn, rithöfunda eða aðra, selji verk sín í útlöndum eða haldi í ferðalag þar sem list þeirra er komið á framfæri. Þegar listamenn halda af stað til útlanda eru þeir oft ekki að velta fyrir sér hvar skattur skuli greiddur af þeim tekjum sem þeir afla í slíkum ferðalögum eða við sölu. Jafnframt gera margir sér ekki grein fyrir því að erlendum tónlistarmönnum sem koma hingað til lands og halda hér tónleika ber skv. íslenskum lögum að greiða skatt af þeirri greiðslu sem þeir fá vegna tónleikanna.

Í grein þessari verður farið yfir þær reglur sem gilda, bæði fyrir innlenda og erlenda listamenn, um hvar greiða skuli skatt og hvernig sé hægt að koma í veg fyrir að skattur sé jafnvel greiddur í tveimur ríkjum af sömu tekjunum.

Listamenn með fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru allar tekjur þeirra sem heimilisfastir eru hér á landi skattskyldar hér hvar sem þeirra er aflað. Í 7. gr. lag-

erlendis. Samkvæmt þeim tvísköttunarsamningum sem íslenska ríkið hefur gert ber íslenskum skattfyrirvöldum að taka tillit til þeirra skattgreiðslna sem hafa átt sér stað. Sé ekki tvísköttunarsamningur til staðar er einnig heimild til að taka tillit til greidds skatts samkvæmt tekjuskattslögum.

Skattskyldar tekjur

Algengustu tegundir tekna sem listamenn fá eru laun, þóknanir og afrakstur af starfsemi þeirra og höfundarréttargjöld. Aðrar tekjur sem þeir afla eru eða geta verið

starfa í leikhúsi. Heimilisfesti viðkomandi skiptir hér ekki máli. Fari starfið fram hér á landi fyrir íslenskan launagreiðanda eru tekjurnar skattskyldar hér.

Höfundarréttargjöld (royalties) eru endurgjald fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á sviði bókmennta, lista eða vísinda (þar með taldar kvikmyndir og sjónvarpsþættir og hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- og sjónvarpssendingar). Eigi þessar greiðslur uppruna sinn hér á landi eru þær skattskyldar hér en samkvæmt flestum tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert má ríkið þar sem greiðslan á uppruna sinn einnig skattleggja höfundarréttargjöld. Má í þessum tilvikum halda eftir ákveðnu skatthlutfalli og er tekið tillit til þess við skattlagningu greiðslnanna hér á landi. Mismunandi er hvaða skatthlutfalli má halda eftir í hinu ríkinu en oftast er það á bilinu 5-10%.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun

Íslenskir listamenn sem njóta greiðslna erlendis frá vegna starfa sinna eru einnig skattskyldir af þeim tekjum hér á landi og ber þeim skilyrðislaust að telja þær tekjur fram á íslensku skattframtali sínu. Við skattlagningu teknanna er farið eftir ákvæðum tvísköttunarsamninga til að komast hjá tvísköttun. Mismunandi er eftir samningum hvaða aðferð skal nota en í flestum þeirra er beitt svokallaðri frádráttaraðferð. Er þá tekið tillit til þeirra

”

Meginregla allra tvísköttunarsamninga er sú að skattleggja megi tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í öðru samningsríki með persónulegum störfum sem listamaður í síðarnefnda ríkinu

anna eru þær tekjur sem skattskyldar eru taldar upp. Listamenn sem búsettir eru hér á landi og bera hér fulla og ótakmarkaða skattskyldu en fá tekjur erlendis frá, t.d. vegna tónleikahalds í útlöndum, sölu á hugverki eða öðru slíku, eru líklegir til að greiða skatt af þeim tekjum

skattskyldar en hér verður miðað við tekjur sem viðkomandi fær vegna starfa sinna sem listamaður.

Launatekjur sem listamaður fær eru skattlagðar samkvæmt almennum reglum. Hér er t.d. átt við fasta starfsmenn í hljómsveit og leikara sem ráðinn er til



Greinarhöfundar, Elín Margrét Bráinsdóttir og Guðrún Ásta Sigurðardóttir lögfræðingar, eru sérfræðingar í alþjóðamálum skattlagningar.

skatta sem greiddir hafa verið erlendis. Alltaf þarf að skoða viðkomandi samning við mat á því hvaða aðferð skal beita.

Hafi ekki verið gerður tvísköttunarsamningur við það land sem greiðsla til listamanns kemur frá getur hann óskað eftir því að skattar sem greiddir voru erlendis komi til frádráttar reiknuðum skatti hér á landi. Heimild ríkisskattstjóra til að verða við þess konar beiðni kemur fram í 119. gr. laga nr. 90/2003. Leggja þarf fram staðfestingu frá þar til bæru erlendu skatt-yfirvaldi um skattgreiðslur erlendis sé farið fram á að þessi heimild sé notuð.

Listamenn með ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi

Samkvæmt 3. tölul. 3. gr., sbr. 3. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003 eru þóknarir eða afrakstur þess sem fram kemur í atvinnuskyni til skemmtunar skattskyldar hér á landi einnig þó að ekki sé um að ræða ákveðin laun eða þóknun. Um er að ræða greiðslu án nokkurs frádráttar. Hér getur t.d. fallið undir hagnaður af listviðburði, hlutdeild í sölu aðgöngumiða, tekjur af auglýsingasölu og tekjur af sölu minjagripa. Fer það eftir samningi listamannsins og þess sem annast viðkomandi viðburð hvaða tekjur geta fallið hér undir. Samkvæmt 6. tölul. 3. gr., sbr. 6. tölul. 70. gr. ofangreindra laga skulu aðilar sem

hafa tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu, svo og af söluhagnaði vegna slíkra eigna, greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Undir þessa grein falla þóknarir vegna höfundarréttar, t.d. fyrir spilun laga í útvarpi, sölu á hugverki o.fl.

Tvísköttunarsamningar

Allir tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki hafa að geyma ákvæði um skattlagningu listamanna. Ákvæði samninganna geta verið mismunandi og í sumum þeirra er að finna sérreglur. Verður því að skoða hvern samning við mat á því hvernig farið skuli með skattlagningu tekna listamanna.

Meginregla allra samninganna er þó sú að skattleggja megi tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í öðru samningsríki með persónulegum störfum sem listamaður í síðarnefnda ríkinu. Komi listamaður sem heimilisfastur er erlendis til Íslands eru tekjurnar samkvæmt því skattskyldar á Íslandi. Þá er tekið skýrt fram að ekki skipti máli hvort tekjurnar renni beint til listamannsins eða þriðja aðila. Samkvæmt því skiptir ekki máli hvort endurgjaldið rennur til listamannsins sjálfs eða t.d. umboðsskrifstofu eða fyrirtækis í eigu hans.

Nokkrir tvísköttunarsamningar kveða jafnframt á um að sé heimsókn listamanns kostuð af opinberu fé erlends ríkis skattleggist tekjur listamannsins vegna slíks viðburðar í því ríki.

Tvísköttunarsamningurinn við Bandaríkin hefur að geyma sérákvæði. Þar segir að séu tekjur listamanns lægri en \$20.000 (u.þ.b. 2.400.000 kr.) á skattári, skuli skattleggja þær í því ríki þar sem hann er heimilisfastur og eru því undanþegnar í því ríki þar sem hann kemur fram. Það er því búseturíkisins að skattleggja tekjurnar.

Hverjir teljast vera listamenn?

Ekki er hægt að telja tæmandi upp hverjir teljast vera listamenn, það getur verið huglægt og einstaklingsbundið að meta slíkt. Þegar verið er að fjalla um skattskyldu listamanna skv. ákvæðum tvísköttunarsamninga er átt við listamenn sem koma fram eða „performing artists“ á ensku.

Listamenn sem geta fallið hér undir eru t.d. tónlistarmenn hvort sem um er að ræða söngvara eða hljóðfæraleikara. Þeir eru í flestum tilvikum skattskyldir í því ríki þar sem tónleikar eru haldnir. Hljóðmenn, ljósamenn og aðrir sem koma að slíkum viðburði en starfa „á bakvið tjöldin“ eru hins vegar alla jafna skattskyldir í því ríki þar sem þeir eru með heimilisfesti. Það

ræðst hins vegar af því hver raunverulegur launagreiðandi þeirra er.

Leikarar og dansarar sem falla undir skilgreininguna hér að ofan eru þeir sem standa á sviði eða fyrir framan myndavél. Þó skilgreina megi t.d. leikstjóra sem listamann eru tekjur hans ekki skattskyldar í landinu þar sem kvikmynd er tekin þar sem starf hans felst ekki í því að „koma fram“. Ef leikstjóri er hins vegar einnig leikari í kvikmyndinni þarf að meta hve stór þáttur hans er sem leikara við mat á skattskyldunni og getur því hluti tekna verið skattskyldur í því ríki þar sem „framkoman“ á sér stað á meðan hluti er skattskyldur í heimaríki viðkomandi.

Greiðslur til annarra listamanna t.d. rithöfunda sem koma fram við upplestur úr bókum sínum, geta einnig komið hér til álita sem skattskyldar greiðslur.

Staðgreiðsluskyldar tekjur

Greiðslur sem erlendur listamaður fær hér á landi, t.d. skv. 3. eða 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru tekjur skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. telst hver sá sem innir af hendi eða reiknar staðgreiðslu af greiðslum sem teljast laun skv. 5. gr. sem launagreiðandi. Skil á staðgreiðslu fara eftir 20. gr. laganna eins og önnur staðgreiðsla, þ.e. gjalddagi er fyrsti dagur hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Það er því á ábyrgð t.d. tónleikahaldara að halda eftir skatti af

erlendum listamanni og skila honum í ríkissjóð. Ekki skiptir máli hvort launagreiðandinn er innlendur eða erlendur, sbr. 3. gr. laganna.

Staðgreiðslu vegna takmarkaðrar skattskyldu er skilað rafrænt á þjónustusiðu ríkisskattstjóra, skattur.is. Skila skal skilagrein RSK 5.41 fyrir þá mánuði sem greiðsla fer fram til erlendra aðila, óháð því hvort skatti sé haldið eftir af greiðslu eður ei.

Skatthlutföll

Skatthlutföll aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi eru misjöfn eftir tegund tekna. Nánari sundurliðun á þeim er að finna í 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 70. gr. sömu laga. Til glöggvunar á þeim tekjutegundum sem hér er fjallað um er tekjuskattshlutfall af tekjum listamanna sem koma hér fram 18% ef um einstaklinga er að ræða, 20% hjá lögaðilum með takmarkaða ábyrgð og 36% hjá öðrum lögaðilum. Samkvæmt 6. tölul. ofangreindrar 70. gr. er skatthlutfall þóknagreiðslna 20% og skiptir þá ekki máli hvort um einstakling eða lögaðila er að ræða. Einstaklingar sem fá tekjur skv. ofansögðu greiða jafnframt útsvar sbr. ákvæði IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Undanþágur - lækkun

Listamenn búsettir erlendis sem fá höfundarréttargreiðslu frá íslenskum aðilum

geta í einhverjum tilfellum sótt um undanþágu frá eða lækkun á afdráttarskatti hér á landi og byggir sú undanþága/ lækkun á gildandi tvísköttunarsamningi. Sótt er um slíka undanþágu á eyðublaði RSK 5.42. Mikilvægt er að staðfesting um skattskyldu í skilningi tvísköttunarsamnings við viðkomandi heimilisfestisríki, útgefin af þar til bærum skattyfirvöldum, fylgi umsókn um undanþágu eða lækkun á afdráttarskatti.

Jafnframt geta erlendir listamenn sem koma fram hér á landi og eru heimilisfastir í Bandaríkjunum og fá lægri greiðslu en sem samsvarar \$20.000 á skattári sótt um undanþágu frá greiðslu skatta á Íslandi. Fari greiðslur, í einni heimsókn eða fleirum, á einu skattári yfir ofangreind fjárhæðarmörk er viðkomandi hins vegar orðinn skattskyldur hér á landi af allri fjárhæðinni.

Endurgreiðslur

Sé skatti haldið eftir af greiðslu til erlends aðila en síðar kemur í ljós að hann á rétt til undanþágu og/eða lækkunar er hægt að sækja um endurgreiðslu afdráttarskatts til ríkisskattstjóra á eyðublaði RSK 5.43. Meðfylgjandi slíkri umsókn þarf að vera staðfesting á því að skatti hafi verið haldið eftir af viðkomandi greiðslu og skattinum verið skilað í ríkissjóð. Til að hægt sé að taka endurgreiðslubeiðni til meðferðar er jafnframt mikilvægt að fyrir liggi samþykkt undanþága/lækkunarbeiðni á eyðublaði RSK 5.42 af hálfu ríkisskattstjóra. ■



Mánudaginn 2. mars sl. heimsóttu fulltrúar Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Proskahjálpar ríkisskattstjóra og afhentu handgert tákni fyrir samstarfsverkefnið „Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana!“. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á þeim möguleika að ráða atvinnuleitendur með skerta starfsgetu til starfa.

Anna Kristín Jensdóttir og Sæunn Jóhannesdóttir afhentu Ingu Hönnu Guðmundsdóttur starfsmannstjóra RSK tákni samstarfsverkefnisins.





Bindandi álit

Álit 01/15

Álitsbeiðandi er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og hyggst gefa út hlutabréf í nýjum hlutaflokki, sonefndum B-flokki. Hluthafar í þeim flokki hafi eingöngu rétt til arðgreiðslna sem nemur tilteknum hluta af hagnaði af starfsemi bankans. Álitsbeiðandi upplýsti að núverandi hlutafé í honum verði í almennum A-flokki hlutabréfa sem hafi öll þau réttindi og skyldur sem almennt fylgir hlutareign í félagi.

Álitsbeiðandi upplýsti jafnframt að hlutabréfaútgáfan sé fyrirhuguð í þeim tilgangi að mæta væntanlegri sölu á hlutabréfum í hinum nýja hlutaflokki til núverandi og nýrra hluthafa í bankanum, þ.m.t. til starfsmanna hans.

Hinum nýju hlutabréfum myndi ekki fylgja réttur til að greiða atkvæði á hluthafafundum í álitsbeiðanda, réttur til áskriftar að nýjum hlutum, forkaupsréttur, réttur til arðgreiðslna sem til kæmu vegna uppsafnaðs hagnaðar eldri ára eða ráðstöfunar frjálsra sjóða, réttur til úthlutunar við félagsslit umfram nafnverð eða lækkun hlutafjár í A-flokki og að auki yrðu hluthafar í B-flokki að hlíta innlausnarrétti álitsbeiðanda á hlutum í B-flokki á

nafnverði samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Allt þetta mun hafa áhrif á verðmæti hluta í B-flokki og af þeim sökum er ráðgert að selja B-hlutina á nafnverði.

Í tengslum við framangreinda fyrirhugun óskaði álitsbeiðandi eftir því að ríkisskattstjóri staðfesti:

- að álitsbeiðanda beri ekki að halda eftir skatti í staðgreiðslu og standa skil á í ríkissjóð vegna sölu á eignarhlutum í B-flokki á nafnverði til starfsmanna enda verði slík sala ekki talin til tekna í hendi starfsmanna samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt;
- að fara beri með arðgreiðslur af hlutafé í B-flokki til þeirra hluthafa í floknum sem jafnframt kunna að vera starfsmenn sem hverjar aðrar tekjur af hlutareign samkvæmt 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 11. gr. sömu laga.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra er vakin athygli á dómi Hæstaréttar í máli nr. 279/2014 sem kveðinn var upp 16. október 2014 (Birna Hrólfsdóttir og Einar Sveinsson gegn íslenska ríkinu) og að almennt skilgreining hlutabréfa væri sú að um væri að ræða bréf sem gefin væru út til hluthafa í hlutafélagi sem sönnunargögn fyrir eignarhlutdeild þeirra í félaginu. Ennfremur benti ríkisskattstjóri á að ekki væri gert ráð fyrir því að ríkisskattstjóri verðmeti eignir og veiti bindandi álit á grundvelli slíks verðmats og myndi ríkisskattstjóri því ekki í bindandi áliti þessu taka afstöðu til þess hvort raunvirði umræddra hlutabréfa geti jafngilt nafnvirði þeirra.

Ríkisskattstjóri vísaði til 9. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi ákveðin vísiregla um hvernig verðmeta skuli hlutabréf sem skipta um hendur þó svo að ekki sé um að ræða kaupréttarsamninga. Með vísan til ákvæðisins taldi ríkisskattstjóri ekki unnt að horfa framhjá því að við kaup starfsmanna álitsbeiðanda á hlutabréfum bæri að telja til tekna þann mismun sem reiknast á nafnverði og raunvirði þeirra B-hlutabréfa sem fyrirhugað væri að gefa út. Af tekjunum bæri svo að halda eftir staðgreiðslu í samræmi við lög nr. 45/1987.

Hvað síðara álitafefnið varðar vísaði ríkisskattstjóri til þess að ákvæði 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga sé skýrt. Þeir fjármunir sem eigendur bréfa í B-flokki fá greidda teljast til skattskylds arðs sbr. 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga að því gefnu að móttakandi teljist hlutareigandi og að ákvæði 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga eigi ekki við um þá úthlutun sem fram fer. ■

”

Taldi ríkisskattstjóri ekki unnt að horfa framhjá því að við kaup starfsmanna álitsbeiðanda á hlutabréfum bæri að telja til tekna þann mismun sem reiknast á nafnverði og raunvirði þeirra B-hlutabréfa sem fyrirhugað væri að gefa út

Úrskurðir yfirskattanefndar

275/2014

Slit á „1929“ félagi í Lúxemborg

Kærandi stofnaði félagið K Holding árið 2000. Félagið greiddi kæranda af yfirverðsreikningi á árunum 2001, 2006 og 2007 og koma þær greiðslur til lækkunar á kaupverði (stofnverði) hlutabréfa kæranda í félaginu við ákvörðun arðstekna vegna úthlutunar við slit félagsins, sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, enda er í eðli sínu um að ræða endurgreiðslu á hluta framlags kæranda til félagsins við stofnun þess. Við slit félagsins voru í eigu þess hlutabréf í T ehf. og byggði ríkisskattstjóri á meðalverði viðskipta með bréf félagsins á slitaári. Yfirskattanefnd tók fram að taka yrði undir það með ríkisskattstjóra að í þeim tilvikum þegar félög séu ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, sbr. lög nr. 110/2007, um kauphallir, sé almennt viðhlítandi að byggja mat á gangverði hlutabréfa í viðskiptum. Gert sé ráð fyrir slíkri verðviðmiðun í 9. gr. laga nr. 90/2003. Ekkert rökstutt matsverð hafði komið fram og féllst yfirskattanefnd á mat ríkisskattstjóra.

Við slit félags og úthlutun eigna má miða við gangverð á hlutabréfum við úthlutun þeirra.

280/2014

Skipting félags, ónotað tap, úrskurður ómerktur

Einkahlutafélagi var skipt, sbr. 52. gr. laga nr. 90/2003. Ríkisskattstjóri taldi að tapi félagsins skyldi skipt á skiptingarári miðað við eignarhlutföll. Gjaldandi taldi að nýta skyldi tap félagsins á skiptingarári á móti tekjum þess til skiptadags. Yfirskattanefnd taldi mega fallast á sjónarmið kæranda, en ómerkti að öðru leyti úrskurð ríkisskattstjóra.

Yfirskattanefnd taldi að nýta skyldi tap félags fram að skiptingardeg.

283/2014

Sala rekstrareigna. Skipting félags, sbr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 ekki uppfyllt

Með hinum kærða úrskurði færði ríkisskattstjóri til tekna í skattframtali kæranda árið 2007 söluhagnað að fjárhæð 719.184.199 kr. vegna sölu atvinnurekstrareigna á árinu 2006. Var um að ræða sölu á fiskiskipum ásamt meðfylgjandi hlutdeild í krókaafلامarki, svo og sölu á krókaafلامarki sérstaklega, til fimm nánar tilgreindra kaupenda. Ríkisskattstjóri byggði á því að um hefði verið að ræða beina sölu kæranda á fyrrgreindum atvinnurekstrareignum til kaupenda, en leit fram hjá ráðstöfun eignanna til fimm einkahlutafélaga, við skiptingu kæranda, sbr. 133. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sem lauk 27. febrúar 2007 og sölu hluthafa þeirra félaga á öllu hlutafénu til kaupenda. Taldi ríkisskattstjóri að þessar ráðstafanir hefðu miðað að því að sniðganga lagareglur um skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu atvinnurekstrareigna. Vísaði ríkisskattstjóri til þess að samkvæmt fjórum skilyrðislausum viljayfirlýsingum, sem dagsettar væru í október 2006, hefðu hluthafar kæranda selt fimm tilgreindum aðilum allt hlutaféð í félögunum fimm áður en formleg stofnun félaganna hefði átt sér stað og formlegri skiptingu kæranda verið lokið. Því hefði gagngjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003 ekki verið uppfyllt, sbr. og 1. mgr. 57. gr. sömu laga og grunnreglu þess ákvæðis. Samkvæmt þessu þætti bera að færa söluandvirði skipanna ásamt seldu krókaafلامarki að frádregnu skattalegu stofnverði til tekna hjá kæranda sem venjulegan söluhagnað atvinnurekstrareigna, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 8. tölul. C-liðar sömu lagagreinar.

Í kæru umboðsmanns kæranda til yfirskattanefndar er þess krafist að úrskurði ríkisskattstjóra verði hnekkt. Að því er varðar efnishlið málsins er á því byggt að

rekstrarlegur og viðskiptalegur tilgangur hafi verið til staðar fyrir skiptingu kæranda. Þá hafi gagngjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003 verið uppfyllt.

Yfirskattanefnd taldi að í grundvallaratriðum hefði niðurstaða ríkisskattstjóra byggst á 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 og að umfjöllun embættisins um einstaka þætti hafi hnigið að því að undirbyggja hana, þar á meðal að umrætt gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 hefði ekki verið uppfyllt. Sé skilyrði þetta ekki uppfyllt komi ekki til þess skattalega hagræðis við skiptingu félaga sem mælt sé fyrir um í lagagrein þessari, þar á meðal lausn undan skattlagningu tekna vegna afhendingar hlutabréfa og yfirfærslu skattalegra réttinda og skyldna. Samkvæmt því sé ljóst að standist niðurstaða ríkisskattstjóra um þetta sé stoðum kippt undan þeim ráðstöfunum varðandi skiptingu sem í málinu greini.

Yfirskattanefnd taldi að hluthafar kæranda hefðu ráðstafað öllum hlutum í umræddum fimm félögum áður en þau félög höfðu verið stofnuð og félögin hefðu því ekki verið til að lögum þegar ráðstöfun hlutafjár fór fram. Þá hafi skiptingarferli það sem í málinu greinir ekki verið hafið þegar salan fór fram. Því þætti blasa við að hluthafar kæranda hefðu ekki fengið afhent hlutabréf í umræddum fimm einkahlutafélögum sem gagngjald fyrir hlutabréf sín í kæranda nema þá að nafninu til, enda höfðu hluthafarnir þá þegar afsalað rétti sínum til hlutafjár í hinum óstofnuðu félögum. Taldi yfirskattanefnd að gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 hefði ekki verið uppfyllt og fengi viðskiptalegur tilgangur skiptingarinnar út af fyrir sig engu þar um breytt. Þætti því enginn vafi leika á því að þær ráðstafanir sem í málinu greindi hafi verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, og verið gerðar í því skyni einu að tryggja lægri skattgreiðslur. Var því fallist á það með ríkisskattstjóra að víkja bæri hinum umdeildu ráðstöfunum

til hliðar í skattalegu tilliti. Kröfum kæranda var því hafnað.

Söluhagnaður færður til tekna hjá kæranda, en litið fram hjá skiptingu félagsins, þar sem gagnjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 voru ekki uppfyllt.

304/2014

Eftirlaunagreiðslur frá Svíþjóð

K hafði eftirlaun frá Svíþjóð á árinu 2011 að fjárhæð 295.308 kr. og bar ótakmarkaða skattskyldu hér á landi gjaldárið 2012 samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í því felst að kæranda var skylt að greiða tekjuskatt og útsvar, sbr. 19. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra var aflað, þar með töldum umræddum eftirlaunum frá Svíþjóð.

Í niðurstöðu yfirséðar nefndar kom fram að Ísland er ásamt Svíþjóð aðili að samningi milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir, sem birtur var sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 11/1997 í C-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt d-lið 3. mgr. 2. gr. samningsins tekur samningurinn að því er Ísland varðar til tekjuskatts og eignarskatts til ríkisins og útsvars til sveitarfélaga. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. samningsins skulu eftirlaun og lífeyrir, sem greidd eru frá samningsríki og greiðslur frá samningsríki samkvæmt almannatryggingalöggjöf þess til aðila heimilisfasts í öðru samningsríki, einungis skattlögð í fyrirnefnda ríkinu. Í 25. gr. fyrrgreinds tvísköttunarsamnings er mælt fyrir um aðferð til að komast hjá tvísköttun hjá hverju samningslandanna fyrir sig. Er a. liður 4. málsgreinarinnar, sem varðar Ísland sérstaklega, svohljóðandi:

„a) Hafi aðili heimilisfastur á Íslandi tekjur eða eigi hann eign sem einungis skal eða má skattleggja samkvæmt ákvæðum þessa samnings í öðru samningsríki skal Ísland, nema ákvæði b-liðar leiði til annars, lækka íslenska tekju- eða eignarskattinn með því að draga frá þann hluta tekju- eða eignarskattsins sem reiknaður er af þeim tekjum sem aflað er eða eign sem er í hinu ríkinu.“

Fara ber eftir ákvæðum a-liðar um aðferð til að komast hjá tvísköttun vegna umræddra tekna kæranda frá Svíþjóð og skiptir ekki máli í því sambandi hvort umræddar tekjur hafi í raun verið skattlagðar í Svíþjóð eða ekki. Vegna athugasemda kæranda sem bera með sér að hann telji að

hin kærða ákvörðun feli í sér skattlagningu tekna kæranda frá Svíþjóð skal tekið fram að sú er ekki raunin, heldur er tekið tillit til þeirra við álagningu opinberra gjalda á kæranda. Fer sú niðurstaða á engan hátt í bága við ákvæði tvísköttunarsamningsins, sbr. og úrskurði yfirséðar nefndar nr. 33/1997 og 54/1998 sem báðir eru birtir á vef yfirséðar nefndar (yskn.is) og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. febrúar 2007 í málinu nr. E-3994/2006: Ólafur Elías Oddsson gegn íslenska ríkinu. Kröfum kæranda var hafnað.

Hjá aðila sem ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi skal Ísland taka tillit til erlendra lífeyristekna við útreikning opinberra gjalda hans.

305/2014

Úthlutun arðs, hlutdeildarfélag

Kærefni málsins varðar úthlutun arðs úr H ehf. sem var í eigu M og K (kæranda). Ríkisskattstjóri taldi að arðsúthlutanir úr félaginu væru verulega umfram lögleyfðar arðsúthlutunarheimildir, sbr. 73. og 74. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Af hálfu kæranda kom fram að ársreikningar H ehf. hefðu verið gerðir án þess að færð væri hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags sem leitt hefði til þess að hagnaður og eigið fé H ehf. hefði verið vantalið. Skattframtöl H ehf. væru einnig án afkomu hlutdeildarfélags. Ríkisskattstjóri taldi að um væri að ræða óheimilar úthlutanir af fjármunum einkahlutafélagsins sem féllu undir 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og sem bæri að skattleggja sem launatekjur hjá M samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 og sem skattskyldar gjafir hjá K samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga á skattframtölum þeirra árin 2008 og 2009.

Í skattframtölum H ehf. og ársreikningum sem þeim fylgdu árin 2008 og 2009 var gerð grein fyrir úthlutun arðs til hluthafa að fjárhæð 9.000.000 kr. á árinu 2007 og 57.000.000 kr. á árinu 2008. Ríkisskattstjóri vísaði til þess að óráðstafað eigið fé H ehf. hafi numið 6.431.360 kr. í árslok 2006 og 1.660.414 kr. í árslok 2007. Af hálfu kæranda var því haldið fram að ákvarðanir hluthafafunda hafi ekki verið byggðar á upplýsingum í þessum ársreikningum heldur á fyrirbyggjandi reikningsskilum (uppgjöri) samkvæmt svonefndri hlutdeildaraðferð þar sem færð hafi verið hlutdeild H ehf. í eigin fé dótturfélagsins A ehf., sbr. ákvæði 41. og 42. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Að teknu tilliti

til áhrifa dótturfélagsins samkvæmt þeim reikningsskilum hafi verið ríflegt svigrúm til hinna umdeildu arðsúthlutana úr H ehf. Í kæru félagsins til yfirséðar nefndar kom fram að þar sem H ehf. hafi að lögum verið skylt að beita hlutdeildaraðferð í reikningsskilum sínum hafi tilgreining á óráðstöfuðu eigin fé félagsins í ársreikningum, sem fylgdu skattframtölum félagsins árin 2008 og 2009 og ríkisskattstjóri byggði á, verið röng.

Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laga nr. 138/1994 er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Í lögum nr. 138/1994 er enga heimild að finna fyrir frekari úthlutun arðs en leiðir af framangreindu, hvorki almennt né sérstaklega í tilviki móðurfélaga sem beita hlutdeildaraðferð í reikningsskilum sínum á grundvelli laga um ársreikninga nr. 3/2006. Hafa lög nr. 138/1994 raunar engar sérreglur að geyma um arðsúthlutanir úr móðurfélögum að undanskildu ákvæði 2. mgr. 74. gr. laganna þar sem fram kemur það viðbótarskilyrði fyrir arðsúthlutun í tilviki móðurfélaga að slíkum félögum sé óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil. Yfirséðar nefnd taldi að það gæti ekki breytt neinu um heimild H ehf. til hinna umdeildu arðsúthlutana á árunum 2007 og 2008 þótt fyrir hluthafafundi félagsins kunni að hafa legið hlutdeildarreikningsskil vegna eignarhlutar í A ehf. samkvæmt 40. gr. laga nr. 138/1994. Samkvæmt því yrði að álykta að hinar umþrættu greiðslur til kæranda hafi ekki farið fram sem lögmæt úthlutun af fjármunum H ehf., sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

DÓMAREIFANIR



Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur í málum
nr. E-737/2014 og E-738/2014

Ólögsmætur arður – frjálsir sjóðir – fyrsta rekstrarár einkahlutafélags

Þann 17. desember 2014 voru kveðnir upp tveir dómar í Héraðsdómi Reykjavíkur í málum sem Haraldur Ingólfur Þórðarson annars vegar og Friðjón Þórðarson hins vegar höfðuð gegn íslenska ríkinu. Málavextir, málsástæður og lagarök eru þau sömu í báðum málunum og verða dómarnir því reifaðir saman.

Málavextir eru þeir að stefnendur áttu þriðjung hlutafjár hvor í TH Investments ehf. Þriðji eigandinn var Matthías Ólafsson. Stefnandi Haraldur var stjórnarformaður félagsins og stefnandi Friðjón var varamaður í stjórn þess. Félagið var stofnað á árinu 2008 og á því ári var jafnframt tekin ákvörðun um að greiða arð út úr félaginu til hluthafa, m.a. til stefnenda.

Nefndar arðgreiðslur urðu til þess að ríkisskattstjóri endurákvæðaði opinber gjöld stefnenda á þeim grundvelli að um væri að ræða óheimilan arð og því bæri að skattleggja útgreiðsluna sem laun. Endurákvæðanir ríkisskattstjóra voru kærðar til yfirséðanefndar sem staðfesti úrskurði ríkisskattstjóra.

Að svo komnu máli höfðuð stefnendur mál á hendur íslenska ríkinu og kröfðust ógildingar á úrskurðum yfirséðanefndar þannig að tekjufærsla á arðsúthlutun yrði í samræmi við framtalsgerð stefnenda. Til stuðnings kröfum sínum vísuðu stefnendur til þess að tímafrestur til endurákvörðunar hafi verið liðinn og að efnislegar forsendur ríkisskattstjóra og yfirséðanefndar hafi verið rangar.

Stefnendur vísuðu til þess að ákvæði 2. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga kveði á um að hafi skattaðili látið í té með framtali sínu eða fylgigögnum fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu á þá sé eigi heimilt að endurákvæða skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Ríkisskattstjóri kvað upp úrskurði sína á árinu 2012 og endurákvæðaði opinber gjöld tekjuársins 2008, gjaldárið 2009. Meira en tvö ár voru þannig liðin frá umdeildu tekjuári þegar endurákvörðun fór fram. Framtöl og fylgigögn stefnenda voru fullnægjandi og engar forsendur höfðu breyst eða ný gögn komið til skoðunar sem gáfu til kynna að um ófullnægjandi skil hafi verið að ræða. Arðsúthlutunin hafi farið fram undir lok ársins 2008 og kom fram í framtali félagsins 2009. Skattfyrirvöld hafi því haft aðstöðu og fullnægjandi gögn til að gera athugasemdir við útgreiðslu arðsins þá þegar. Engar athugasemdir komu fram af hálfu ríkisskattstjóra við framtal félagsins þó svo ljóst væri að arður væri greiddur á fyrsta rekstrarári þess. Stefnendur vísuðu til þess að ekki yrði séð hvernig hægt væri að gera frekari kröfur um að upplýsingar séu óyggjandi en þetta. Rökstuðningur skattfyrivalda væri vægast sagt fátæklegur. Þessu til viðbótar hafi ríkisskattstjóri getað sannreynt upplýsingar á skattframtali félagsins og framtölum stefnenda með upplýsingum frá ársreikningaskrá sem væri hluti af fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Efnisleg rök stefnenda lutu að því að skattfyrirvöld hafi með endurákvörðunum sínum í máli stefnenda teygst sig nokkuð langt út fyrir ákvæði 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga sem kveði á um að úthlutun verðmæta til hluthafa teljist vera laun ef hún er óheimil samkvæmt lögum um einkahlutafélög. Af lögskýringargögnum megi ráða að tilurð og markmið reglunnar hafi verið að leggja skyldi skatt á lán sem óheimil væru skv. lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Þá hafi ríkisskattstjóri farið út fyrir sitt svið í túlkun á lögum um einkahlutafélög og túlkað þau án tillits til þess hvernig fyrirtækjaskrá og kröfuhafar félagsins túlki þau.

Stefnendur bentu á að samkvæmt 77. gr. laga um einkahlutafélög skuli endurgreiða þá fjárhæð sem greidd var með vöxtum hafi arðgreiðsla farið fram andstætt ákvæðum laganna. Þetta eigi þó ekki við hafi hluthafinn hvorki vitað né mátt vita að greiðslan hafi verið ólögsmæt. Stefnendur hafi verið í góðri trú um að arðgreiðslan stæðist ákvæði laga og enginn ágreiningur um það.

Stefnendur vísuðu ennfremsur til þess að arðsúthlutunin hafi byggt á stöðu frjálsra sjóða í milliuppgjöri. Af orðalagi í lögum um einkahlutafélög megi ráða að ekki sé krafa um samþykktan ársreikning þegar fyrir hendi séu frjálsir sjóðir í félaginu.

Að síðustu vísuðu stefnendur til þess að þeir hefðu ekki verið starfsmenn félagsins og hefðu ekki innt af hendi vinnufram-

lag sem gæti réttlætt að reikna bæri þeim tekjuskattsskyld laun. Ríkisskattstjóri hafi því byggt á röngum lagaforsendum.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu. Til stuðnings sýknukröfum vísaði stefndi til þess að ákvæði 2. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga, þar sem kveðið er á um tveggja ára endurákvörðunarheimild, ætti ekki við í máli stefnenda. Stefndi vísaði til dómaframkvæmdar þar sem því hefur verið slegið föstu að meta þurfi hvort legið hafi fyrir nægjanlegar upplýsingar í framtali eða fylgigögnum sem byggja mátti rétta álagningu á. Engu skipti þó svo að stefndur hafi upplýst um kennitölu greiðanda hins umþrætta arðs. Ennfremur geti upplýsingar í skattframtali félagsins ekki haft þýðingu við þetta mat enda ekki unnt að líta á skattframtal félagsins og ársreikning þess sem fylgigögn með skattframtölum stefnenda. Hafa verði ennfremur í huga að skattframtölum einstaklinga sé skilað inn á fyrri hluta árs og álagningu lokið fyrir 1. ágúst ár hvert. Skattframtölum lögaðila sé jafnan skilað inn á haustmánuðum og álagning fari fram í lok október ár hvert. Þá sé hlutafélagaskrá og ársreikningaskrá ekki hluti af framtali eða fylgiskjöllum stefnenda og því ekki hægt að vísa til upplýsinga sem þar koma fram. Ennfremur verði að hafa í huga að tekjufærsla af því tagi sem framkvæmd var með endurákvörðunum ríkisskattstjóra kalli alltaf á upplýsingaöflun af hálfu skattfyrvalda að virtum andmælarétti skattaðila.

Í skattframtali stefnenda lá ekki annað fyrir en að um venjulega arðgreiðslu væri að ræða og ekki lágu heldur fyrir upplýsingar um heimildir til útgreiðslu arðs. Framtalsgögn stefnenda hafi þannig ekki verið fullnægjandi og ekki unnt að byggja rétta álagningu á þeim.

Stefndi vísaði ennfremur til þess að samkvæmt lögum um einkahlutafélög sé óheimilt að úthluta arði á fyrsta starfsári félags. Af þeim sökum hafi verið um að ræða óheimilar úthlutanir á fjármunum félagsins sem skattleggja beri sem laun.

Í lögum um einkahlutafélög komi fram að óheimilt sé að úthluta fjármunum félags nema farið sé eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkaðs hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita. Um úthlutun arðs segi að eingöngu sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hafi verið frá tap sem ekki hafi verið

jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

Samkvæmt þessu megi eingöngu greiða út arð til hluthafa samanlagðan hagnað ársins og fyrri ára eins og hann sé bókfærður á meðal eigin fjár í samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs. Þá komi einnig fram í lögum um ársreikninga að í skýrslu stjórnar skuli gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar.

Stefndi benti á að hugtakið frjálsir sjóðir sé notað um sjóði sem ekki séu bundnir samkvæmt ákvæðum í lögum eða samkvæmt samþykktum viðkomandi félags. Þessir frjálsu sjóðir geti eingöngu myndast sem hluti af rekstrarhagnaði fyrri

ekki verið neitt sem gefið hafi skattfyrvöldum til kynna að fjárfesting stefnenda í umræddu félagi væri nýfjárfesting. Skattfyrvöldum var þannig ekki tækt að strika út arðgreiðsluna án þess að gefa stefnendum kost á andmælum. Nánari upplýsingar frá stefnendum skorti þannig um umþrættar arðgreiðslur og voru framtalsgögnin því ekki fullnægjandi þannig að byggja hefði mátt rétta álagningu á þeim. Skattfyrvöldum var þannig heimilt að endurákræða opinber gjöld stefnenda allt að sex ár aftur í tímann sbr. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga.

Þá vísaði héraðsdómur til þess að hinn umdeildi arður hafi verið greiddur stefnendum á fyrsta starfsári einkahlutafélags þeirra. Þannig hafi hvorki verið um að

”

Í lögum um einkahlutafélög kemur fram að óheimilt sé að úthluta fjármunum félags nema farið sé eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkaðs hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita

ára að frádregnum framlögum í bundna sjóði þegar endurmatsreikningar eða gangvirðisreikningar séu leystir upp við sölu eigna og við lækun hlutafjár. Enginn slíkur frjáls sjóður hafi verið skilgreindur í félaginu í ársreikningi þess vegna ársins 2008 en sá ársreikningur var birtur eftir að úthlutun hafði farið fram. Þá sé ársreikningurinn ódagsettur en aðalfundur félagsins virðist samkvæmt gögnum málsins ekki hafa farið fram fyrr en 10. ágúst 2009, löngu eftir að úthlutun arðsins fór fram.

Stefndi vísaði ennfremur til þess að svo virtist sem ákvörðun um úthlutun arðs hafi ekki farið fram með formlegum hætti. Hvorki lög um einkahlutafélög né lög um ársreikninga geri ráð fyrir fyrirframgreiddum arði úr einkahlutafélögum. Ákvörðun um arðgreiðslu verði því ekki byggð á áætluðum hagnaði á útgreiðsluári. Staða frjálsra sjóða í milliuppgjöri geti þannig ekki verið grundvöllur arðgreiðslu líkt og stefndur halda fram.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að af framtölum stefnenda og fylgigögnum hafi

ræða hagnað síðasta árs samkvæmt samþykktum ársreikningi né verið til staðar í félaginu yfirfærður hagnaður fyrri ára. Þá sé á það að líta að enginn frjáls sjóður var til staðar í félaginu skv. ársreikningi þess. Milliuppgjör sem stefndur vísa til komi ekki í stað ársreiknings og sé ekki nægjanlegur grundvöllur til arðsúthlutunar.

Orðrétt segir í héraðsdóminum:

„... er ótvírætt samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 að frjálsir sjóðir samkvæmt þeirri lagagrein myndist af rekstrarhagnaði fyrri ára eða niðurfærslu hlutafjár. Ljóst er að hinn frjálsi sjóður er stefnandi byggir á getur ekki uppfyllt þetta skilyrði enda var um fyrsta starfsár félagsins að ræða. Þá ber einnig að hafa í huga að hvorki lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög né lög nr. 3/2006 um ársreikninga gera ráð fyrir tilvist fyrirframgreidds arðs úr einkahlutafélaginu.“

Íslenska ríkið var þar með sýknað af kröfum stefnenda.

Eftirgjöf skulda skv. nauðasamningi – tekjufærsla

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 21. janúar 2015 var íslenska ríkið sýknað af kröfu A1988 hf.

Málavextir eru þeir að stefnandi sem áður hét Hf. Eimskipafélag Íslands gerði nauðasamning við kröfuhafa sína á árinu 2009. Nauðasamningurinn var staðfestur í Héraðsdómi Reykjavíkur og samkvæmt samningnum var ýmis rekstur stefnanda seldur og hluti af skuldum félagsins gefinn eftir. Samtals námu eftirgefnar skuldir kr. 90.992.523.593 og var sú eftirgjöf tekjufærð í skattframtali stefnanda 2010 vegna rekstrarársins 2009.

Ríkisskattstjóri féllst á, í kjölfar bréfaskrifta, með úrskurði dags. 22. september 2011 að leggja skattframtal stefnanda til grundvallar álagningu opinberra gjalda 2010 að gerðri þeirri breytingu að felldur var niður frádráttur að fjárhæð kr. 55.410.845.133 undir liðnum „Niðurfelldar skuldir færðar á móti fjárfestingu“. Í úrskurði ríkisskattstjóra var ekki hróflað við tekjufærslu stefnanda á eftirgefnum skuldum að fjárhæð kr. 90.992.523.593.

Stefnandi kærði úrskurð ríkisskattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist aðallega ómerkingar á úrskurðinum og að framtalið yrði lagt óbreytt til grundvallar álagningu opinberra gjalda. Til vara krafðist stefnandi þess að tekjufærslu eftirgefinna skulda yrði hagað í samræmi við bráðabirgðaákvæði XXXVI við tekjuskattslögin og að skattstofn hans yrði þannig lækkaður um kr. 7.422.423.853 frá því sem ákveðið var í úrskurði ríkisskattstjóra.

Yfirsattanefnd kvað upp úrskurð sinn 10. október 2012 og hafnaði kröfu stefnanda. Varakröfunni var vísað frá þar sem hún kom fyrst fram í kæru til nefndarinnar og lá því ekki fyrir ákvörðun ríkisskattstjóra um það efni sem kæranelegt væri til yfirsattanefndar.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefnandi þess að viðurkennt yrði með dómi að ekki hafi myndast skattskyldar tekjur vegna eftirgjafar skulda stefnanda skv. nauðasamningi. Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að stefnandi hafi

ekki öðlast nein þau gæði sem metin yrðu til peningaverðs við eftirgjöf skuldanna.

Stefnandi vísaði til 1. mgr. 7. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi að til skattskyldra tekna teljist hvers konar gæði sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs. Líta verði til þess hvort þær skuldir sem eftirgefnar voru hafi falið í sér verðmæti fyrir stefnanda. Umræddar kröfur hafi verið verðlausar bæði fyrir hann og kröfuhafa.

Á þeim tíma sem nauðasamningur var undirbúinn hafi eigið fé stefnanda verið neikvætt og greiðslugeta ekki til staðar fyrir þeim skuldum sem síðar voru gefnar eftir. Kröfurnar hafi þannig verið verðlausar bæði að mati kröfuhafa og stefnanda. Eftirgjöfin hafi því ekki leitt til þess að stefnanda hlotnuðust skattskyldar tekjur í skilningi tilvitnaðs ákvæði tekjuskattslaga.

Stefnandi hélt því fram að hafi eftirgjöf skulda ekki valdið aukningu á hreinni eign skuldara þá teljist eftirgjöfin ekki tekjur. Skattaðilinn eigi þá ekki fyrir skuldinni og krafan þannig í raun verðlaus. Þetta leiði af eðli máls því valkosturinn við nauðasamning, þ.e. gjaldþrot, leiði til þess að ekkert greiðist upp í skuldirnar umfram eignir. Greiðsla tekjuskatts af þeim skuldum sem gefnar voru eftir með nauðasamningi sé til þess fallin að skuldari verði aftur ógjaldfær sem geti svo aftur leitt til gjaldþrots. Slíkt sé í andstöðu við tilgang nauðasamninga.

Þá vísaði stefnandi til eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim lögum hafi verið að finna ákvæði sem kveðið hafi á um að eftirgjöf skulda teldist ekki til tekna ef sannast hefði við gjaldþrot, nauðasamning eða á annan fullnægjandi hátt að ekki væru til eignir fyrir skuldunum. Umrætt ákvæði hafi náð bæði til einstaklinga og lögaðila. Stefnandi hélt því fram að með lögfestingu á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 40/1978, nú laga nr. 90/2003, hafi einstaklingar utan atvinnurekstrar verið undanþegnir skatti af eftirgjöf skulda við nauðasamning þrátt fyrir að niðurfelling skuldanna

fæli í sér að eigið fé þeirra yrði jákvætt. Orðalag í greinargerð með breytingunni benti ekki til þess að hrófla ætti við þeirri reglu sem gildir um verðlausar kröfur í atvinnurekstri.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og studdi kröfur sínar þeim rökum að tekjufærsla umræddra eftirgefinna skulda stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði tekjuskattslaga.

Stefndi vísaði til ákvæðis 9. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga þar sem fram komi að til tekna teljist sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi séu sérstaklega undanþegnar í lögunum eða sérlögum. Almenna reglan sé sú að allar tekjur, í hvaða formi sem þær séu, teljist til skattskyldra tekna með þeim undantekningum sem nánar sé mælt fyrir um í lögunum. Teknahugtakið sé þannig mjög víðtækt og taki til hvers konar gæða sem skattaðila hlotnast þar með talið þess ávinnings sem felst í því að lánardrottinn falla frá kröfum sínum.

Stefndi benti á að almennt væri stofnað til skulda í atvinnurekstri vegna kostnaðar við öflun rekstraraðfanga sem dreginn hafi verið frá tekjum. Eftirgjöf skulda í rekstri leiði því almennt til þess að tekjufæra beri þá fjárhæð sem skuldari þarf ekki að greiða. Þannig leiðréttist meðal annars áður gjaldfærður rekstrarkostnaður.

Þá var á það bent af hálfu stefnda að í 28. gr. tekjuskattslaga sé upptalning á því hvað teljist ekki til tekna. Í 3. tölul. 28. gr. komi sérstaklega fram að eignaauki vegna eftirgjafa skulda samkvæmt nauðasamningi teljist ekki til skattskyldra tekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Þannig sé í lögunum miðað við að eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri skuli teljast til tekna sbr. m.a. bráðabirgðaákvæði sem lögfest var með lögum nr. 104/2010. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 104/2010 komi m.a. fram að í öllum tilvikum beri að telja til skattskyldra tekna eftirgjöf skulda sem tengjast atvinnurekstri og að sú regla sé ótvíræð.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að óumdeilt sé að stefnandi hafi fengið skuldir niðurfelldar með nauðasamningi við kröfuhafa. Þá sé jafnframt óumdeilt að stefnandi hafi tekjufært umrædda niðurfellingu.

Þá er í dómnum vísað til þess að ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga beri að skýra samkvæmt orðanna hljóðan

þannig að ef um er að ræða eftirgjöf skulda á grundvelli nauðasamnings og skuldirnar hafa myndast í atvinnurekstri beri að tekjufæra slíka eftirgjöf. Orðrétt segir svo í dómnum:

„Þá telur dómurinn að málsástæður stefnanda um að eftirgjöf skuldanna hafi ekki haft í för með sér verðmæta-

aukningu hjá stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, eigi ekki við rök að styðjast, enda verður ekki betur séð en að eftirgjöfin hafi nýst honum við áframhaldandi rekstur fyrirtækisins.“

Íslenska ríkið var þannig sýknað af kröfu stefnanda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2715/2013

Eftirgjöf skulda skv. nauðasamningi – lækkun á stofnverði eigna

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 21. janúar 2015 var íslenska ríkið sýknað af kröfu A1988 hf.

Málavextir eru þeir að stefnandi sem áður hét Hf. Eimskipafélag Íslands gerði nauðasamning við kröfuhafa sína á árinu 2009. Nauðasamningurinn var staðfestur í Héraðsdómi Reykjavíkur og samkvæmt samningnum var ýmis rekstur stefnanda seldur og hluti af skuldum félagsins gefinn eftir. Samtals námu eftirgefnar skuldir kr. 90.992.523.593 og var sú eftirgjöf tekjufærð í skattframtali stefnanda 2010 vegna rekstrarársins 2009.

Í sama framtali færði stefnandi kr. 55.410.845.133 til frádráttar skattskyldum tekjum undir liðnum „Niðurfelldar skuldir færðar á móti fjárfestingu“. Stefnandi byggði gjaldfærsluna á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga sem er svohljóðandi:

„Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbýggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádragnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.“

Umræddar skuldir voru vegna lána sem stefnandi tók vegna fjárfestinga á ár-

unum 2004, 2006 og 2007, og lána sem tekin voru til að efna skuldbindingar til kaupa á hlutabréfum samkvæmt söluréttarsamningi.

Ríkisskattstjóri felldi niður tilfærðan frádrátt og var endurákvörðun ríkisskattstjóra kærð til yfirsattanefndar sem staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra. Í úrskurði yfirsattanefndar kom fram að umræddar skuldir hafi verið gefnar eftir samkvæmt nauðasamningi stefnanda við kröfuhafa sína og þannig verið liður í almennri eftirgjöf skulda. Frádráttur stefnanda gæti því ekki byggst á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefnandi þess að bæði úrskurður ríkisskattstjóra og úrskurður yfirsattanefndar yrðu felldir úr gildi með dómi. Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til orðalags í 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga þar sem fram kemur að stofnverð eigna teljist kostnaðarverð þeirra að frádragnum m.a. eftirgjöfum skulda sem til falla í sambandi við kaup þeirra. Taldi stefnandi að ákvæðið fæli í sér að fjárhæð eftirgefina skulda beri að draga frá kaupverði eigna þegar stofnverð þeirra er leitt fram.

Þær skuldir sem felldar voru niður voru vegna lána sem veitt höfðu verið til fjárfestinga í eignarhlutum í félögum. Skuldirnar voru þannig tilkomnar vegna kaupa á tilteknum eignum. Ekkert í 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga skilyrði að lækkun

á stofnverði sé háð því að eftirgjöf skulda gerist á sama tíma og kaup fara fram.

Stefnandi hafnaði jafnframt þeirri túlkun skattyfirvalda að ákvæði 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga ætti ekki við þar sem skuldir félagsins hafi verið gefnar eftir við nauðasamning en ekki beint í sambandi við kaupin. Ákvæði eigi að skýra samkvæmt orðanna hljóðan. Það sé ívilnandi og slíkt ákvæði verði að skýra rúmt og ekki þrengra en orðalag þess gefi til kynna.

Stefnandi hélt því ennfremur fram að þegar orðin *eftirgjöf skulda* í ákvæðinu væru skýrð yrði að taka mið af þeim aðstæðum sem reyni við notkun þess. Álitaefnið sé hvort til skuldar hafi verið stofnað í sambandi við kaup eigna – eðli máls samkvæmt hljóti eftirgjöfin að koma til síðar. Yrði fallist á túlkun skattyfirvalda hafi hugtakið hvorki efnislega merkingu í ákvæðinu til samræmis við kröfurétt né væri inntak þess skýrt í samræmi við eðlilega skýringu samkvæmt orðanna hljóðan.

Þá benti stefnandi á að ákvæði laga um tekjuskatt geri almennt ráð fyrir því að ekki komi til skattlagningar vegna tekjufærslu á eftirgjöf skulda. Í tilvikum stefnanda voru skuldir vegna kaupa á hlutum í félögum gefnar eftir í nauðasamningum. Tap af verðryrnun keypts hlutfjár sé ekki hægt að draga frá skattskyldum tekjum og því sé ekki rekstrartap til að færa á móti

tekjufærslunni. Ójafnræði sé því með rekstrarfélögum sem ganga til nauðasamninga allt eftir því hvernig tap þeirra komi til. Rangur skýringarkostur af hálfu skattýfirvalda leiði þannig til ólögmæts ójafnræðis og í andstöðu við skýrt orðalag 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga.

Að lokum vísaði stefnandi til ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gerð sé sú krafa til skattalaga að þau séu skýr og ótvíræð. Ekki verði þannig lögð á önnur opinber gjöld en þau sem lög heimila og skýra þurfi slíkar lagaheimildir þröngt.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og til stuðnings kröfum sínum vísaði hann til þess að almenna reglan sé sú að stofnverð eigna sé kostnaðarverð þeirra sbr. 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga. Ákvæðið kveði svo á um tilteknar heimildir til frádráttar frá stofnverði, þ. á m. eftirgefnar skuldir sem til falla í sambandi við kaup viðkomandi eigna.

Tilvitnað ákvæði heimili ekki að öll eftirgjöf á skuldum, sem stofnað hafi verið til vegna eignakaupa, komi til lækkunar á stofnverði. Þær skuldir stefnanda sem

gefnar voru eftir voru eftirgefnar á grundvelli nauðasamninga en ekki á grundvelli kaupa á eignunum, breytinga á þeim eða endurbótum.

Stefndi benti á að ákvæði 12. gr. tekjuskattslaga sé skipað undir kaflaheitið *Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna*. Þau atvik sem hafi bein áhrif á stofnverð eignarinnar skuli koma fram við ákvörðun á söluhagnaði þeirrar eignar. Bágar fjárhagsaðstæður skuldara hafi almennt ekki áhrif á stofnverð eigna við ákvörðun söluhagnaðar.

Stefndi mótmælti þeirri fullyrðingu stefnanda að tekjuskattslög gerðu ekki ráð fyrir skattlagningu vegna tekjufærslu á eftirgefnum skuldum vegna nauðasamninga. Lögin kveði þvert á móti alveg skýrt á um að eftirgefnar skuldir vegna nauðasamninga skuli tekjufæra – ákvæði 3. tölul. 28. gr. laganna hafi að geyma undanþágu frá þessari skýru reglu sem taki til einstaklinga utan rekstrar. Vilji löggjafans sé því alveg skýr hvað þetta varðar.

Stefndi benti á að heimilt sé að draga frá rekstrartekjum sannanlega tapað

hlutafé í félögum sem orðið hafa gjaldþrota og að hið sama eigi við um hlutafé sem fært hafi verið niður í kjölfar nauðasamninga. Þá taldi stefndi ekki unnt að fallast á að skattskylda eftirgjafa skuldar sé háð því að andvirði láns hafi verið varið til gjaldfæranlegra rekstraraðfanga eða að til staðar sé nýtanlegt rekstrartap.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að þær skuldir sem deilt er um og færðar voru niður á grundvelli nauðasamnings stefnanda við kröfuhafa voru hvorki gefnar eftir í sambandi við kaup eða fjárfestingu stefnanda á eignarhlutum. Samkvæmt beinni orðskýringu á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga taldi dómurinn að greint ákvæði væri nægjanlega skýrt og ótvírætt að þessu leyti og í samræmi við lögskýringarsjónarmið. Ekki væri því unnt að fallast á það með stefnanda að byggja gjaldfærsluna sem deilt var um á 2. mgr. 12. gr. tekjuskattslaga. Kröfum stefnanda var því hafnað og íslenska ríkið sýknað.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 77/2015

Óvissar tekjur – vextir – skatthlutfall

Þann 4. febrúar 2015 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands í kærumáli A (sóknaraðili) gegn íslenska ríkinu (varnaraðili).

Málavextir eru þeir að þann 25. október 2012 voru sóknaraðila dæmdar bætur úr hendi varnaraðila fyrir varanlega örorku, bætur fyrir varanlegan miska auk 50% álags, þjáningabætur og miskabætur sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 6/2012. Samtals námu dæmdar bætur kr. 30.994.619.

Varnaraðili greiddi sóknaraðila kr. 49.686.131 sem uppgjör á tildæmdum bótum auk vaxta í samræmi við dómsorð. Við útgreiðslu bótanna hélt varnaraðili eftir 20% fjármagnstekjuskatti af öllum vöxtum og nam staðgreiðslan kr. 6.535.808. Sóknaraðili telur að ofreiknaður fjármagnstekjuskattur nemi kr. 1.536.574 þar sem ekki hafi verið tekið

tillit til þess skatthlutfalls sem í gildi var þegar vaxtatekjur mynduðust.

Óskaði sóknaraðili eftir afstöðu ríkisskattstjóra og í bréfi ríkisskattstjóra frá því í ágúst 2013 kemur fram að í tilviki sóknaraðila væri um að ræða vaxtatekjur sem greiddar voru eða urðu greiðslukræfar á árinu 2012 og bæru því 20% tekjuskatt. Fyrir héraðsdómi krafðist sóknaraðili þess að fjárnám yrði gert hjá varnaraðila aðallega til tryggingar á skuld að fjárhæð kr. 1.817.412 auk dráttarvaxta, til vara til tryggingar á skuld að fjárhæð kr. 1.678.556 auk dráttarvaxta og til þrautavara til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 295.660.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki beitt réttu skatthlutfalli þegar skattur var dreginn af þeim vöxtum sem greiddir voru vegna tildæmdra bóta. Varnaraðili

hafi haldið eftir 20% skatti af allri vaxtafjárhæðinni óháð því á hvaða tímabili vextirnir mynduðust. Sóknaraðili telur að miða eigi við það skatthlutfall sem var í gildi á þeim tímabilum þegar vextir féllu til á kröfunu. Vextir hafi myndast á árunum 2009-2012 og þá hafi skatthlutfall numið 10% til 1. júlí 2009, 15% frá 1. júlí það ár til áramóta, 18% frá 1. janúar 2010 til 1. janúar 2011 og 20% eftir þann tíma.

Sóknaraðili vísaði til þess að varnaraðili hafi ekki beitt viðteknum sjónarmiðum um lagaskil eða viðurkenndum lögskýringarreglum. Túlkun og framkvæmd varnaraðila hafi haft í för með sér afturvirkni skattalaga sem sé óheimil samkvæmt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar sbr. dóma Hæstaréttar í málum 499/2002 og 465/2004.

Taldi sóknaraðili skýrt að samkvæmt 3. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga þá skuli telja vexti til tekna þegar þeir séu greiddir eða greiðslukræfir og þá beri að telja þá fram á skattframtali. Tímamarkið þegar vextir falli til, þ.e. þegar þeir eru áunnir og hvenær þeir séu framtalsskyldir og skattskyldir fari ekki alltaf saman. Vextir geti þannig fallið til og orðið greiðslukræfir þótt þeir komi ekki til greiðslu strax. Ákvæðin um staðgreiðslu af vöxtum skýri ekki hvenær vextir séu greiðslukræfir eða falli til og staðgreiðslan þurfi ekki að fara saman við hvenær vextir falli til á kröfu. Það að staðgreiðsla fari fram seinna eða við útgreiðslu en ekki þegar þeir falli til breyti ekki því að nota beri það skatthlutfall sem var í gildi þegar vextirnir féllu til en ekki það hlutfall sem í gildi var við útgreiðslu. Það sé viðtekið lögskýringarsjónarmið í íslenskum rétti að lögum verði ekki beitt með íþyngjandi afturvirkum hætti nema þau mæli skýrlega fyrir um það. Því sé ekki fyrir að fara í þessu máli.

Sóknaraðili hafnaði því einnig að um sé að ræða óvissar tekjur. Í dómi Hæstaréttar frá 25. október 2012 í máli nr. 6/2012 reiknaði dómurinn dráttarvexti á kröfuna frá 16. febrúar 2008 og taldi hana gjaldfallna. Í því felist að Hæstiréttur hafi talið fram komnar nægilegar upplýsingar um kröfuna og að nægar upplýsingar væru fyrir hendi þannig að varnaraðili gæti greitt hana. Það að varnaraðili hafi kosið að draga kröfuna í efa og neita að greiða hana eigi ekki að hafa þau áhrif að vextir á kröfuna teljist óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga. Tilvitnað ákvæði tekjuskattslaga eigi þannig ekki við í málinu.

Sóknaraðili hafnaði því enn fremur að dómur Hæstaréttar í máli nr. 115/2014 frá 16. október 2014 hafi fordæmisgildi í málinu. Í því máli var tölulegur ágreiningur um kröfu en svo hafi ekki verið í máli sóknaraðila.

Að auki vísaði sóknaraðili til þess að framkvæmd skattyfirvalda fari í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttinda. Hærri afdráttur en sóknaraðili samþykki sé ekki heimill. Annað feli í sér skerðingu á eignarrétti hans.

Sóknaraðili benti á að í lögum nr. 128/2009 og 164/2010 þegar skatthlutfall var hækkað annars vegar úr 15% í 18% og hins vegar úr 18% í 20% sé ekki að finna neinar lagaskilareglur. Lagaskil við þessar hækkanir verði því að fara eftir óskráðum lagaskilareglum dregnum af meginreglunni um bann við afturvirkni skattalaga. Það fari í bága við 2. mgr. 77.

gr. stjórnarskrárinnar að skýra og beita lögum nr. 128/2009 og 164/2010 þannig að þau taki til áfallinna vaxta af kröfum sem stofnast hafa fyrir gildistöku laganna.

Jafnframt taldi sóknaraðili að með þessari framkvæmd sé brotið gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Bótakröfur sem stofnist á sama tíma fái ójafna álagningarmeðferð allt eftir því hvenær þær séu greiddar með vöxtum. Gagnaðili sem geri ágreining um kröfuna valdi því að vextir sem falli til á fyrri



Meginreglan um skattlagningu fjármagnstekna er sú að þær tekjur skattleggjast með því álagningarhlutfalli sem í gildi sé þegar fjármagnstekjurnar séu greiddar eða greiðsluhæfar

vaxtatímabilum beri 20% fjármagnstekjuskatt í stað lægri skatts. Þannig ráði tilviljanakennd atvik afstöðu gagnaðilans um greiðslu kröfunnar því skatthlutfalli sem beitt sé við útgreiðslu vaxtakröfunnar – slíkt sé ekki réttlætanlegt.

Varnaraðili krafðist þess að kröfum um fjárnám yrði hafnað og vísaði til þess að réttur skattur hafi verið dreginn af þeim vöxtum sem greiddir voru vegna dómkröfu sóknaraðila.

Varnaraðili vísaði til þess að meginreglan um tímamark skattskyldu vaxtatekna hjá einstaklingum utan atvinnurekstrar sé að vextir hafi verið greiddir eða verið greiðslukræfir á tekjuárinu sbr. 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga.

Þá sé kveðið á um það í 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga að tekjur skuli að jafnaði telja fram á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar þær myndast, nema um sé að ræða óvissar tekjur. Vaxtatekjur sóknaraðila vegna kröfu hans á hendur ríkinu hafi verið óvissar tekjur og þess vegna hafi skattlagning þeirra átt að vera samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum tekjuskattslaga.

Meginreglan um skattlagningu fjármagnstekna sé sú að þær tekjur skattleggjast með því álagningarhlutfalli (skattprósentu) sem í gildi sé þegar fjármagnstekjurnar séu greiddar eða greiðsluhæfar. Áfallnir vextir séu þannig ekki skattskyldir fyrir en við greiðslu eða þegar þeir verða greiðsluhæfir og á því tímamarki innheimtist fjármagnstekjuskattur af þeim.

Varnaraðili benti á að bótaskylda í máli Hæstaréttar nr. 6/2012 hafi verið umdeild og að sýknu hafi verið krafist á báðum dómstigum. Þá hafi einnig verið ágreiningur um fjárhæðir bóta ef á bótaskyldu yrði fallist. Ekki hafi verið ljóst hvort bótakrafa hvíldi á varnaraðila, hver fjárhæð bótanna yrði eða hve háa vexti bæri að greiða fyrir en við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar.

Varnaraðili mótmælti því að um afturvirka skattlagningu sé að ræða. Lög um

staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lög um tekjuskatt séu skýr um tímamark skattskyldu.

Í úrskurði héraðsdóms sem kveðinn var upp 6. janúar sl. kemur fram að dómur Hæstaréttar í máli nr. 115/2014 frá 16. október 2014 hafi skýrt fordæmisgildi í málinu. Ljóst sé að ágreiningur var með aðilum um bótaskyldu varnaraðila og þ. á m. um bótafjárhæðina og þar af leiðandi vextina. Sóknaraðili viðurkenni þetta sjálfur í bréfi til ríkisskattstjóra sem dagsett sé 5. júlí 2013.

Þá er í úrskurði héraðsdóms vísað til þess að sömu málásástæðum hafi verið teft fram í máli Hæstaréttar nr. 115/2014 og að þær hafi allar verið teknar til efnislegrar umfjöllunar í héraðsdómi. Hæstiréttur hafi svo staðfest niðurstöðu héraðsdómsins.

Að því virtu telur héraðsdómur að í því máli sem hér er til umfjöllunar hafi tildæmdar bætur verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga og ekki orðið greiðslukræfar fyrir en með dómi Hæstaréttar 25. október 2012. Þá fyrst hafi óvissu verið eytt og hinar umdeildu vaxtatekjur orðið greiðslukræfar. Kröfum sóknaraðila var þannig hafnað.

Sóknaraðili kærði úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar og var dómur kveðinn upp þann 4. febrúar 2015. Í dómi Hæstaréttar er úrskurður héraðsdóms staðfestur með vísan til forsendna héraðsdóms.

Skipting hlutafélags – sala hlutafjár

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 10. febrúar 2015 var íslenska ríkið sýknað af kröfu stefnanda Ingimundar hf. Kröfum annarra stefnenda var vísað frá dómi.

Málavextir eru þeir að á aðalfundi í Ingimundi hf. í maí 2004 var samþykkt að gera athugun á hagkvæmni þess að skipta félaginu upp þannig að stofnuð yrðu tvö ný félög sem tækju yfir hluta af eignum og starfsemi þess. Annað félagið myndi þannig taka yfir útgerðarhluta félagsins en hitt taka við landareignum. Á hluthafafundi í stefnanda Ingimundi hf. í september 2005 var samþykkt að skipta félaginu upp í samræmi við skiptingaráætlun stjórnar félagsins. Við skiptinguna kom skipið Helga RE 49, veiðarfæri þess og veiðiheimildir í hlut félagsins Fjarðarey ehf.

Samkvæmt kaupsamningi sem gerður var í maí 2005 var allt hlutafé í Fjarðarey ehf. selt Skinneyjar-Þinganess hf. og Ketillaug ehf. Í kaupsamningnum kom fram að Fjarðarey ehf. væri óstofnað hlutafélag sem yrði skráð við skiptingu stefnanda Ingimundar hf. Gengið var svo frá skráningu félagsins Fjarðarey ehf. í júní 2005 og tilkynning send til fyrirtækjaskrár í ágúst

Friðrik og Esther Ósk fram söluhagnað sinn vegna sölu á hlutafé í Fjarðarey ehf.

Í lok árs 2011 endurákvörðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld stefnanda Ingimundar hf. Endurákvörðun ríkisskattstjóra var á því byggð að ekki væri annað að sjá en að stefnandi Ingimundur hf. hefði hagnast á árinu 2005 um kr. 1.530.156.611 við sölu á atvinnurekstrareigninni Helgu RE 49 og aflaheimildum sem tilheyrðu því skipi. Ríkisskattstjóri lagði til grundvallar að hlutabréf í Fjarðarey ehf. hafi verið seld til Skinneyjar-Þinganess hf. og Ketillaugar ehf. áður en formlegri skiptingu hafi verið lokið. Gagngjaldsskilyrði 52. gr. tekjuskattslaga hefði því ekki verið uppfyllt. Söluandvirði skipsins og aflahemilda bæri því að telja til tekna hjá stefnanda Ingimundi hf. sem venjulegan söluhagnað atvinnurekstrareigna.

Ríkisskattstjóri endurákvörðaði einnig opinber gjöld stefnanda Ármanns og Ármanns Fr. þannig að stofn þeirra til fjármagnstekjuskatts var hækkaður en stofn Estherar Óskar til fjármagnstekjuskatts var lækkaður.

Endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum stefnanda Ingimundar hf.

verið liðinn þar sem skattframtal hans og fylgigögn fyrir rekstrarárið 2005 hafi haft að geyma fullnægjandi upplýsingar sem byggja mátti rétta álagningu á. Þá hefði verið brotið gegn andmælarétti hans þar sem ekki hefði verið gefinn nægur tími til að svara boðunarbréfi ríkisskattstjóra.

Stefnandi vísaði til þess að samningur hluthafa Fjarðareyjar ehf. um sölu á hlutafénu til Skinneyjar-Þinganess hf. og Ketillaugar ehf. hafi verið fullgildur einkaréttarlegur samningur sem skuldbatt bæði seljendur og kaupendur. Samningurinn hafi kveðið á um sölu á hlutafé þó svo ekki hefði verið búið að ganga formlega frá stofnun þess hlutafélags sem um ræddi. Samningurinn hafi verið bundinn þeirri forsendu að seljendur önnuðust frágang og framseldu svo kaupendum hlutaféð. Um hafi verið að ræða fullkomlega eðlileg viðskipti með hlutabréf sem fjölmörg dæmi séu um.

Stefnandi mótmælti því að skipting hans hefði eingöngu þjónað þeim tilgangi að komast hjá því að greiða tekjuskatt vegna söluhagnaðar af sölu eigna sem tilheyrðu atvinnurekstri hans. Fyrirætlanir hafi verið uppi um skiptingu löngu áður og ósannað sé að tilgangur skiptingar hafi verið að komast hjá greiðslu tekjuskatts. Þá vísaði stefnandi til þess að þá sé ekkert athugavert við það að ákvörðunum í fjármálum sé hagað á þann hátt að þær leiði til sem lægstra skattgreiðslna.

Stefnandi vísaði til þess að fjölmörg dæmi væru um að staðið væri að skiptingu félaga og sölu eigna með þeim hætti sem gert hefði verið í máli þessu. Með aðgerðum ríkisskattstjóra væri stefnanda mismunað á ólögmetan hátt. Engu máli skipti hvort lokið hafi verið við stofnun Fjarðareyjar ehf. á samningsdegi eða ekki. Hlutafé félagsins var selt og ekkert annað.

Stefnendur Ármann, Ármann Fr. og Esther Ósk kröfðust þess að felld yrði niður álagning á fjármagnstekjuskatti þeirra vegna sölu á hlutafé í Fjarðarey ehf. en að sú krafa komi eingöngu til meðferðar í málinu ef ekki yrði fallist á kröfu stefnanda Ingimundar ehf. um ógildingu á úrskurði ríkisskattstjóra. Synjun á þeirri kröfu hljóti að leiða til þess að sala hlutafjárins teljist ógild þar sem hlutafélagið

”

Stefnandi mótmælti því að skipting hans hefði eingöngu þjónað þeim tilgangi að komast hjá því að greiða tekjuskatt vegna söluhagnaðar af sölu eigna sem tilheyrðu atvinnurekstri hans

sama ár. Afsal fyrir hlutafénu var gefið út 16. ágúst 2005 og sama dag var gengið frá skiptingar- og samrunaáætlun.

Þann 26. september 2005 var svo haldinn hluthafafundur í Fjarðarey ehf. þar sem fulltrúar nýrra hluthafa, Skinneyjar-Þinganess hf. og Ketillaugar ehf., voru mættir og voru þær ráðstafanir sem gerðar höfðu verið skv. framanrituðu samþykktar.

Á skattframtali 2006 vegna tekjuársins 2005 töldu stefnendur Ármann, Ármann

var kærð til yfirséðanefndar sem hafnaði kröfum kæranda með úrskurði dagsettum 3. júlí 2013.

Stefnendur höfðuðu mál gegn íslenska ríkinu og kröfðust þess að úrskurður ríkisskattstjóra og úrskurður yfirséðanefndar yrðu felldir úr gildi og stefnda gert að endurgreiða ofgreidda skatta að fjárhæð kr. 341.344.903 ásamt vöxtum.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði Ingimundur hf. til þess að tveggja ára frestur skattfyrvalda til endurákvörðunar hafi

sem selt hafi verið hafi verið strípað af öllum eignum á söludegi. Ríkisskattstjóri hafi aftur á móti hafnað að leiðrétta framtalsskil stefnanda á þeirri forsendu að til þeirra hefði runnið fé sem þeir einir hefðu haft til ráðstöfunar, en í raun hefðu fjármunirnir átt að renna til Ingimundar hf. Með því að synja um endurupptöku sé þannig í raun verið að tvískattleggja söluandvirði atvinnurekstrareignar stefnanda Ingimundar hf. Skattfyrirvöld geti ekki bæði ákveðið að kalla lögmæta skiptingu sýndargerning gerðan til skattasniðgöngu og á sama tíma sagt að andvirðið sem fékkst fyrir atvinnurekstrareignirnar skuli einnig skattlagt sem fjármagnstekjuskattur hjá hluthöfum sem aldrei fengu fjármunina til ráðstöfunar.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og vísaði til þess að úrskurðir ríkisskattstjóra og yfirséðanefndar væru ekki haldnir form- eða efnisannmörkum sem leiða ættu til ógildingar.

Vegna málsástæðna stefnanda um að tímamörk til endurákvörðunar hafi verið liðin vísaði stefndi til þess að þau gögn sem lögð voru fram við skattskil rekstrarársins 2005 hafi ekki gefið til kynna hvort skipting félagsins hafi uppfyllt skilyrði 52. gr. tekjuskattslaga. Þannig hafi verið útilokað fyrir skattfyrirvöld að leggja mat á réttmæti skiptingarinnar í skattalegu til-liti m.a. með hliðsjón af rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga og rétti skattaðilans til andmæla. Aldrei hefði komið til álita að hægt væri að gera breytingar á skattskilunum án þess að fá frekari upplýsingar um skiptinguna og aðdraganda hennar.

Stefndi benti á að stefnendur hefðu skilað ítarlegum andmælum við fyrirhugaðar breytingar ríkisskattstjóra og ekki verði séð að brotið hafi verið gegn andmælarétti þeirra. Réttra málsmeðferðarreglna hafi þannig verið gætt hjá ríkisskattstjóra.

Sýknukrafa stefnda er aðallega studd þeirri málsástæðu að lagaskilyrði 52. gr. tekjuskattslaga hafi ekki verið uppfyllt þannig að þeim yrði beitt við skiptingu stefnanda Ingimundar hf. á árinu 2005. Með því að skipta félaginu og selja eingöngu hlutabréf í óstofnuðu einkahlutafélagi í stað atvinnurekstrareigna hafi þess verið freistað að fara fram hjá þeirri meginreglu að greiða beri skatt af þeim hagnaði sem til verði í starfsemi og síðan greiði hluthafar fjármagnstekjuskatt af hagnaðinum eftir skatta þegar honum er úthlutað í formi arðs. Með skiptingunni var þannig sleppt að gera grein fyrir þeim mismun sem varð á gangverði eignanna og skattalega bókfærðu verði þeirra í skatt-

skilum stefnanda, en einungis greiddur skattur af söluhagnaði hlutabréfanna.

Stefndi vísaði til þess að skipting á stefnanda Ingimundi hf. hafi ekki verið um garð gengin þegar búið hafi verið að selja hlutina í Fjarðarey ehf. og að við blasi að umræddar ráðstafanir hafi verið verulega frábrugðnar því sem almennt gerist í viðskiptum sem þessum og eingöngu gerðar í því skyni að tryggja lægri skattgreiðslur. Rétt hafi því verið að víkja ráðstöfununum til hliðar í skattalegu til-

”

Þá kemur fram að ekkert bendi til annars en að stefnanda hafi verið veittur andmælaréttur áður en endanleg ákvörðun var tekin í máli hans

liti á þeim grundvelli að um ólögmæta skattasniðgöngu hafi verið að ræða. Ekki væri unnt að sjá að tilgangurinn með skiptingunni hafi í raun verið sá að dreifa þeirra áhættu sem stefnandi telji að hafi verið fyrir hendi í rekstri sínum enda engin breyting orðið á rekstrartilgangi hans þrátt fyrir skiptinguna.

Þá áréttaði stefndi að stefnendur höfðu ráðstafað öllu hlutafé í Fjarðarey ehf. áður en það félag var lögformlega stofnað. Félagið hafi þannig ekki verið til að lögum þegar ráðstöfun hlutafjárins fór fram. Ráðstöfunarréttur söluandvirðis hlutabréfanna í Fjarðarey ehf. hafi ekki verið á hendi hluthafanna þegar salan fór fram enda skiptingaferli Ingimundar hf. ekki hafið á því tímamarki. Hluthafarnir hafi þannig ekki fengið afhent hlutabréf í Fjarðarey ehf. sem gagngjald fyrir hlutabréf sín í Ingimundi hf. nema að nafninu til enda höfðu hluthafarnir þá þegar afsalað rétti sínum til hlutafjárins í hinu óstofnaða félagi.

Hvað varðar kröfur stefnanda Ármanns, Ármanns Fr. og Estherar Óskar þá vísaði stefndi til þess að það sé rangt að úrskurður ríkisskattstjóra í máli stefnanda Ingimundar hf. breyti því að aðrir stefnendur hafi selt óstofnað hlutafélag til Skinneyjar-Þinganess hf. og Ketillaugar ehf. og fengið greitt fyrir þá sölu. Þeir gerningar hafi ekki verið til málamynda heldur hafi skattaleg meðferð stefnanda, Ingimundar hf., á þessum gerningum í skattskilum sínum verið til málamynda. Endurákvörðanir ríkisskattstjóra breyti

ekki efni einkaréttarlegra gerninga á milli aðila. Hluthafar í stefnanda Ingimundi hf. fengu greiðslu fyrir hlutabréfin í Fjarðarey ehf. frá kaupandanum í ágúst 2006 og voru þeir fjármunir þeim til frjálsrar ráðstöfunar. Engu breyti um skattskyldu meðstefnanda að þeir hafi kosið að ráðstafa fénu til kaupa á hlutafé í Ingimundi hf.

Stefndi vísaði til þess að niðurstaða ríkisskattstjóra um tekjufærslu vegna sölu á atvinnurekstrareignum hafi verið í fullu samræmi við dómaframkvæmd

og að engin tvísköttun hafi átt sér stað. Almenn skattframkvæmd sé sú að hagnaður af seldum atvinnurekstrareignum í eigu hlutafélaga sé skattlagður hjá félaginu og það sem sé svo ráðstafað til hluthafa sé skattlagt sem tekjur þeirra af hlutareign að gættum ákvæðum um arðsúthlutunarheimildir.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að endurákvörðunarheimildir skattfyrivalda hafi ekki takmarkast við tvö ár sbr. 2. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga enda hafi skattfyrirvöldum verið nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um skattskil stefnanda Ingimundar hf. Sex ára endurákvörðunarheimild hafi því átt við í málinu. Þá kemur fram að ekkert bendi til annars en að stefnanda hafi verið veittur andmælaréttur áður en endanleg ákvörðun var tekin í máli hans.

Hvað varðar efnishlið málsins kemur fram í héraðsdóminum að félagið Fjarðarey ehf. hafi verið selt áður en skipting stefnanda Ingimundar hf. hófst formlega. Af þeim sökum hafi hluthafar í Ingimundi hf. ekki fengið afhent hlutabréf í Fjarðarey ehf. sem gagngjald við skiptingu þar sem þeir höfðu þegar afsalað sér rétti til hlutabréfanna. Gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. tekjuskattslaga var þannig ekki uppfyllt og var ríkisskattstjóra heimilt að endurákvörða opinber gjöld stefnanda Ingimundar hf. eins og gert var.

Kröfum annarra stefnanda var vísað frá dómi.

Söluhagnaður hlutabréfa – sveitarfélag undanþegið skattskyldu – óvissar tekjur

Með dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp þann 5. mars 2015 var dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. mars 2014 staðfestur með vísan til forsendna. Íslenska ríkið var þannig sýknað af kröfum Hafnar-fjarðarkaupstaðar á báðum dómsstigum.

Kröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti lutu aðallega að því að úrskurður ríkisskattstjóra dags. 22. mars 2011 yrði felldur úr gildi og að fjármagnstekjuskattsstofn hans gjaldárið 2010 yrði lækkaður um kr. 5.467.077.430. Til vara krafðist áfrýjandi að nefndum úrskurði ríkisskattstjóra yrði breytt þannig að fjármagnstekjuskattsstofn hans gjaldárið 2010 yrði ákveðinn kr. 5.671.374.802 og að lagður yrði 10% skattur á stofninn. Að því frágengnu krafðist áfrýjandi að úrskurði ríkisskattstjóra yrði breytt þannig að stofn til fjármagnstekjuskatts gjaldárið 2010 yrði lækkaður um kr. 5.467.077.430 og kr. 5.671.374.802 færðar til tekna sem söluhagnaður á gjaldárinu 2009 sem tekjur ársins 2008.

Stefndi krafðist aðallega sýknu en til vara að kröfur áfrýjanda yrðu lækkaðar.

Málavextir eru þeir að áfrýjandi og Orkuveita Reykjavíkur undirrituðu samkomulag á árinu 2007 um kaup á hlut áfrýjanda vegna sölu íslenska ríkisins á hlut þess í Hitaveitu Suðurnesja hf. sem áfrýjandi átti forkaupsrétt í. Sama ár samþykkti bæjarstjórn áfrýjanda að selja Orkuveitunni allt að 95% hlutfjár í hitaveitunni og nam söluverðið kr. 7.643.300.818.

Áfrýjandi höfðaði mál á hendur Orkuveitunni til greiðslu kaupverðsins og með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. mars 2009 var fallist á þá kröfu áfrýjanda. Orkuveitan áfrýjaði þessum dómi en í ágúst 2009 gerðu áfrýjandi og Orkuveitan nýtt samkomulag um uppgjör á fyrrgreindu samkomulagi og lauk þá málaferlunum.

Að teknu tilliti til þessa nýja samkomulags nam söluhagnaður áfrýjanda vegna sölu á hlutum í HS Orku kr. 5.476.077.430. Ekki var gerð grein fyrir umræddri sölu í skattframtölum stefn-

anda fyrir 2007 eða 2008. Í athugasemd í ársreikningi áfrýjanda fyrir árið 2008 kom fram að áfrýjandi ætti í málaferlum við Orkuveitu Reykjavíkur. Þá kom fram í athugasemddinni að skattskuldbinding vegna sölunnar væri færð í ársreikning.

Í október 2009 óskaði skattstjóri eftir að áfrýjandi gæfi skýringar á framtali sínu vegna tekjuársins 2008 og var gerð athugasemd við að söluhagnaður vegna sölunnar væri ekki færður til tekna. Áfrýjandi gaf þær skýringar að málaferli væru í gangi vegna viðskiptanna og að niðurstaða málsins væri enn óljós.

Í skattframtali áfrýjanda fyrir tekjuárið 2009 var eingöngu gerð grein fyrir stofni til tryggingagjalds og óskaði ríkisskattstjóri eftir því að áfrýjandi gerði grein fyrir fjármagnstekjum sínum. Ekkert svar barst frá áfrýjanda og var því stofn hans til fjármagnstekjuskatts áætlaður í október 2010.

Áfrýjandi óskaði svo eftir því með bréfi í nóvember 2010 að skattframtal 2009 vegna tekjuársins 2008 yrði leiðrétt þannig að stofn til fjármagnstekjuskatts yrði hækkaður um kr. 5.467.077.430 sem næmi söluhagnaði vegna sölu á hlutabréfum í HS Orku hf. Í bréfi áfrýjanda var vísað til þess að í ágúst 2009 hefði náðst samkomulag um uppgjör en niðurstaða um endanlegar fjárhæðir hefði ekki náðst fyrr en í desember 2009. Áfrýjandi kærði svo álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2010 og óskaði eftir því að fjármagnstekjuskattur fyrir tekjuárið 2009 yrði endurákvarðaður með hliðsjón af leiðréttu skattframtali sem fylgdi.

Ríkisskattstjóri óskaði eftir nánari skýringum vegna kæru áfrýjanda og í desember 2010 bárust útreikningar og skýringar. Í janúar 2011 boðaði ríkisskattstjóri að fyrirhugað væri að úrskurða um leiðrétt framtal ársins 2010 með þeirri breytingu að áfrýjanda yrði færður til tekna hagnaður af sölu á hlutabréfum í HS Orku hf. Í boðunarbréfinu kom fram að skattstjóri Reykjanesumdæmis hefði verið sammála áfrýjanda um að á árunum 2007 og 2008 hefði verið um óvissar

tekjur að ræða. Í kjölfar dóms héraðsdóms á árinu 2009 væri svo ekki lengur og bæri því að telja tekjurnar fram á því tekjuári sbr. 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga. Þá var enn fremur tiltekið í boðunarbréfinu að af þessari breytingu leiddi að ekki væri unnt að fallast á erindi áfrýjanda um að færa söluhagnaðinn til tekna á skattframtal 2009 vegna tekjuársins 2008.

Áfrýjandi andmælti framangreindri fyrirhugun ríkisskattstjóra. Í framhaldi af þeim andmælum kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð í samræmi við boðunarbréfið.

Áfrýjandi höfðaði við svo búið mál gegn íslenska ríkinu og krafðist þess aðallega að úrskurður ríkisskattstjóra vegna gjaldársins 2010 yrði felldur úr gildi og að fjármagnstekjuskattsstofn stefnanda það gjaldár yrði lækkaður um kr. 5.467.077.430. Til vara krafðist áfrýjandi að úrskurðinum yrði breytt þannig að fjármagnstekjuskattsstofn hans 2010 yrði lækkaður um kr. 5.467.077.430 og sama fjárhæð að viðbættum kr. 204.297.372, eða samtals kr. 5.671.374.802 væri færðar til tekna sem söluhagnaður í framtali 2009 vegna tekjuársins 2008.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði áfrýjandi til þess að skort hafi heimild til að skattleggja umræddan söluhagnað og að lögskýring ríkisskattstjóra bryti gegn ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Áfrýjandi vísaði til þess að sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og stofnanir hefðu um langt skeið verið undanþegin tekjuskattskyldu. Þegar fjármagnstekjur voru gerðar skattskyldar með lögum nr. 97/1996 hafi skattskylda af tilteknum fjármagnstekjum verið lögð á sveitarfélög. Á þeim tíma hafi gilt sömu reglur um skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum hvort sem um væri að ræða lögaðila eða sveitarfélag. Síðar hafi svo lögum verið breytt þannig að hagnaður hlutafélaga og samvinnufélaga af hlutabréfum hafi í raun verið gerður skattfrjálss. Af þessu taldi áfrýjandi mega ráða að vilji löggjafans hafi staðið til þess að hafa samræmi á skattlagningu

Þessara tekna óháð því hvort sveitarfélag fengi þær eða skattskyldur lögaðili. Þannig beri að túlka efnislegt innihald þeirrar skattskyldu sem lögfest var með lögum nr. 97/1996 með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skattskyldu söluhagnaðar hlutabréfa í hendi skattskylds hlutafélags eða samvinnufélags.

Vegna varakröfu sinnar vísaði áfrýjandi til þess að telja yrði að hagnaður vegna umræddra hlutabréfa hafi fallið til á árinu 2008 sbr. forsendur héraðsdóms í máli því sem rekið var gegn Orkuveitunni. Endanlegur réttur til kaupverðsins hafi ekki stofnast fyrr en áfrýjandi tilkynnti Orkuveitunni að hann samþykkti að selja 95% af hlutafénu. Þá hafi það ekki verið ljóst fyrr en í mars 2008 að forkaupsréttarhafar hefðu ekki í hyggju að nýta sinn rétt. Áfrýjandi vísaði enn fremur til þess að salan á hlutabréfunum hefði verið tilgreind í ársreikningi fyrir árið 2008.

Íslenska ríkið krafðist sýknu og til stuðnings þeirri kröfu var vísað til þess að ákvæði 4. mgr. 71. gr. tekjuskattslaga séu skýr og ótvíræð og kveði á um að lögaðilar sem eru undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr. laganna skuli greiða tekjuskatt af vöxtum, arði og hagnaði af sölu hlutabréfa. Orðalag ákvæðisins og lögskýringargögn styðji þetta.

Stefndi vísaði því einnig á bug að framangreint ákvæði tekjuskattslaga bryti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Málefnaleg sjónarmið ráða því að mismunandi skattar séu lagðir á menn og lögaðila eftir því hvernig tekjum þeirra og félagaformi er háttað. Þannig beri sveitarfélagi, skv. gildandi lögum, að greiða skatt af söluhagnaði sem þau fá af sölu hlutabréfa. Kjósi sveitarfélag að koma hluta af rekstrareiningum sveitarfélagsins í form hlutafélags eða einkahlutafélags þá sé það yfirleitt gert til að ná rekstrarlegu hagræði. Því fylgi gerbreytt lagaleg staða bæði fyrir viðkomandi rekstur og eiganda hans. Sveitarfélag sem rekur orkuveitu sem sjálfstæða einingu innan sveitarsjóðs er ekki í sambærilegri stöðu og sveitarfélag sem á hlut í hlutafélagi sem rekur orkuveitu.

Vegna varakröfu áfrýjanda vísaði stefndi til þess að reglan í 2. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga geri ráð fyrir að upp geti komið þær aðstæður að tekjur teljist þeirri óvissu háðar að biða skuli með tekjufærslu til þess árs er óvissunni hefur verið eytt. Skattskil áfrýjanda sjálfs tóku mið af því að biða ætti með tekjufærsluna þar sem veruleg óvissa væri um hverjar raunverulegar tekjur yrðu af viðskiptunum vegna lagalegrar óvissu um afdrif málsins.

Óvissunni hafi svo verið eytt með dómi héraðsdóms. Stefndi benti enn fremur á að svo mikil lagaleg óvissa hafi verið í málinu að fallist hafi verið á sjónarmið áfrýjanda um að skattleggja ekki söluhagnaðinn á tekjuárunum 2007 og 2008 þar sem um óvissar tekjur hafi verið að ræða. Þá benti stefndi einnig á nýtt samkomulag milli áfrýjanda og Orkuveitunnar þar sem hluti sölunnar gekk til baka og uppfylla þurfti skilyrði fyrir miðjan desember 2009. Af öllu þessu leiðir að um óvissar tekjur hafi verið að ræða sem komu til skattlagningar á gjaldárinu 2010.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að varakrafa áfrýjanda hafi fyrst verið gerð fyrir meðferð málsins fyrir Hæstarétti eftir að báðir aðilar höfðu skilað greinargerðum af sinni hálfu. Varakrafan sé reist á því að með héraðsdómi 18. mars 2009 í máli áfrýjanda og Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið bundinn endi á óvissu um kröfu áfrýjanda á hendur Orkuveitunni. Því hafi við ákvörðun fjármagnstekjuskatts á hagnað af sölu hlutabréfa átt að beita 10% skatthlutfalli.

Hæstiréttur vísar til þess að hin nýja kröfugerð hafi ekki verið höfð uppi í héraði og rúmist ekki innan þeirra krafna sem þar voru gerðar af hans hálfu. Af þeim sökum komi krafan ekki til álita við úrlausn málsins.

Í niðurstöðu héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna kemur fram að þrátt fyrir að ekki verði lagður almennur tekjuskattur á sveitarfélög sbr. 2. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga þá sé skýrt kveðið á um skattskyldu þeirra af tilteknum fjármagnstekjum þar á meðal söluhagnaði hlutabréfa í 4. mgr. 71. gr. laganna. Forsaga laganna og þingleg meðferð þess frumvarps sem varð að lögum nr. 97/1996 styður þetta. Þá segir í dómnum að engin haldbær rök hafi verið færð fram sem leiða til þess að skýra beri ákvæðið þrengjandi á þá leið að sala hlutabréfa í hlutafélögum á sviði orkuviðnaðar sé undanþegin skattlagningu. Skiptir ekki máli í því sambandi að hagnaður sveitarfélags vegna sölu orkufyrirtækis sem rekið er undir öðru félagaformi kunni að vera undanþeginn.

Í héraðsdóminum kemur jafnframt fram að ekki fari á milli mála að þær skattlagningarheimildir sem um er deilt fullnægi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Orðrétt segir um þetta atriði í dómnum:

„Stöðu stefnanda að lögum og í reynd verður því hvorki jafnað til stöðu einstaklinga né annars konar félaga, svo sem hlutafélaga og samvinnufélaga sem rekin eru í atvinnuskyni.“

Umræddar reglur stjórnarskrárinnar eru ekki því til fyrirstöðu að gerður sé greinarmunur á mismunandi tegundum félaga við skattlagningu, sérstaklega þegar um er að ræða félagaform sem hafa eðliskráð hlutverk að lögum og í reynd. Þessar meginreglur endurspeglar í þeim skattreglum sem undanþiggja áfrýjanda að verulegu leyti skattskyldu og búa honum annað skattalegt umhverfi en þorra félaga sem rekin eru í atvinnuskyni. Dómurinn taldi þannig að stöðu áfrýjanda yrði ekki jafnað til stöðu annarra skattgreiðenda þannig að ólíkar reglur um skattlagningu hagnaðar við sölu hlutabréfa brjóti gegn stjórnskipulegri jafnræðisreglu.

Vegna varakröfunnar kemur fram í dómnum að frá meginreglunni um að tekjur beri að telja til tekna á því ári sem þær verða til beri að víkja þegar um er að ræða óvissar tekjur. Í þeim tilvikum beri að miða við þann tíma þegar bundinn var endir á óvissuna.

Dómurinn taldi að leggja yrði til grundvallar að þegar ágreiningi um gildi kröfu er skotið til dómstóla verði að ganga út frá því að krafa teljist óviss þar til endanlegur dómur gengur um skuldbindingargildi kröfunnar. Við þær aðstæður er ekki eingöngu unnt að horfa til reglna fjármunaréttar um stofnun og efndatíma kröfu heldur verði að líta til þess tíma þegar endir er bundinn á óvissu um skuldbindingargildi kröfunnar með endanlegum dómi. Í máli þessu ræður það þannig ekki úrslitum að héraðsdómur hafi komist að því í máli áfrýjanda og Orkuveitu Reykjavíkur að bindandi samningur hafi komist á í janúar 2008.

Dómurinn taldi að leggja yrði til grundvallar að áfrýjandi sjálfur tiltók ekki sölu á umræddum hlutabréfum í skattframtali sínu vegna ársins 2008 heldur gerði grein fyrir henni í ársreikningi. Í ársreikningnum var að auki athugasemd um málaferlin og að skattskuldbinding vegna sölunnar væri færð í ársreikninginn. Þá var í bréfi áfrýjanda til ríkisskattstjóra vísað til þess að niðurstaða um endanlegar fjárhæðir á grundvelli viðbótarsamkomulags stefnanda og Orkuveitu Reykjavíkur hefði ekki ráðist fyrr en í desember 2009.

Þessi atriði taldi dómurinn ekki hægt að skilja á annan veg en að áfrýjandi sjálfur hafi talið að tekjur vegna samkomulagsins sem gert var í júlí 2007 væru óvissar þar til endir væri bundinn ágreiningur við Orkuveitu Reykjavíkur.



Kjartan Sturluson

lögfræðisviði

Minningabrot

Mílanó, 24. september 2004

Í lítilli hliðargötu, í ennþá minni íbúð, í góðu hverfi í Mílanó, nokkuð miðsvæðis, vaknaði ég við hróp og köll frá kaupmönnum hverfisins. Allt að gerast enda föstudagur en þá var ávallt haldinn matarmarkaður í götunni minni. Allt iðaði af lífi og ilmurinn af stórkostlegu hráefni markaðarins fyllti vitin þegar maður skáskaut sér í gegnum mannhafið sem ætlaði sér að gera góð kaup á ferskasta hráefninu í bænum. Eins og við Íslendingar köllum það, beint frá býli.

Kaffibarinn var að sjálfsgöðu næsti áfangastaður, skyldumæting. Morgunmatur dagsins var croissant með súkkulaði ásamt dásamlegum espressó. Alltaf það sama, maður breytir ekki því sem virkar. Á Ítalíu er kaffimenningin rótgróin og hefðirnar sterkar. Fullkominn espressó er svo sannarlega mikilvægur þáttur í daglegu lífi Ítala en þar kallast venjulegur espressó einfaldlega caffè. Til hvers að flækja málið! Á kaffibarnum safnast fólkið saman og ræðir lífið og tilveruna. Oft er margt um manninn, konuna og börnin. Allir koma og fara, staldra stutt en stundum lengi. Einn var þar alltaf og fór hvergi, kóngur í ríki sínu. Kóngurinn þekkir alla og allir þekkja kónginn. Ég var einn af þessum öllum. Mörgum árum síðar kíkti ég á kaffibarinn minn og viti menn, kóngurinn var þar ennþá og heilsaði mér með virktum.

Næsti áfangastaður var skólastofan og dagskráin full fram eftir degi af endalausum fyrirlestrum. Bekkjar-

félagarnir 39 komu frá 25 löndum, 5 heimsálfum og töluðu 16 ólík móðurmál. Allir töluðu ensku en ítalskan vann á með hverjum deginum. Skjóta á sig einum espressó í hverri pásu. Allt spurning um að halda sér vakandi, meðtaka leyndardóminn.

Hádegishléið var kærkomið, það var hálfleikur. Maginn öskraði á næringu og innan tíðar fékk'ann allt sem hann vildi. Alltaf var farið á sama staðinn, veitingastaðinn okkar. Þurftum aldrei að velja, hádegismatseðillinn varð alltaf fyrir valinu, kallast á ítölsku „Menu fisso“. Matseðill samansettur úr ferskasta hráefni dagsins. Dásamlegir ætípastlar einkenndu fyrsta réttinn, sverðfiskur rétt númer tvö og einn espressó í lokin kláraði dæmið.

Seinni hálfleikur hófst með áframhaldandi fyrirlestrum. Allir lögðu sig fram, þóttust vera áhugasamir en hugurinn einhvern veginn á reiki. Tilhlökkun til kvöldsins var orðin mikil og jókst með hverri mínúttunni. Undir lokin voru prófessorarnir farnir að tala fyrir daufum eyrum nemendanna sem komnir voru með hugann við ævintýri kvöldsins. Þegar lokaflautið gall þusti bekkurinn út úr skólanum, hersingin minnti mann helst á Viggó viðutan að loknum vinnudegi. Næsti áfangastaður var stúdentabarin í nágrenninu, barinn okkar. En sú hefð hefur skapast í borginni að síðdegis er hægt að fá sér einn drykk á næsta bar og á sama tíma gæða sér á skemmmilegum smáréttum í boði hússins. Hefðin kallast



„aperitivo“. Þessi skemmtilega hefð er tilvalin til þess að æra hungrið í manni rétt fyrir matinn, kíkja á mannlífð og byrja kvöldið snemma. Fátækir stúdentar í borginni líta oft á aperitivo sem máltíð í sjálfu sér og á meðal þeirra verða barir með góðum aperitivo oft frægir á örskotsstundu. Í þetta sinn var einungis dreypt og smakkað, veislan var handan við hornið.

Veislan sem beðið hafði verið eftir með tilhlökkun átti sér stað á fallegum stað, í þessu fallega landi. Við sátum þétt, hlið við hlið. Öll í mikilli sátt og þónokkru samlyndi. Skenkt í glösin, síðan aftur og enn á ný. Framboðnar kræsingar streymdu í stríðum straumum. Einn réttur í einu og allir fyrir rest. Einhvern veginn var fyrsti réttur notaður til þess að stríða bragðlaukunum. Á stórum bakka voru bornir á borð stórkostlegt úrval af ostum, skinkum og pylsum. Úrvalið magnað, lyktin unaðsleg og útsýnið stórbrotið.

Eftir heilbrigða bið voru skyndilega og allt í einu bornar á borð óvæntar kræsingar. Í boði voru fáeinir risastórir ravioli, fylltir með ítölskum gráðaaosti. Listaverk. Lítið á mann en minningin stórkostleg. Bragðlaukarnir voru að lokum orðnir skemmtilega pirraðir af allri þessari stríðni.

Enn á ný var skenkt í glösin, drukkið í botn og fyllt á aftur. Yndisleg athöfn sem að lokum varð að góðum vana. En allt í einu fylltist stofan af unaðslegri angan.

Í risastórri skál var borinn fram pastaréttur sem eldaður er eftir uppskrift sem haldið hefur verið leyndri innan fjölskyldunnar, mann fram af manni. Allir fá sér fjall, éta fjallið og fá sér annað. Svo koll af kolli. Einhvern veginn voru allir hættir að stríða bragðlaukunum, þeir fengu allt sem þeir vildu og filuðu sig í botn.

Eftir mikið át færðist fjör í leikinn. Allir höfðu hátt, töluðu mikið en hlustuðu lítið. Allir voru saddir, góðir og glaðir. Eftir drygklanga stund eða mögulega tvær kom að réttinum sem kenndur er við eftir. Rjómakenndur ís með smátt söxuðum hnetum borinn fram með rjúkandi espressó. Bolla af rjúkandi espressó er hellt yfir ísinn og verður að ómótstæðilegri kaffisósu. Á einu andartaki myndaðist þögn, allir njóta. Saman en þó í sitthvoro lagi. Eftir allar þessar kræsingar fannst okkur enn eitthvað vanta, mögulega punktinn. Rétt hanteraður espressó er punkturinn yfir þetta blessaða í.

Veislan stóð fram á rauða nótt, skrafað og hlegið. Öllu lýkur einhvern tímann og að lokum rann upp sú stund að halda heim á leið. Það eru svona dagar sem munu lifa í minningunni um alla framtíð. Dásamlegar minningar um tíma sem var og kemur aldrei aftur. Það er hverjum manni hollt að einbeita sér að nútíðinni, akkúrat þessari stundu, en á sama tíma er gott að geta yljað sér með góðum minningum úr fortíðinni, fullur tilhlökkunar til þess sem framtíðin ber í skauti sér. ■

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2015

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 309.140 kr.	37,30%
■ Af næstu 527.264 kr.	39,74%
■ Af fjárhæð umfram 836.404 kr.	46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 50.902 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

■ Af fyrstu 71.145* kr.	37,30%
■ Af næstu 121.342 kr.	39,74%
■ Af launum umfram 192.487** kr.	46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $3.709.680/365 \times 7 = 71.145$ ** $10.036.847/365 \times 7 = 192.487$

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2015	20%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2015	1.637.601 kr.

Persónuafsláttur 2015

■ Einn mánuður.....	50.902 kr.
■ Hálfur mánuður.....	25.451 kr.
■ 14 dagar.....	23.429 kr.
■ Ein vika.....	11.714 kr.

Tryggingagjald

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	7,49%
■ Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum	0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

1.000 km, pr. km:	116 kr.
1.001 - 2.000 km:	114 kr.
2.001 - 3.000 km:	112 kr.
3.001 - 4.000 km:	98 kr.
4.001 - 5.000 km:	96 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

■ Almenn skattþrep	24%
■ Sérstakt skattþrep	11%

Barnabætur 2015

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	194.081 kr.
- með börnum umfram eitt	231.019 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	115.825 kr.
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	323.253 kr.
- með börnum umfram eitt	331.593 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	115.825 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

Vaxtabætur 2015

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

■ Hjá einhleypingi	400.000 kr.
■ Hjá einstæðu foreldri	500.000 kr.
■ Hjá hjónum og sambúðarfólki	600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2014

Gildir frá 1. 10. 2014

■ Gisting og fæði í einn sólarhring	24.900 kr.
■ Gisting í einn sólarhring	14.100 kr.
■ Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	10.800 kr.
■ Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.400 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54